

# Ævintýra



# landið

Ferðalag um Ísland 2020







# POTTAGALDRAR VIÐ GRILLIÐ Í SUMAR



Kebab  
kjúklingakrydd

Villijurtir

Eðalsteik-  
og grillkrydd

Best á allt

Víkingaolía  
fyrir naut  
og lamb

Ítölsk  
hvíttauksolía

Grísk kryddolía  
fyrir kjúkling  
og fisk

Piri piri  
kryddolía

Með sjálfbærni og mannúð að leiðarljósi • Engin aukaefni • 100% hrein krydd  
Uppskrift að góðri matargerð



# EKKI KAUPA SCARPA GÖNGUSKÓ

NEMA ÞÚ ÆTLIR ÞÉR AÐ NOTA ÞÁ Í MÖRG ÁR OG HUGSA VEL UM ÞÁ



**RIBELLE OD**  
FRAMTÍÐIN Í GÖNGUSKÓM

Farðu vel  
með  
**náttúruna**  
og njóttu  
hennar








# Ferðir um náttúru Íslands með Útivist

Nú þegar Íslendingar beina ferðum sínum um Ísland er tilvalið að slást í för með Ferðafélaginu Útivist og skoða landið í góðum félagsskap fólks sem býr yfir bæði reynslu og þekkingu. Fjölbreyttar ferðir eru í boði hjá Útivist í sumar. Gönguferðir um hálandið freista margra og er óhætt að segja að Útivist hafi á sinni dagskrá fjölda ferða sem henta vel til að kynna óbyggðum landsins með aðgengilegum hætti.

Þekktustu gönguleiðir landsins eru án nokkurs vafa Laugavegurinn og Fimmvörðuháls. Nú er gott tækifæri til að láta verða að því að fara þessar skemmtilegu gönguleiðir og er hægt að velja úr dagsetningum í ferðaáætlun Útivistar. Í ferðum yfir Fimmvörðuháls er oft gíst í skála félagsins efst á hálsinum og þannig er hægt að taka leiðina í tveimur nokkuð þægilegum áföngum.

Af ferðum á miðhálandinu er vert að nefna fjögurra daga ferð um Dalastíg sem er ný gönguleið á mjög áhuga-verðum slóðum að Fjallabaki. Leiðin býður upp á allt það sem einkennir Fjallabak, en þar er farið um eitt mesta háhitasvæði landins. Gengið er um fáfarnar slóðir vestan við Laugavegin, en gangan endar í Landmannalaugum.

Einnig má nefna sívinsælar leiðir á Skaftártunguafretti. Sveinstindur – Skælingar er skemmtileg gönguleið á þeim slóðum þar sem gíst er í gömlum gangnamannakofum sem Útivist hefur



gert upp á einstaklega skemmtilegan hátt. Þessi gönguleið er tvímælaust ein af perlum hálandisins.

Þá verður ferð um Lónsöræfi þar

sem gengið er frá Eyjabökkum og endað í Lóni. Þetta er svæði sem allir náttúruvinnendur þurfa að kynna. Einnig má nefna gönguferð um Jökulsárgljúfur og þá er í boði ferð um Þjórsárdal þar sem blandað er saman göngu, hollri útiveru og jóga.

Síðast en ekki síst hefjum við nú í þriðja sinn raðgöngu þvert yfir landið frá Langanesi og út á Reykjanestá. Gert er ráð fyrir að ljúka raðgöngunni á fjórum árum, en í þessum fyrsta áfanga verður gengið frá Fonti á Langanesi að Grímsstöðum á Fjöllum.

Hægt er að skoða ítarlegar upplýsingar um ferðirnar og bóka þátttöku á heimasíðu Útivistar.

utivist.is

Útgefandi: Ritform ehf.  
Ritstjóri: Valþór Hlöðversson (ábm).  
Hönnun og umbrot: Guðmundur Þorsteinsson.  
Auglýsingar: Ingibjörg Ágústsdóttir.

Forsíðumynd: Á gönguleið undir Dyrfjallstíndi á leið í Stóruð.  
Ljósmynd: Arngrímur Viðar Ásgeirsson.  
Ísafoldarprentsmiðja - Umhverfissvottun 141 825

Markaðsstofum landslutanna er þökkun aðstoð við vinnslu blaðsins.

Ævintýralandinu er dreift fritt á upplýsingamiðstöðvar ferðamanna og á stöðvum N1 vitt um land.



GARMIN

GARMIN GPS OG inREACH  
SAMSKIPTATÆKNIN  
SKILAR OKKUR HEIM.



FENIX 6  
SPORT- OG ÚTIVISTARÚR MED  
KORTI OG MIKILLI RAFLÖBUEYNDINGU

INREACH MINI  
GERVIHNATTA NEYÐARSENDIR,  
TRACKER OG SAMSKIPTATÆKI

GPSmap 66s  
3" SKJÁR MED FRÁBÆRRI UPPLAUSN  
OG TENGJANLEGT VIÐ SNJALLSÍMA

GARMINBÚÐIN

ÖGURHWARFI 2, 203 KÖPVOGUR | Sími: 577 6000 | GARMIN.IS



## Upplifun undir Dalanna sól Ostar, skyr og kátar kýr!

Þeir sem leið eiga um Dalina þurfa endilega að kíkja við á Rjómabúinu Erpsstöðum en það er fjölskyldufyrirtæki þar sem vel er tekið á móti fólki af ábúendum Þorgrími Einari Guðbjartssyni og Helgu Elínborgu Guðmundsdóttur. Á Erpsstöðum er rekinn hefðbundinn búskapur en á síðari árum hefur starfsemin þróast hratt hvað varðar framleiðslu á skyrri, ostum og rjómaís sem kætir bragðlaukana. Þá eru Erpsstaðir einnig ferðaþjónustubýli sem leggur áherslu á menningartengda ferðaþjónustu, matarupplifun og ýmskonar afþreyingu.

### Ljúffengir ostar og ís

Á Erpsstöðum er gestmóttaka þar sem ferðalangar geta fræðst um landbúnaðinn og lífnaðarhætti í sveitinni og einnig sveitaverslun sem selur vörur fyrirtækisins. Mjólkurkýrnar á Erpsstöðum búa við bestu hugsanlegu aðstæður; ganga út og inn þegar þær vilja yfir sumarið og því hægt að segja að þær leiki við hvurn sinn fingur eins og skáldið komst að orði. Undir sama þaki framleiða bændurnir afurðir sínar af kostgæfni með það að markmiðið að opna nýjar víddir í upplifun á mjólkurafurðum.

Fyrsta sumarið eftir stofnun Rjómabúsins var einungis seldur ís beint frá býli á Erpsstöðum en frá því veturinn 2009–2010 hafa ábúendur stöðugt aukið við framleiðsluna. Í dag framleiðir Rjómabúið gamaldags skyr, ýmsar tegundir af ostum og fjölbreytt úrval af rjómaísnum Kjaftæði, kex, sultur, sýróp og drykki, m.a. islandus mysudrykk, sem hlotið hefur mikið lof matgæðinga, allt unnið úr íslensku



- Rjómabúið Erpsstöðum er að verða með vinsælustu áningarstöðum barnafólks á ferð þeirra um Vesturland.



- Í dag framleiðir Rjómabúið m.a. gamaldags skyr og ýmsar tegundir af ostum.

hræfni. Einnig er þar framleitt skyrkonfekt sem þróað var í samvinnu við nemendur í hönnun við Listaháskóla Íslands og Matís í verkefninu „Stefnumót hönnuða og bænda“ sem var í gangi um 2010–2012.

### Skýrsýning og skyrbar

Á Erpsstöðum er að finna afar áhuga-verða sögusýningu um hefðbundna íslenska skyrri en verkefnið var unnið í samstarfi við Matís út frá hugmyndafræði ÉCONOMUSÉE®, samtaka handverksfyrirtækja sem viðurkennd eru fyrir gæði sín og sérstöðu. Partur af skýrsýningunni er að bragða á skyrinu en það er borið fram án nokkurs viðbættis bragðefnis eða sætuefna. Gestum gefst síðan kostur á að bæta við úrvali af bragðefnum, sem framleidd



- Sveitaverslunin á Erpsstöðum er með afurðir búsinis á boðstólum.

er á staðnum, m.a. fíflasýrópi, rabbarbarsýrópi og nokkrum tegundum af sultum.

Erpsstaðir eru að verða með vinsælustu áningarstöðum barnafólks á ferð þeirra um Vesturland eða á leiðinni á Vestfirði. Þar býðst gestum að skoða fjósið, kýrnar og kálfana ásamt ýmsum smádyrum, kaninum, hænum, gæsnum og tveimur grísum, en þeir eru að mestu aldir upp á osta- og skyrmysu sem fellur til við framleiðsluna hjá Rjómabúinu. Það verður enginn svikinn af að stoppa um stund á Erpsstöðum.

Facebook.com/rjómabúið





# Ég fer á fjöll



**FERÐAFÉLAG ÍSLANDS**  
[www.fi.is](http://www.fi.is)

## Brot af því besta á Vesturlandi

### Kraumandi Deildartunguhver




Deildartunguhver er í Reykholtssdal og er hann vatns- mestri hver Evrópu. Úr hverunum koma 180 l af u.þ.b. 100° heitu vatni á sekúndu. Vatni er dælt til Borgarness og Akraness og það einnig nýtt í náttúrulegar Kraumu.

### Eiríksstaðir í Haukadal

Eiríksstaðir í Haukadal voru heimili Eiríks rauða og konu hans Þjóðhildar og fæðingarstaður Leifs heppna. Í bænum er lifandi starfsemi og fólk, klætt að fornum sið, fræðir gesti.

### Hæsti foss Íslands



Glymur er hæsti foss landsins. Hann er í Botnsdal innst í Hvalfirði og er fallhæð hans 198 metrar. Gönguferð að fossinum Glym tekur á bilinu 3-4 klukkustundir.

### Reykholt

Reykholt er höfðingjasetur í Borgarfirði og þar er sagan við hvert fótímál. Þar bjó Snorri Sturluson skáld og stjórnmálamaður. Í Reykholti er Snorrastofa, safn og rannsóknarstofnun um Snorra Sturluson.

### Breiðafjörður

Breiðafjörður er einstakur fyrir margra hluta sakir. Þar er mikið fuglalíf, selir sjást víða og fjöruborðið iðar af lífi. Vinsælt er að fara út í eyjuna Flatey.

# Skelltu þér í sund í Borgarfirði!

Sundlaugarnar í Borgarfirði  
bjóða ykkur velkomin í sumar

### Allt til alls:

- frábærar laugar
- heitir pottar
- vatnsrennibrautir
- saunaböð
- heilsuræktar-  
stöðvar

Sundlaugin Borgarnesi, sími 433 7140  
Sundlaugin Kleppjárnsreykjum, sími 435 1140  
Sundlaugin Varmalandi, sími 437 1401

[www.borgarbyggd.is](http://www.borgarbyggd.is)





  VisitAkranes



Velkomin  
til Akraness



bara 40 mín  
akstur frá Reykjavík



Opið allt árið um kring  
 +354 433 1100

 Gudlaug.NaturalPool  
 Gudlaug.NaturalPool

# GUÐLAUG NÁTTÚRULAUG



## Hótel Húsafell

# Lúxus í einstakri náttúru



■ Gönguferð í Giljaböðin er góður kostur til afþreyingar.



■ Það er notalegt að sitja við arineldinn og njóta útsýnisins.

Húsafell og svæðið allt í kring er staður sem engan lætur ósnortinn. Veðursældin, skógurinn, heitar laugar og sú aðstaða og þjónusta fyrir ferðamenn, sem komið hefur verið upp á undanförunum árum, laðar til sín fjölda ferðamanna og dvalargesta á hverju ári. Allt í kring tróna jöklarnir Ok, Langjökull og Eiríksjökull. Húsafell er því oft nefnd perlan milli hrauns og jökla.

### Fjórir hótelpakkar

Á Húsafelli reis fyrir nokkrum árum stórglæsilegt 48 herbergja hótél sem enginn verður svikinn af að sækja heim. Við hönnun hússins og byggingu var sérstök áhersla lögð á að það félli sem best inn í sitt náttúrulega umhverfi og hefur það svo sannarlega tekist. Hótel Húsafell er fyrsta hótelið á Norðurlöndum sem hlotnast sá heiður að vera á lista National Geographic yfir „Unique Lodges“ í heiminum. Í sumar býður hótelið upp á fjóra mismunandi gístmöguleika á hagstæðu verði. Öll herbergin eru skreytt með málverkum eftir Pál Guðmundsson, listamann á Húsafelli.

### Sund og Giljaböð

Í Húsafelli er margvísleg afþreying í boði. Gamla góða sundlaugin er opin öllum eins og alltaf en hún var byggð árið 1965 en síðan þá hafa margvíslegar endurbætur verið gerðar á lauginni og umhverfi hennar. Laugarnar eru tvær og að auki tveir heitir pottar og vatnsrennibraut.



■ Hótel Húsafell er einstakt hótél í einstakri náttúru.



■ Í sumar býður Hótel Húsafell upp á fjóra mismunandi hótelpakka.

Frá Húsafelli er einnig boðið upp á 1,5 km langa gönguferð í svokölluð Giljaböð sem er einstök upplifun í heitum pottum. Ferðin hefst í afþreyingarmiðstöðinni Húsafelli og er gengið upp með Deildargili að útsýnispalli sem

gefur fallegt sjónarhorn á Langafoss. Þaðan er farið um fallegan skógarstíg að Hringsgili þar sem gengið er niður tröppur að böðunum. Ferðin tekur tæpar tvær klukkustundir.

### Draumaland göngumannsins

Húsafell má hiklaust kalla draumaland göngumannsins. Allt um kring eru heillandi gönguleiðir fyrir alla fjölskylduna um skóginn og einnig eru áhuga-verðar leiðir fyrir þá sem vilja sækja á brattann. Hestamenn og hjólreiðamenn finna líka spennandi leiðir fyrir sig. Á Húsafelli má svo nálgast gönguleiðakort með merktum gönguleiðum.

.....  
[hotelhusafell.is](http://hotelhusafell.is)  
.....



# LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL

## KJARNAÐU ÞIG Í KRAUMA

Í **Krauma náttúruleikum** kemstu í beina snertingu við kjarna íslenskrar náttúru þegar þú baðar þig upp úr hreinu og tæru vatni úr Deildartungu-hveri sem er kælt með vatni undan öxlum Oks.

**Fimm heitar laugar og ein köld** umvefja þig með hreinleika sínum sem er tryggður með miklu vatnsrennsli og engum sótthreinsandi efnum.

Njóttu þín í gufuböðum og útisturtum eða í hvíldarherberginu við snark úr arineldi og fullkomnaðu daginn með notalegri stund á veitingastaðnum okkar sem býður upp á dýrindis rétti úr fersku hráefni úr héraði.

**Láttu líða úr þér. Við erum til staðar allan ársins hring.**



**KRAUMA**

## KJARNAÐU ÞIG Í KRAUMA

 @krauma\_baths  
 kraumageothermal

+354 555 6066 // [krauma.is](http://krauma.is)  
Deildartunguhver, 320 Reykholt

## Kjarni íslenskrar náttúru í Krauma



- Í Krauma er notað heitt vatn úr Deildartunguhver sem er einn öflugasti og vatnsmesti hver í Evrópu.



- Í hvíldarherbergi slaka gestir á eftir að hafa verið í pottunum. Þar er spiluð róleg tónlist og jafnan kveikt á arni í miðju rýmisisins.



- Veitingastaðurinn í Krauma er afskaplega notalegur en gestir geta einnig setið og notið matarins á pallinum utandyra þegar veður er gott.

Krauma – náttúrulegar standa skammt norðan Deildartunguhvers í Borgarfirði. Laugarnar eru sex talsins, fimm með heitu vatni og ein með köldu vatni. „Í laugarnar notum við heitt vatn úr Deildartunguhver sem er einn öflugasti og vatnsmesti hver í Evrópu. Engum sóttthreinsandi efnun er bætt í vatnið, heldur er hreinleiki þess tryggður með mjög miklu vatnsrennsli í laugarnar,“ segir Jónas Friðrik Hjartarson, framkvæmdastjóri Krauma.

### Gufubað og slökun

Náttúruaflið Deildartunguhver spúir upp um 180 lítrum af 100°C heitu vatni á sekúndu en áður en það rennur í laugar Krauma er það kælt niður með tæru vatni undan öxlum Oks. „Þegar

gestir hafa notið dvalar í laugunum geta þeir slakað á í hvíldarherbergi þar sem er spiluð róleg tónlist og jafnan kveikt á arni í miðju rýmisisins. „Þetta hefur vakið mikla lukku hjá okkar gestum; að dvelja í heitri eða kaldri laug eða potti og fara svo í hvíldarherbergið. Þetta er mikill slökunartími.“ Gestir geta einnig farið í gufubað í Krauma en tvö slík eru á staðnum í aðskildum byggingum. Hveravatni er úðað undir timburbekki inni í rýmnum.

### Ferskt hráefni úr héraði

Glæsilegur veitingastaður er í aðalbyggingu Krauma og er lögð áhersla á ferskt hráefni úr nágrenninu. Veitingastaðurinn er afskaplega notalegur og gestir geta einnig setið og notið

matarins á pallinum utandyra þegar veður er gott. „Við hönnun veitingastaðarins var lögð áhersla á að umhverfið fengi að njóta sín og að byggingarnar myndu falla inn í umhverfið,“ segir Jónas Friðrik. Hann bætir við að aðsókn í Krauma sé búin að vera góð frá opnun staðarins.


„Krauma hefur vakið mikla eftirtekt og fengið frábæra dóma kröfuharðra ferðamanna, ekki síst frá útlöndum. Við bjóðum alla velkomna til okkar í sumar, ekki síst Íslendinga sem ætla jú að ferðast innanlands þetta árið. Krauma er sannkölluð upplifun fyrir hvern og einn.“

.....  
[krauma.is](http://krauma.is)  
.....





Fjölbreytt  
og frábær  
skemmtun





Menningarleg  
upplifun

Byggðasafnið  
í Görðum  
Akranesviti



  /VISITAKRANES

Velkomin  
á Akranes




Skemmtileg útivist  
fyrir alla

Guðlaug og sjósund  
Göngu- og hjólaleiðir  
Fjallgöngur á Akrafjall



Eitthvað fyrir  
alla fjölskylduna  
Sund og fjöruferð  
Klifur og golf



## Akranes – Einstök laug í flæðarmáli Langasands



■ Það er unaðslegt að liggja í Guðlaugu og njóta útsýnis yfir sjóinn.



■ Guðlaug er afar vel hannað mannvirki.

Á Akranesi er hægt að baða sig í sjónum og njóta útsýnisins í ótrúlega skemmtilegri heitri laug sem er staðsett í grjóttgarðinum á Langasandi. Laugin nefnist Guðlaug og er á þremur hæðum. Vatnið í Guðlaugu kemur úr einum vatnsmesta hver í Evrópu, Deildartungu- hver. Guðlaug er skilgreind sem náttúruleg/afþreyingarlaug, hún er opin allt árið, það kostar ekkert að dúfa

sér ofan í og búningsklefar eru á staðnum.

Guðlaug samanstendur af útsýnis- palli, heitri laug og grynnri laug sem nýtur vatns úr yfirfalli efri laugarinnar. Útsýni úr lauginni er stórfenglegt, yfir Faxaflóann og til Reykjavíkur. Hæð mannvirkisins er um 6 m yfir sjó á meðal stórstreymisflóði og er gert ráð fyrir því að sjór geti flætt inn í vaðlaugina.

Á sumrin frá 1. maí til 31. ágúst er opið í Guðlaugu mánudaga, þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga frá 12:00-20:00 og á miðvikudögum og laugar- dögum frá 10:00-18:00. Á sunnudögum er opið frá 10:00-20:00. Vakinn er athygli á því að opnunartími getur tekið breytingum og eru gestir laugarinnar hvattir til að fylgjast með upplýsinga- flæði á facebooksiðu Guðlaugar.

## Byggðasafnið í Görðum

# Að fortíð skal hyggja, ef frumlegt skal byggja

Byggðasafnið í Görðum býður gestum einstaka innsýn í líðna tíma en jafn heildstæð sýning er fágæt á landsvísu. Sýningar safnsins eru afar fjölbreyttar, m.a. í nokkrum húsum sem sum hafa verið flutt á svæði safnsins en á safninu eru einnig sérstakt kvikmyndarými og sýningarými fyrir skammtímasýningar. Í sumar sýnir Kolbrún S. Kjarval, bæjar- listamaður Akraness árið 2017, í rýminu.

Í fastasýningu safnsins er fjallað um lífið til sjós, lífið í landi, lífið í vinnu og lífið í leik. Sýningin miðlar fróðleik með fjölbreyttum hætti og má þar nefna ljósmyndir, lifandi myndir, fatnað sem gjarnan má prófa að ógleymdum safnmunum. Hljóðleiðsögn er í boði bæði á íslensku og á ensku og er innifalin í aðgangseyri. Heimsókn á Byggðasafnið í Görðum leikur við öll skilningarvit gesta.

Safnið er opið alla dag vikunnar milli kl. 10-17 til og með 15. september og eftir samkomulagi á öðrum tímum.



■ Í Byggðasafninu í Görðum er m.a. fjallað um lífið til sjós, lífið í landi, lífið í vinnu og lífið í leik.



A scenic view of a volcanic landscape. In the foreground, a stone path leads to a turquoise hot spring pool. To the left, a wooden building with a door is visible. The background shows a dark, rocky hillside under a cloudy sky.

# *Ferðasumarið 2020*

HÓTELGISTING, VEITINGAR OG AFÞREYING

[www.husafell.is](http://www.husafell.is)



## Borgarbyggð

# Alltaf fjör í sundinu

Ein af bestu sundlaugum landsins er í Borgarnesi en þar eru auk frábærrar útisundlaugar vatnsrennibrautir, heitir pottar, vaðlaug, innilaug, eimbað og góð sólbaðsaðstaða. Þeir sem vilja bæta heilsuna með viðveru í Borgarnesi geta einnig keypt sér aðgang að líkamsræktarsal Íþróttamiðstöðvarinnar en öll þessi aðstaða er í hjarta bæjarins.

Einnig má minna á tvær aðrar flottar sundlaugar í Borgarbyggð að Kleppjárnshlíð og Varmalandi en báðar eru útilaugar með heitum pottum og sólbaðsaðstöðu. Þangað er gott að koma og slaka á í notalegu og fögru umhverfi.



[borgarbyggd.is](http://borgarbyggd.is)

■ Sundlaugin í Borgarnesi er með þeim betri á landinu að flestra mati.

## Einstakt útsýni úr Akranesvita



■ Akranesviti var reistur á árunum 1943–1944.

Útsýnið frá toppi Akranesvita er stórfenglegt allan hringinn, allt frá Reykjaneskaga, yfir höfuðborgina, Faxaflóann og út að Snæfellsjökli. Vitinn er notaður undir listarsýningar og ljósmyndasýningar en einnig eru haldnir þar tónleikar enda hljómburðurinn einstakur. Upplýsingamiðstöð er einnig staðsett í vitanum.

Akranesviti er 19,2 m hár og var hann reistur á árunum 1943–1944. Efst á vitanum er efnismikið steinsteyp handrið með rimlum. Í vitanum eru fjögur steinsteyp milligólf og stigar milli hæða. Fyrsti vísir að vita á Akranesi var hins vegar ljóskei á Teigakotslóð sem kveikt var á árið 1891 en árið 1918 var síðan byggður um 10 m hár viti úr

steinsteypu yst á Syðriflós sem stendur enn sem útsýnisturn fyrir almenning.

Akranesviti er opinn frá 1. maí til 15. september daglega frá 10:00 til 18:00. Á veturna er opið þriðjudaga til laugar-daga frá 11:00 til 17:00 og eftir samkomulagi fyrir hópa.



## Bjarnarhöfn við Stykkishólm

# Hákarlinn í allri sinni dýrð

Í Bjarnarhöfn er rekið hákarlasafn, veitingastaður, stærsta hákarlaframleiðsla landsins og einnig er þar gömul bændakirkja sem er með allra elstu kirkjum landsins. Hákarlinn er stór hluti af sögu okkar Íslendinga og er líffræði hans mjög frábrugðin því sem þekktist hjá öðrum dýrum.

Á hákarlasafninu í Bjarnarhöfn er tekið vel á móti fólki. Gestir fá lifandi leiðsögn þar sem verkunin er útskýrð og einnig er farið yfir sögu hákarlsins og líffræði. Fólk býðst einnig að smakka hákarlinn frá Bjarnarhöfn og á staðnum er rekin verslun. Á safninu eru líka margir munir sem áhugavert er að skoða, munir sem hafa tilheyrt fjölskyldunni í gegnum tíðina. Má þá helst nefna hákarlabátinn Síldina sem byggð var árið 1860 og tilheyrði afa núverandi eigenda, Bjarna Jónssyni, sem var sá síðasti hér á landi sem hafði hákarlaveiðar að atvinnu.



■ Í Bjarnarhöfn fá gestir lifandi leiðsögn þar sem hákarlaverkunin er útskýrð.

Í Bjarnarhöfn er stærsta hákarlsframleiðsla landsins. Þar er hákarlinn verkaður að margra alda gömlum sið. Fjölskyldan í Bjarnarhöfn hefur verið tengd hákarlaverkun nær óslitið í a.m.k. 400 ár. Gestum safnsins býðst að sjá framleiðsluna með berum augum með því að heimsækja hákarlahjallinn þar sem hákarlakjötið hangir.

Bjarnarhafnarkirkja var byggð 1856 og er hún ein af fáum kirkjum Íslands sem bera svartan lit. Hún er bænda-



■ Á hákarlasafninu eru margir munir sem áhugavert er að skoða.

kirkja og er vel haldið um hana. Bjarnarhöfn hefur verið kirkjustaður frá 1286 og þó kirkjurnar hafa oft verið endurbýggðar í gegnum aldirnar hefur kirkjan og kirkjugarðurinn alltaf staðið á sama stað. Kirkjuvarðurinn ber þess merki því að þar eru fjölmörg leiði þar sem þúfan stendur enn en allar merkingar löngu horfnar.

.....  
[bjarnarhofn.is](http://bjarnarhofn.is)  
.....

## Opnunartímar í sumar

15. júní til 14. ágúst: Opnið 12-17 en 12-19 föstudag og sunnudag.

15. ágúst - 14. september: Opnið 13-17 en 13-18, föstudag og sunnudag.

Ostar, rjómaís, skyr og aðrar heimagerðar afurðir.

Verið velkomin á Erpsstaði og sjáið dýrin okkar!

Rjómaþúið Erpsstöðum

371 Búðardalur  
Símar 843 0357 og 868 0357  
[erpsstadir.is](http://erpsstadir.is)



## Brot af því besta á Vestfjörðum

### Vigur

Vigur er ein þriggja eyja á Ísafjarðardjúpi og liggur úti fyrir mynni Skötufjarðar og Hestfjarðar. Hún er löng og mjó og dregur nafn af lögun sinni, en orðið vigur merkir spjót. Vaxandi ferðaþjónusta er á eyinni og eru erlendir ferðamenn sífellt tíðari gestir.

### Söfn á Vestfjörðum

Söfn á Vestfjörðum hafa aðdráttarafl. Mörg þeirra eru nokkuð hefðbundin og má þar nefna bóka- lista- og minjasöfn. Önnur eru óhefðbundnari og eru sem dæmi tileinkuð göldrum, skrímslum og ýmsu öðru forvitnilegu.

### Bolafjall

Bolafjall er frábær útsýnisstaður fyrir ofan Bolungarvík og er fjallið einn helsti viðkomustaður ferðamanna á norðanverðum Vestfjörðum. Þaðan er stórbrotið útsýni til Hornstranda og yfir Jökulfirði og Ísafjarðardjúpi.

### Neðstikaupstaður á Ísafirði

Neðstikaupstaður á Ísafirði er þyrping gamalla húsa og þar er Byggðasafn Vestfjarða. Í svokölluðu Turnhúsi hefur verið sett upp sýning á sjóminjum og utan við safnið er fiskreitur, eldsmiðja, slippur og nokkrir bátar. Slippur og nokkrir bátar.

## Eyjarnar á Breiðafirði



■ Húsin í Skáleyjum standa enn og eru nýtt yfir sumartímann.

Á Breiðafirði er fjöldi eyja og skerja og er stundum fullt að þær séu óteljandi. Flest eru skerin innst í firðinum og þar er mikið fuglalíf, selir sjást víða og fjörborðið iðar af lífi. Í gegnum aldirnar hefur lífríki svæðisins verið mikil matarkista fyrir Breiðfirðinga og sterk hefð er fyrir eggjatínslu og öðrum nytjum. Svæðið dregur að fjöldann allan af ferðamönnum sem vilja upplifa kyrrð náttúrunnar og njóta fjölbreytninnar í umhverfinu.

Heimkynni hafarnarins er á þessu svæði en þar er talið að um 2/3 hlutar

Íslenska arnarstofnsins haldi sig. Óðul arnanna eru víðáttumikil og gjarnan má fylgjast með þessum konungi fuglanna hníta hringi í háloftunum yfir hreiðri sínu.

Víða úr Dölum er stórfenglegt útsýni yfir Breiðafjarðareyjarnar, en þó líklega hvergi fegurra en af Hálsleiti á Skógarströnd og af Klofningi. Víða eru eyjarnar þétt saman og mynda eyjaklasa sem hafa fengið sér nöfn eins og Skáleyjar, Svefneyjar, Bjarnareyjar, Rifgirðingar og Garðeyjar.

## Stærsta fuglabjarg Evrópu



■ Látrabjarg er náttúruundur og sannkölluð matarkista.

Þeir sem eiga leið um Vestfirði í sumar mega ekki láta hjá líða að koma við á Látrabjargi sem er stærsta fuglabjarg Evrópu. Hrikaleiki bjargsins er ótrúlegur og ekki annað hægt en að heillast af fuglalífínu og bjarginu sjálfu sem mótast hefur af veðrum og vindum í milljónir ára.

Látrabjarg er um 14 km á lengd og

liggur það frá Bjargtöngum í vestri að Keflavík í austri. Hæst liggur það í yfir 440 m hæð þar sem heitir Heiðnakinn en víðast hvar annars staðar er það um og yfir 300 m hátt. Milljónir sjófugla verpa og lífa í bjarginu yfir sumartímann og um aldir hafa bændur sem eiga jarðir að bjarginu haft af því miklar nytjar.







# Velkomin á Hotel West

- Frábær staðsetning og vinalæg þjónusta.
- Þægileg, nýuppgerð herbergi í sögufrægu húsi.
- Stórkostlegar náttúruperlur á svæðinu.

**Hotel WEST**

Aðalstræti 62 - 450 Patreksfjörður

Sími 456 5020 & 892 3414

[www.hotelwest.is](http://www.hotelwest.is) - [stay@hotelwest.is](mailto:stay@hotelwest.is) - GPS N65° 35' 43.322" W23° 59' 7.448"

## Heilsulind á Ströndum



■ Á aldeilis frábærum veitingastað Hótel Laugarhóls má gæða sér á bragðgóðum mat úr héraðinu í bland við framandi rétti.

Hótel Laugarhóll er fjölskyldurekið gistihús í Bjarnarfirði, gróðursælum dal á Ströndum, miðja vegin milli Ísafjarðar og Reykjavíkur. Boðið er upp á gistingu í eins, tveggja og þriggja manna herbergjum með eða án sér snyrtingar. Einnig er tekið á móti hópum, allt að 40 manns, í uppþúin rúm.

Á Laugarhóli er heimilislegur

veitingastaður, notaleg setustofa með ókeypis nettingu, íþróttasalur, ylvog sundlaug og heitur náttúru-pottur. Skammt frá er tjaldsvæði með rennandi vatni og salernum. Hótel Laugarhóll er opið frá 1. maí til 30. september. Þess utan er hægt að leigja hótelið fyrir áðurnefnda starfsemi.

Strandir hafa löngum verið kenndar

við galdra og í Bjarnarfirði bjó Svanur galdramaður á Svanshóli sem getið er í upphafskafli Njálu. Kotbúgli kuklarans er annar áfangi Galdrasafnsins á Hólmavík og stendur á Klúkujörðinni við hlið Gvendarlaugar hins góða.

## Unaðsleg laug við Flókalund

Hellulaug er ein af fjölmörgum heitum laugum Vestfjarða en hún er 400-500 metrum innan við þjónustumiðstöðina að Flókalundi. Ekið er niður að lauginni af þjóðveginum og er þar stórt afmarkað bílastæði. Laugin er staðsett neðan við barðið í fjöruborðinu. Betra er að ganga niður að lauginni að austanverðu.

Ekki er búningsaðstaða við Hellulaug en hægt er vað leggja frá sér fötin á klappirnar. Laugin er í gjótu eða vík inn í klappirnar og hefur verið grjóthlaðið og steyppt fyrir vikina og þannig mynduð 3x4 metra laug sem er um 60 sentímetra að dýpt, með 38 gráðu vatnshita. Í lauginni er finn malarbotn og gruggast laugin lítið við notkun. Starfsfólk Flókalundar hefur umsjón með lauginni en hún er friðuð eins og eyjar og fjörur Breiðafjarðar frá árinu 1995. Ekkert kostar að dýfa sér ofaní.



■ Hellulaug er 38°C heit og þar er gott að láta ferðapreytuna líða úr sér.



# Gönguferðin þín er á **utivist.is**



[www.utivist.is](http://www.utivist.is)

**Ætlar þú að ferðast um náttúru Íslands í sumar?**

Þá áttu samleið með okkur.

- Fimmvörðuháls
- Strútsstígur
- Básar á Goðalandi
- Laugavegurinn
- Sveinstindur - Skælingar
- Dalastígur

Opið alla virka daga kl. 12-17



**ÚTIVIST**

Laugavegi 178 - 105 Reykjavík - Sími 562 1000 - [utivist@utivist.is](mailto:utivist@utivist.is)



## Í sumarfríinu á Hotel West!



- Hotel West er í uppgerðu húsi með gamalli sál á besta stað á Patreksfirði.



- Herbergin eru nýuppgerð, stílhrein og falleg.



- Frá hótelinu er fallegt að horfa yfir fjörðinn.

Á Patreksfirði er fjölskylduhótelid Hotel West sem býður upp á fyrsta flokks þjónustu og aðbúnað. Hotel West var sett á laggirnar árið 2014 með það að markmiði að bjóða upp á afslappandi

andrúmsloft fyrir gesti sína þannig að þeim liði sem allra best eftir að hafa notið náttúrunnar allt um kring eða undirbúið sig fyrir næstu upplifun í frábærri náttúru Vestfjarða.

Herbergin á Hotel West eru nýinnréttuð og vel útbúin og úr þeim má njóta frábærs útsýnis yfir fjörðinn eða upp til fjalla. Morgunverðarsalur hótelsins býður einstakt útsýni yfir Patreksfjörð og er lögð áhersla á heilsusamlegan morgunverð. Gestir á Hotel West hafa aðgengi að þráðlausu neti, bæði í almenningsrymum sem og á herbergjum, sér að kostnaðarlausu.

Á Vestfjörðum er einstök náttúru-

fegurð og svæðið er laust við mikinn átroðning ferðamanna. Á Patreksfirði eru íbúar um 700 talsins og þar er fjölbreytt þjónusta við ferðafólk, m.a. góð sundlaug og fjöldi veitingastaða. Í nágrenni Patreksfjarðar má m.a. finna Látrabjarg, stærsta fuglabjarg Evrópu. Skammt undan er einn fegursti foss Íslands, Dynjandi og ekki má gleyma Hellulaug sem er mikil upplifun að heimsækja.

Semsagt sumarfrí af bestu gerð – fyrir vestan!

[hotelwest.is](http://hotelwest.is)







# FEEEL NATURE\*



## MERINO WOOL

Við höfum öll okkar náttúrulegu hæfileika.  
Merino línan okkar er náttúrulega lyktarlaus,  
hnökralaus og hlý.

Buff® is a registered trademark, property of Original Buff, S.A. (Spain)

\*NJÓTTU NÁTTÚRUNNAR

BUFF® FÆST Í ÖLLUM BETRI ÚTIVISTARVERSLUNUM LANDSINS



■ Allt til alls í húsbílnum. Hægt er að skipuleggja ferðalagið og fá tilboð í leigu á bílum.

## Leigðu þér húsbíl í sumar!

Einn af góðum valkostum í sumarferðalagið um Ísland 2020 er að taka ferða- eða húsbíl á leigu. Bílaleiga Akureyrar býður úrval slíkra til leigu í sumar, allt eftir því hvað hentar hverjum og einum viðskiptavini. Til að auðvelda viðskiptavinum valið eru ferða- og húsbílar fyrirtækisins kynntir á vefsíðunni husbilaleiga.is og síðan er hægt að senda fyrirspurnir með óskum um bíl, ferðatíma, áætlaðan akstur og fá til baka tilboð í leiguna.

Í boði eru allt frá sérútbúnum litlum ferðabílum með svefnrými fyrir tvo upp í húsbíl í lúxusútgáfu með svefnaðstöðu fyrir allt að fimm manns. Í stærri bílunum er ísskápur, vaskur, eldavél, vatnshitari, hitakerfi, sturta, klósett, útileguborð, stólar og margt fleira. Þeim sem hafa frekar hug á að ferðast utan bundins slitlags og fara upp á hálendið stendur einnig til boða að leigja fjórhjóladrifinn jeppa með pallhúsi.

Gerð er krafa um að leigutakar hafi

náð 23 ára aldri og er lágmarksleigutími þrjú sólarhringar. Gefin eru á síðunni husbilaleiga.is dæmi um verð miðað við mismunandi leigutíma og akstur en líkt og áður segir fá leigutakar í hverju tilviki tilboð miðað við þær óskir sem þeir hafa.

.....  
[husbilaleiga.is](http://husbilaleiga.is)  
.....

## VELLÍÐAN - HVERNIG SEM VIÐRAR

Hjá okkur finnur þú mikið úrval af ullarfötum fyrir alla fjölskylduna. Bæði þunnan og þykkun, til að nota sem innsta lag eða millilag. Mikið úrval af ullarsokkum á stóra sem smáa

**GÆÐI OG GOTT VERÐ**

**Ullarkistan**  
ULLARKISTAN.IS

**SKEIFUNNI 3B - LAUGAVEGI 25 - GLERÁRTORGI**





■ Gísli Már Gíslason hóf snemma á öldinni að leiða gönguferðir á vegum Ferðafélagsins um Rauðasand og Látrabjarg og voru farnar ferðir í tíu sumur í röð.

## Árbók Ferðafélags Íslands 2020

# Rauðasandshreppur hinn forni

Þegar vorar spyrja sig margir með óþreyju hvert verði efni næstu Árbókar Ferðafélagsins og aðrir hvort einhvern tímann verði tæmdur sá brunnur sem hún sækir efni sitt í. Það er einfalt að svara báðum spurningum. Ísland er botnlaus brunnur af efni sem getur kveikt í okkur öllum ákafa löngum til að ferðast og fræðast um staði og stundir í

horfnum tíma. Rauðasandshreppur hinn forni er viðfangsefni Árbókarinnar í þetta skiptið. Bókinni hefur þegar verið dreift til um 7000 félagsmanna FÍ sem hafa greitt árgjaldið.

„Ég hef þekkt Rauðasandshrepp hinn forna búсна vel frá því ég var barn,“ segir Gísli Már Gíslason, sem er annar höfunda bókarinnar. „Mér var komið í

fóstur hjá afa og ömmu í föðurétt á Hvallátrum þegar ég var þriggja ára ásamt systur minni vegna veikinda móður okkar. Við vorum fyrst í tvö ár og síðan hvert sumar næstu átta árin. Eftir það kom ég til skemmri dvalar tvö sumur að hjálpa til við heyskapinn.“

---

## Ferðaáætlun FÍ 2020

# Með flugnasuð og sumar í svertunni

Þeir eru margir sem bíða eftir Ferðaáætlun FÍ ár hvert enda á þetta litla rit staði í hjörtum margra. Þetta er ritið sem ófáir handfjatla í vetrarhríðum á endalausum skammdegismorgnum og láta sig dreyma um sumar og sól, eða súldarvott kannski og svartalogn og svefnpoka og tjald og prímus og kvak í lóu eða vellandi spóa út í múrarspildu. Þetta er ritið sem kemur eiginlega með flugnasuð og sumarið í prentsvertunni.

„Við höfum úti allar klær, eða réttara sagt göngum um með skósíð eyru og hlustum á fólk,“ segir formaður ferðanefndar Sigrún Valbergsdóttir og hlær þegar hún er spurð um hvernig farið sé að því að safna öllum þessum ferðum saman í einn ritling. Hann er samt ekkert minna en lunginn úr starfi

FÍ yfir heilt almanaksár, vetur, sumar, vor og haust.

„Auðvitað eru alltaf vinsælar ferðir inni í áætluninni ár eftir ár vegna þess að eftirspurnin er stöðug og hálendis-skálar félagsins eru vel í sveit settir fyrir sígildar hálendisferðir. En síðan komast landshlutar tímabundið í tísku vegna þess að mikið er um þá fjallað. Nýjar bækur sem lista upp gönguleiðir á svæðum, sem ekki hefur mikið verið sinnt, eru hafðar til hliðsjónar við skipulagið. En fyrst og fremst er það traustur hópur hugmyndaríkra fararstjóra sem gjörþekkir sínar slóðir og getur leitt fólk um þær sem eru kjölfestan í áætlunargerðinni.“



■ Sigrún Valbergsdóttir er formaður ferðanefndar FÍ.



■ Í friðlandinu verpa yfir 30 tegundir fugla sem gerir svæðið að kjörlandi fuglaskoðunarfólks.

## Friðland Svarfdæla – einstakt náttúrufar

Friðland Svarfdæla í Svarfaðardal er um 540 ha. að stærð, eða um 8 ferkílómetra, votlendissvæði beggja vegna Svarfaðardalsár, neðan frá sjó og fram að Húsabakkaskóla. Svæðið var friðlýst að frumkvæði landeigenda árið 1972 og er elsta votlendisfriðland landsins. Náttúrufar svæðisins skapar kjörlandi fyrir hinar ýmsu fuglategundir en viðáttumikið landflæmið skiptist í þurra árbakka og blautar múrur með starflóum, síkjum og gróðursælum seftjörnum.

### Göngustígar og fuglaskoðunarhús

Frá Húsabakka er búið að leggja merktar, auðfarnar gönguleiðir um

hluta friðlandsins þar sem hægt er að sjá upplýsingar um fugla og gróðurfar. Þar er einnig búið að setja niður fuglaskoðunarhús og flotbrýr til að auðvelda umferð um svæðið. Göngubrú liggur af svæðinu yfir Svarfaðardalsá og tengir saman friðlandið og Hánefstaðarreit sem er skógreitur með skógarstígum og áningarstöðum.

Auk þess að ganga um friðlandið frá Húsabakka er einnig hægt að ganga merktan stíg frá Olís á Dalvík, stíg sem liggur umhverfis svokallaðan Hríshöfða við Hrísatjörn í mynni Svarfaðardals, en þar er einnig að finna skilti með upplýsingum um fugla og gróðurfar auk fuglaskoðunarhúss.

## Gönguleiðir á Tröllaskaga

Margar góðar gönguleiðir eru í Dalvíkurbyggð enda sveitarfélagið staðsett á Tröllaskaganum sem er stærsta samfellda fjallasvæði landsins. Svæðið er kjörlandi fyrir göngufólk þar sem allir ættu að geta fundið leiðir við sitt hæfi, hvort sem menn vilja ganga á láglandi um Friðland Svarfdæla, klífa fjöll eða ganga fornar þjóðleiðir á milli byggðalaga.

Hólaskóli hefur gefið út göngukort með fjölmörgun gönguleiðum á Tröllaskaga og mælum við með því að þeir sem hyggi á lengri göngur verði sér út um slíkt kort en það er til dæmis hægt að kaupa á Bókasafni Dalvíkurbyggðar.

Vinsamlegast athugið að það getur verið varasamt og á stundum hættulegt að ferðast um íslenskt fjallandi. Við mælum með því að fólk leiti leiðsagnar hjá fjallaleiðsögumönnum á svæðinu. Síður sem innihalda upplýsingar fyrir göngufólk eru t.d. vedur.is, vegagerdin.is og safetravel.is.

## Byggðasafnið Hvoll fyrir alla fjölskylduna

Byggðasafnið Hvoll á Dalvík er fjölbreytt og skemmtilegt safn fyrir alla fjölskylduna með munum úr byggðarlaginu ásamt sýningum af ýmsum toga. Sýningar tengdar mannlífi og munum og saga þjóðþekkttra Svarfdælinga er meðal þess sem finna má á Byggðasafninu. Það er t.d. gaman að kynna Jóhanni Svarfdælingi, hæsta Íslendingi sem sögur fara af og ekki amalegt að fræðast um Kristján Eldjárn, fyrrum forseta Íslands. Á náttúrugripasafninu er fjöldi íslenskra fugla og spendýra og einstaka gestur úr undirdjúpunum. Þar er líka grasasafn, skeljasafn, eggja- og steinasafn. Frítt fyrir börnin!



■ Byggðasafnið Hvoll geymir ýmsa forvitnilega muni.





**BACCALÁ**  
BAR & RESTAURANT

*Við  
elskum  
sumarið!*

**OPIÐ Í JÚNÍ**  
PRI. – SUN.  
12.00 – 21.00

OPNUM FYRIR HÓPA Á MÁNUDÖGUM  
HAFIÐ SAMBAND!



**SALTFISKUR & FRANSKAR**  
HEFUR ÞÚ SMAKKAÐ ÞENNA ?

**NÝR MATSEÐILL !**  
*hvað má bjóða þér ?*

- HAMBORGARI / KJÚKLINGABORGARI
- SALAT MEÐ KJÚKLINGI EÐA ÁN
- SÚPA HÚSSINS
- PIZZUR
- EFTIRLÆTI SKIPSTJÓRANS
- FISKUR OG FRANSKAR
- SALTFISKUR OG FRANSKAR
- SÉRSTAKIR BARNARÉTTIR



©B&K bjelkibonun.is

BACCALÁ BAR & RESTAURANT – HAUGANESI VIÐ EYJAFJÖRÐ – PANTANIR: 620 1035  
POTTARNIR ERU OPNIR MILLI 8 OG 22 / KALDIR Á NÓTTUNNI – TJALDSVÆÐIÐ ER OPIÐ  
NÁNAR Á EKTAFISKUR.IS

## Hjólað og gengið í Hlíðarfjalli

Hlíðarfjall ofan Akureyrar er æ vinsælla að heimsækja að sumarlagi, sér í lagi eftir að byrjað var að bjóða upp á þá þjónustu að fara upp í 720 metra hæð í fjallinu með stólalýftunni Fjarkanum. Það verður hægt í sumar en lyftan verður opin fjóra daga í viku á tímabilinu frá 2. júlí til 30. ágúst. Lyftan verður opin á fimmtudögum kl. 17-21, föstudögum kl. 16-20, laugardögum kl. 10-18 og sunnudögum kl. 10-16.



■ Flottar leiðir fyrir fjallahjólin er að finna í Hlíðarfjalli.



■ Stólalýftan Fjarkinn í Hlíðarfjalli verður opin fjóra daga í viku í sumar.



Hægt er að velja úr skemmtilegum fjallahjólaleiðum en auk þess eru merktar gönguleiðir fyrir þá sem vilja halda áfram upp á topp Hlíðarfjalls. En


svo má líka láta sér nægja að bregða sér með fjölskyldunni upp með lyftunni í fjallið, njóta útsýnisins yfir Akureyri og Eyjafjörð og fara síðan niður aftur.

**HÓTEL  
VEITINGASTAÐUR  
KAFFI SEL**

Sel - Hótel Mývatn  
**Mývatn ehf.**  
[www.myvatn.is](http://www.myvatn.is)

**VELKOMIN**

Gisting, veitingar, fundaraðstaða, einstök náttúra og fuglalíf



MATSEÐILL 11:30 - 21:00 // KAFFI SEL OPIÐ ALLA DAGA Í SUMAR KL. 10 - 18

**Gistitilboð - Gistitvenna – 2 nætur á verði einnar!**



**SEL - HOTEL MÝVATN & KAFFI SEL**

Skútustaðir, 660 Mývatn - Sími 464 4164 - [myvatn@myvatn.is](mailto:myvatn@myvatn.is)





# AKUREYRI

Það er

*eitthvað*

við hana



[visitakureyri.is](http://visitakureyri.is)





- Síldarminjasafnið á Siglufirði hefur hlotið margs konar verðlaun og viðurkenningar, m.a. Íslensku safnaverðlaunin árið 2000 og Evrópuverðlaun safna árið 2004 sem besta nýja iðnaðarsafn Evrópu.

## Heillandi Síldarminjasafn á Sigló

Síldarminjasafn Íslands á Siglufirði er heill heimur út af fyrir sig og þar er áhugavert að kynnast sögu og menningu staðarins með áherslu á síldina og allt í kringum þann mikla örlagavald Siglufirðinga og Íslendinga allra á 20. öld. Safnið hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar m.a. Íslensku safnaverðlaunin árið 2000 og Evrópuverðlaun safna árið 2004 sem besta nýja iðnaðarsafn Evrópu. Þá hlaut safnið Umhverfisverðlaun Ferðamálastofu 2017.

### Safn um silfur hafnsins

Í þremur ólíkum safnhúsum fá gestir innsýn í hið stórbrotna og heillandi síldarævintýri og kynnast síldveiðum og vinnslu á silfri hafnsins, síldinni. Anita Elefsen safnstjóri segir safnið hafa eflst mjög faglega frá því það opnaði fyrir um aldarfjórðungi og um leið dregið að sér ferðamenn og fróðleiksfúsa í auknum mæli frá ári til árs. „Safnkennsla hefur verið mikilvægur þáttur í starfsemi safnsins og heimsóknir nemenda af öllum skólastigum aukist mikið undanfarin ár. Í safninu okkar er að finna í það minnsta 10.000 gripi, auk þess sem 200.000 ljósmyndir eru varðveittar í ljósmyndasafni Síldarminjasafnsins,“ segir Anita.



- Verkþekking við síldarsöltun er varðveitt með reglulegum uppákomum á planinu við Róaldsbrakka. Þá er sannarlega líf og fjör!

### Um 27.000 gestir á ári

Engum blöðum er um það að fletta að Síldarminjasafnið á Siglufirði er eitt aðalaðdráttarafli ferðamanna til staðarins. Þegar safnið opnaði 1994 voru gestir um 4.000 talsins það árið en á tuttugu og fimm árum hefur þróunin orðið sú að nú eru gestir að jafnaði um 27.000 árlega. Anita segir að með því að byggja á menningararfinum hafi tekist að skapa nýja vídd í menningarlífi

Siglufirðinga og hafa þannig áhrif á þróun og aðdráttarafli bæjarins. „Nú, þegar Íslendingar ætla að ferðast um landið sitt í sumar vil ég nota tækifærið og hvetja alla sem koma til Siglufjarðar að kíkja við á Síldarminjasafninu en við erum með opið frá kl. 10:00-18:00 fram til loka ágústmánaðar.“

.....  
[sild.is](http://sild.is)  
.....



# Sund og laugar á Dalvík

Dalvíkurbyggð rekur glæsilega íþróttamiðstöð með sundlaug og heilsurækt á Dalvík. Þangað er tilvalið að skella sér og þúla aðeins í ræktinni, synda eða slappa af í heitu pottunum. Úr sundlauginni er dásamlegt útsýni inn í Svarfaðardal og upp til fjalla.

Opið sem hér segir:

Mánudaga-fimmtudaga	06:15-20:00
Föstudaga	06:15-19:00
Um helga	09:00-17:00

Á Hauganesi eru svo heitir pottar í Sandvíkurfjörurni. Þar getur þú skellt þér í sjóinn og notið þess svo að kíkja í heitu pottana. Þar er aðstaða til fataskipta og salerni.



■ Á Dalvík er glæsileg íþróttamiðstöð.



# Upplýsingamiðstöð Dalvíkurbyggðar

Upplýsingamiðstöð Dalvíkurbyggðar er í bókasafninu í Bergi menningarhús. Þar er að finna upplýsingar um ferðþjónustu á svæðinu. Netfangið er info@dalvikurbyggd.is, síminn er 846 4908 eða 460 4930. Upplýsingar um ferðþjónustu má einnig finna á www.visittrollaskagi.is

## Sumaropnun

Mánudaga - föstudaga	09:00-17:00
Laugardaga	12:00-17:00

## Vetraropnun

Mánudaga - föstudaga	10:00-17:00
Laugardaga	13:00-16:00

# Brot af því besta á Norðurlandi




## Söfnin á Norðurlandi

Söfnin á Norðurlandi eru af margvíslegu tagi og víða tengd ferðþjónustunni. Dæmi: Textílsafnið á Blönduósi, Síldarminjasafnið á Siglufirði, Byggðasafnið Hvoll á Dalvík, Hvalasafnið á Húsavík og Vesturfarasetrið á Hofsósi.



## Fuglalíf á Norðurlandi

Fuglalíf á Norðurlandi er afar fjölskrúðugt. Víða er góð aðstaða til að fylgjast með fuglum enda kjörlendi þeirra víða, t.d. Mývatnssveit, Svarfaðardalur, Grímsey, Rauðinúpur og Langanes svo einhver séu nefnd.



## Björböðin á Árskógssandi

Björböðin á Árskógssandi eru víðfræg. Það er ekki amalegt að liggja 25 mínútur í baði sem er fyllt af bjór, vatni, humlum og geri. Eftir það tekur við slökun í innhverfri íhugun við lausn lífsgátunnar.

## Sýningin Tónlistarbærinn Akureyri

Akureyri er og hefur löngum verið tónlistarbær. Þeirri merkilegu sögu er nú gerð skil á Minjasafninu á Akureyri þar sem einum sýningarsalnum hefur verið breytt í dansstað eða tónleikastað. Á sýningunni Tónlistarbærinn Akureyri er fjallað á fjölbreyttan hátt um tónlistarlíf bæjarbúa vítt og breitt og kennir þar ýmissa grasa; sumt er vel þekkt, annað kemur skemmtilega á óvart.

Margir þjóðkunnir tónlistarmenn, hljóðfæraleikarar, kórar og hljómsveitir eiga rætur sínar að rekja til Akureyrar og einn af þeim þekktari er Kristján Jóhannsson sem vafalítið er okkar helsti tenórsöngvari síðustu áratugi. Hann kemur vitanlega við sögu á sýningunni sem og t.d. Karla-kórinn Hekla sem var fyrsti kórinn sem fór utan í söngför, hljómsveitirnar Baraflokkurinn og Skriðjöklar eru á sínum stað, Passiukór Roars Kvam sem fyrstur allra flutti Messías eftir Händel í fullri lengd á Íslandi og Magnús Einarsson, fyrsti organisti Akureyrarkirkju, sem var ómenntaður alþýðumaður og hafði ekki annað til brunns að bera en óbilandi ást á söng og annarri tónlist þegar hann



■ Kórstarf hefur löngum verið mikið á Akureyri. Hér eru Gígjurnar á sínum síðustu tónleikum.



■ Hljómsveitin Baraflokkurinn er ein af þekktum Akureyrarhljómsveitum síðari áratuga.

var ráðinn. Sá þekkti tónlistarmaður Ingimar Eydal skipar að sjálfsgöðu sinn sess í sýningunni og þannig mætti lengi, lengi telja.

Sýningin Tónlistarbærinn Akureyri á Minjasafninu á Akureyri er opin daglega frá klukkan 10 til 17.

Ókeypis kaffi með hverjum miða. Á sýningunni er hægt að setjast niður, fá sér kaffibolla, hlusta og lesa veglegt blað sýningarinnar.

[minjasafnid.is](http://minjasafnid.is)

## Verðlækkun á stakri ferð í Vaðlaheiðargöng

### Ekkert aukagjald fyrir aftanívagna

Með nýrri gjaldskrá Vaðlaheiðarganga, sem tók gildi þann 1. júní síðastliðinn, lækkaði veggjald hjá þeim sem aka fólksbíl í gegnum göngin án þess að skrá ökutæki sín fyrirfram á heimasíðunni veggjald.is um 40%, fór úr 2.500 kr. í 1.500 kr. Innheimtan er einföld því að lokinni ferð í gegnum göngin stofnast krafa sjálfvirk í heimabanka hjá eiganda eða umráðamanni ökutækis sem síðan hefur 10 daga til að greiða. Í heimabanka leggst seðilgjald ofan á veggjaldið og því er ennþá ódýrast að borga stakar ferðir á síðunni veggjald.is eða í appi í snjallsímanum. Gjaldskrá fyrir magnkaup á fyrirframkeyptum ferðum fólksbíla er

óbreytt og val er um þrjá slíka pakka, þ.e. 10 ferðir, 40 ferðir eða 100 ferðir en mesti afsláttur fæst fyrir þann síðastnefnda og kostar hver ferð þá 700 kr.

Ekkert aukagjald er fyrir aftanívagna í Vaðlaheiðargöngum og því greiða ferðalangar með hjólhúsi, fellihúsi og tjaldvagna aðeins gjald fyrir ökutækið sjálft.

Vaðlaheiðargöng eru fyrstu jarðgöng hér á landi sem alfarið nota rafrænt og sjálfvirk innheimtukerfi en göngin voru opnuð fyrir umferð laust fyrir júlí árið 2018. Á fyrsta heila rekstrarárinu fóru tæplega 530 þúsund ökutæki um göngin og var umferðin mest í júlí í fyrra þegar rúmlega 78.000 ökutæki



■ Búast má við að margir fari um Vaðlaheiðargöng á næstu mánuðum þegar sumarleyfistími landsmanna mun standa sem hæst.

fóru í gegn. Nánari upplýsingar um verðskrá og greiðsluleiðir er að finna á veggjald.is





# Verið velkomin að Grýtubakka



Hús fyrir fjölskyldur og smærri hópa  
Heitur pottur og fjallasýn  
Notaleg gisting í fögru umhverfi  
Stutt til Grenivíkur og Akureyrar

Grýtubakki 1 | 610 Grenivík  
Sími 846-9699 | olofbr@gmail.com

## Vinsæl sundlaug á Blönduósi



■ Aðstaða er eins og best verður á kosið í sundlauginni á Blönduósi.

Sundlaugin á Blönduósi nýtur mikilla vinsælda enda er öll aðstaða þar til fyrirmyndar. Laugin er áföst íþróttahúsi bæjarins og fylgir aðgangur að heilsurækt þegar farið er í sund. Laugin sjálf er 25 x 8,5 metrar að stærð en þar

eru m.a. tveir heitir pottar, gufa, vaðlaug, tvö ísböð, tvær stórar renni-brautir og mikið af skemmtilegum leiktækjum og leikföngum. Hún er því tilvalin fyrir alla og ekki hvað síst fyrir barnafjölskyldur. Opið er í sundlauginni

á Blönduósi kl. 8-21 virka daga og kl. 10-20 um helgar.

imb.is



## Samgöngu- minjasafnið Ystafelli

**Safnið verður opið út september, alla daga frá 10 fyrir hádegi og til 8 á kvöldin.**

Aðgangseyrir er 1.000 krónur og frítt fyrir yngri en 12 ára.

### Samgönguminjasafnið Ystafelli

Ystafelli 3 - 641 Húsavík  
Sími 464 3133 og 861 1213  
sverririfelli@gmail.com - www.ystafell.is







Fjallabyggð

## VELKOMIN TIL SIGLUFJARÐAR OG ÓLAFSFJARÐAR



- BOTNALEIÐ
- FOSSDALUR
- HÉÐINSFJÖRÐUR
- HREPPSENDASÚLUR
- HVANNDALIR
- HVANNDALABJARG
- MÚLAKOLLA
- RAUÐSKÖRÐ
- SIGLUFJARÐARSKARÐ
- SIGLUNES
- OFL.



## FJÖLMARGAR GÓÐAR GÖNGULEIÐIR Í STÓRBROTINNI NÁTTÚRU



SJÁ GÖNGULEIÐALÝSINGAR  
INN Á [WWW.FJALLABYGGD.IS](http://WWW.FJALLABYGGD.IS)



Samgönguminjasafnið Ystafelli

## Fágætir fornbílar og fleira gott!



- Samgönguminjasafninu áskotnaðist nýlega þessi Ford Fordor árgærd 1934 sem Kristján bílakóngur á Akureyri átti og keypti nýjan til landsins.

Í sumar verða tveir áratugir liðnir frá því Samgönguminjasafnið Ystafelli í Pingeyjarsveit var sett á laggirnar og er það nú orðið að einu stærsta safni landsins um samgöngutæki ýmis konar

og sögu þeirra. Verður haldið upp á afmælið laugardaginn 11. júlí í sumar. Í sýningarhúsnæði safnsins eru nú um 100 ökutæki og eru mörg þeirra afar fágæt.



- Hælisbíllinn er nýuppgerður og einn af djásnum safnsins. Hann var notaður í aðdrætti fyrir Kristneshæli í Eyjafirði á árunum 1948 til 1964.

Í fyrra áskotnaðist safninu bíll sem talinn er elstur hér á landi en það er Ford T árgærd 1914. Hann má því telja eitt af höfuðdjásnum safnsins og vel þess virði að sækja það heim til að berja hann augum. Þá kom þangað nýlega annar glæsibíll, Ford Fordor árgærd 1934 sem Kristján bílakóngur á Akureyri átti og keypti nýjan til landsins. Á safninu á Ystafelli má finna marga aðra fágæta fólksbíla, jeppa, bíla frá stríðsárunum á Íslandi, dráttarvélur, snjóbíl, skriðdreka, vinnuvélur, vörubíla, mótorhjól o.fl. o.fl. Sjón er því sannarlega sögu ríkari og laðar safnið ekki eingöngu til sín innlenda gesti heldur koma ferðamenn og bílaáhugafólk víðs vegar að úr veröldinni í heimsókn í safnið á Ystafelli á hverju ári.

Opið er á Samgönguminjasafninu Ystafelli alla daga til loka september kl. 10-20.



- Ford T árgærd 1914 er talinn elsti bíllinn hér á landi en hann má sjá í Samgöngusafninu á Ystafelli.

## Velkomin til Hríseyjar!

### Hús Hákarla Jörundar

Opið alla daga 1. júní - 31. ágúst frá kl. 13:00-17:00



Í þessu elsta húsi Hríseyjar er búið að koma upp vísí að sýningu sem tengist hákarlaveiðum og sögu eyjarinnar

Þar er einnig hægt að nálgast upplýsingar um eyjuna og hvað hún hefur upp á að bjóða.

Allar nánari upplýsingar á [hrisey@hrisey.net](mailto:hrisey@hrisey.net) og í síma 695-0077 - Heimasíða [www.hrisey.net](http://www.hrisey.net)

[ystafell.is](http://ystafell.is)





# Tónlistarbærinn Akureyri

Opið daglega:

kl. 10-17 1. júní til 31. september / kl. 13-16 1. október til 31. maí



Aðeins kr 2.200



MINJASAFNIÐ  
Á AKUREYRI  
AKUREYRI MUSEUM

Aðalstræti 58, Akureyri • Sími 462 4162 [minjasafnid.is](http://minjasafnid.is)

## Endurnæring að heimsækja Hrísey

Heimsókn til Hríseyjar ætti svo sannarlega að vera á lista ferðafólks í sumar enda er það svolítið eins og að stíga inn í annan heim að koma til eyjunnar. Rólegt og notalegt sjávarþorp, laust við ysin og þysin. Endurnæring á sál og líkama!

„Fólki þykir afskaplega gaman að

heimsækja okkur og ég fæ oft að heyra frá fjölskyldufólki að börnin vilji helst ekki fara í land aftur,“ segir Linda María Ásgeirsdóttir hjá Ferðamálafélagi Hríseyjar en hún veur jafnframt athygli á að fyrir yngstu kynslóðina bættist við afþreyingarmöguleiki nú í vor þegar aðstaða var sett upp fyrir hjólabretti.



■ Hrísey er staður sem vert er að heimasækja, enda aðeins 15 mínútna sigling með ferjunni frá Árs-skógssandi.

**Gönguleiðir og Hákarla-Jörundur**  
Hríseyingar bjóða upp á skemmtilegar gönguleiðir um eyjuna og tilvalið er að fá sér göngu úr þorpinu yfir á austurhluta eyjunnar þar sem eru áningarstaðir og upplýsingaskilti. Þegar komið er austur á eyjuna blasir Látraströndin við með sínum tignarlegu fjöllum en á þessari leið er einnig kjörið að virða fyrir sér fjölbreytt fuglalífið.

Þegar svo aftur er komið til baka úr þessum gönguhring er ekki úr vegi að skoða Hús Hákarla-Jörundar og fræðast um hákarlaveiðar og sögu Hríseyjar. Safnið er opið alla daga í sumar. Þá má einnig bregða sér í sund í sundlauginni þar sem er góð aðstaða fyrir fjölskyldufólk. Í Hrísey er einnig 9 holu frísbíggjvöllur, verslun er opin alla daga sem og veitingastaðurinn Verbúðin 66 og Wave gistiheimilið. Það er rekið í því húsi í þorpinu sem áður var prestsetur.

Hríseyjarferjan gengur á tveggja tíma fresti milli Árskógssands og Hríseyjar frá morgni til kvölds. Siglingin tekur um 15 mínútur.

hrisey.is



■ Gönguferð úr þorpinu yfir á austurhluta eyjunnar er skemmtilegur valkostur fyrir þá sem heimsækja hana. Þar eru áningarstaðir og upplýsingaskilti.



### Sundlaug - Íþróttahús - Þreksalur

#### Sumaropnun

frá 1. júní

Virka daga

8:00 - 21:00

laugardaga og sunnudaga

10:00 - 20:00

#### Vetraropnun

frá 20 ágúst

Þriðjudaga og fimmtudaga: 07:45 - 21:00

Mánudaga og miðvikudaga: 06:30 - 21:00

Föstudaga: 06:30 - 17:00

Laugardaga: 10:00 - 16:00

sunnudaga: lokað

Athugið:

- Hætt er að hleypa ofan í sundlaugina 30 mín. fyrir lokun.



[www.imb.is](http://www.imb.is)

Sími: 452-4178





Fjallabyggð



STÓRKOSTLEG NÁTTÚRFEÐURÐ  
EINSTAKAR GÖNGULEIÐIR  
Í STÓRBROTINI NÁTTÚRU

NÁLÆGÐIN VIÐ NÁTTÚRUNA  
ÁFALLT INNAN SEILINGAR

BLÓMSTRANDI MENNINGARLÍF,  
SÖFN, GALLERÍ OG SETUR

FJALLABYGGD.IS

Welcome to  
Ólafsfjörður

Welcome to  
Siglufjörður





## 3000 metra hækkun í fjallahlaupi!

Fjallahlaupið Súlur Vertical á Akureyri verður laugardaginn 1. ágúst næstkomandi en þetta er fimmta árið í röð sem það er hlaupið. Eins og nafnið bendir til liggur leið hlauparanna í lengri vegalengdunum á Súlur og raunar líka upp á Hlíðarfjall en í boði eru þrjár vegalengdir, þ.e. 18 km, 28 km og nú í ár bætist við 55 kílómetra leið. Það hlaup er með 3000 metra hækkun og gefur þrjá ITRA punkta.

Endamark hlauparanna er á Ráðhústorgi í miðbæ Akureyrar og skapast mikil steming þegar þeir koma í mark. Þessi viðburður hefur stöðugt vaxið að umfangi og er meðal fárra árlegra viðburða á landinu sem getur haldið sínu striki í sumar, þrátt fyrir sóttvarnartilmæli og takmarkanir á samkomuhaldi.



- Fjallahlaupið Súlur Vertical verður enn fjölbreyttara í ár því í boði er 55 kílómetra hlaup sem mun sannarlega reyna á hlauparana.



## Verið velkomin á Síldarminjasafnið

Opið alla daga vikunnar frá 10-18

Síldarminjasafn Íslands

Snorrögata 10 | 580 Siglufjörður | Sími 467 1604 | safn@sild.is




# Velkomin í Eyjafjarðarsveit

*kyrrð við bæjardyrnar*



[www.esveit.is/velkomin](http://www.esveit.is/velkomin)



## Frábært sumarfrí í Skagafirði

Skagafjörður er kjörinn áfangastaður fyrir ferðamenn enda margt að gera og upplifa fyrir alla fjölskylduna. Sögu- staðir eru við hvert fótímal, söfn, sýningar, afþreying, veitingastaðir, gistingu- og síðast en ekki síst sundlaugarnar. Það má fara í Drang- eyjarferð, ganga á fjöll, fara í reiðtúr, flúðasiglingu eða bara njóta þess að borða góðan mat að hætti Skagfirðinga. Uppskrift að frábæru sumarfrí!

### Sturlungaöld og lundar í sýndarveruleika

Tvær nýjar og áhugaverðar sýningar eru á Sauðárkróki sem byggja á nýjustu tækni. Annars vegar sýndarveruleika- sýningin 1238 þar sem frægustu atburðir Sturlungaaldarinnar, blóðug- asta tímabili Íslandssögunnar, eru sviðsettir í sýndarveruleika.

Hin sýningin, Puffing&Friends, byggir einnig á sýndarveruleika að hluta en hún fjallar um lífsbaráttu lundans í Skagafirði. Þetta er sýning sem ekki á sér hliðstæðu en auk sýndarveruleika er notast við lifandi myndefni af lundanum.

### Heim að Hólum

Hólastaður má ekki láta framhjá sér fara en þar er t.d. sundlaug, tjaldstæði, gisting og veitingaþjónusta. Á Hólum er einnig Sögusetur íslenska hestins og Bjórsetur Íslands auk þess sem vert er að gefa sér góðan tíma til að skoða hina stórmerku Hóladómkirkju.

Ástæða er einnig til að heimsækja Byggðasafnið í Glaumbæ og Viðimýrar- kirkju en þar má á einum stað fá gott yfirlit um menningar- og byggðasögu



■ Byggðasafnið í Glaumbæ er vert að heimsækja.



■ Sturlungaöldin í sýndarveruleika á sýningunni 1238 á Sauðárkróki.

Skagafjarðar og sjá marga merkilega gripi.

### Fjölskylduvænar sundlaugar

Líkt og víðar á landinu eru sundlaugar í Skagafirði meðal fjölsóttari viðkomu- staða ferðamanna á sumrin. Á því sviði hafa þeir úr mörgu að velja og má fyrst

nefna hina rómuðu og margverðlaun- uðu sundlaug á Hofsósi. Í Varmahlíð er einnig fjölskylduvæn og notaleg sundlaug. Góð tjaldstæði eru bæði í Varmahlíð, á Sauðárkróki og á Hólum.

.....  
[visitskagafjordur.is](http://visitskagafjordur.is)  
.....

■ Fjölskyldan nýtur sín í sundlauginni á Hofsósi.



ÍSLENSKT

*gjörir svo vel*

# Svíf þú inn í svefninn

...í rúmi frá okkur!



**RB rúm** | Dalshrauni 8 | Hafnarfirði | Sími 555 0397 | [www.rbrum.is](http://www.rbrum.is) | [rum@rbrum.is](mailto:rum@rbrum.is) | erum á **facebook**

Virka daga opið frá kl 09:00 til kl 18:00 - Laugardaga opið frá kl 10:00 til kl 14:00 - Sunnudaga lokað

## Notaleg gisting við Grenivík



■ Heiti potturinn að Grýtubakka 1 er vinsæll og útsýnið frábært.



■ Í setustofunni á Grýtubakka er gott að slappa af að loknum annasömum degi.

Skammt frá Grenivík er að finna húsið að Grýtubakka 1 en það er rúmgtott, mikið endurnýjað einbýlishús á samnefndri jörð. Húsið, sem hentar vel til gistingar fyrir fjölskyldur eða aðra smærri hópa, er aðeins í 3,5 km fjarlægð frá Grenivík þangað sem hægt er að sækja sér þjónustu, svo sem sundlaug, verslun og veitingahús. Þá tekur aðeins tæpan hálf tíma að aka til Akureyrar, höfuðstaðar Norðurlands.

Húsið að Grýtubakka 1 er búið öllu því sem gerir dvölinna sem notalegasta. Mögulegt er að leigja aðeins jarðhæðina sem er með gistirými fyrir 8 manns en einnig er hægt að leigja neðri hæð og þá er gistirými fyrir allt að 13 manns. Í húsinu er að finna tvö baðherbergi, rúmgtott eldhús með borðbúnaði ásamt öllum helstu tækjum, borðstofu,



í eldhúsi er að finna öll nauðsynleg tæki til matargerðar.



■ Herbergin að Grýtubakka 1 eru vel búin húsgögnum og öðrum búnaði.

sjónvarpshol, heitan pott, grill og uppábúin rúm í öllum svefnherbergjum. Eigendur Grýtubakka 1 leggja áherslu á hreinlæti og virðingu gagnvart eigninni og því eru reykingar og gæludýr ekki leyfð.

Grýtubakkahreppur er falleg og

fríðsæl sveit. Svæðið er sögulegt og skartar fjölbreyttri og fallegri náttúru sem einkennist meðal annars af fjölbreytilegu gróðurfari og miklu fuglalífi. Staðurinn er því paradís fyrir náttúruunnendur hvort sem menn kjósa að fara í gönguferðir, veiðiferðir eða lautaferð með fjölskyldunni og njóta fríðsældarinnar. Meðal fjalla í byggðarlaginu sem ögrandi eru að klífa má nefna Kaldbak, Blámannshatt og Laufáshnjúk. Gömlu byggðirnar á Látraströnd og í Fjörðum hafa að geyma stórkostlega fjallasýn sem vert er að skoða.

grytubakki.is





SKAGAFJÖRÐUR

HEIMILI NORDURSINS



## Ævintýri líkastur!

Skagafjörður býður þér að taka þátt í ævintýri lífs þíns. Hvort sem það er að sigla niður jökulfljót, fara í hestaferð, ganga á fjöll, njóta lífsins í náttúrunni eða nýta þér aðra afþreyingarmöguleika sem Skagafjörður hefur upp á að bjóða.

Saga, söngur, gleði og góður matur er sjaldan langt undan í Skagafirði.

Verið velkomin  
í Skagafjörð



Komdu við eða hafðu samband við Upplýsingamiðstöð ferðamála í Varmahlíð - hún er opin allt árið.

Sími 455 6161, [info@visitskagafjordur.is](mailto:info@visitskagafjordur.is), [visitskagafjordur.is](http://visitskagafjordur.is)

## Hauganes – staðurinn til að heimsækja í sumar



■ Veitingastaðurinn Baccalá bar er opinn alla daga. Matseðillinn er fjölbreyttur en áhersla lögð á glænújfan fisk og saltfiskrétti.



■ Saltfiskpizzan á Baccalá bar hefur slegið í gegn.

Hauganes á Árskógsströnd er staður sem þeir sem leggja leið sína á Eyjafjarðarsvæðið ættu ekki að láta framhjá sér fara. Fáir ef nokkrir staðir við sjávarsíðuna státa af þeirri aðstöðu sem þar stendur til boða; tjaldstæði, fyrsta flokks veitingastaður, hvalaskoðun, sjóstangveiði, heitir pottar í fjörunni, sjósundsmöguleikar, gönguleiðir og fleira. Að baki stærstum hluta þessarar þjónustu stendur Elvar Reykjalín Jóhannesson og fyrirtæki hans á staðnum, Ektafiskur, sem m.a. framleiðir úrvals saltfisk fyrir bæði innanlandmarkað og útflutning.

### Pizza með saltfiski

Veitingastaðurinn Baccalá bar er enda með sérstaka áherslu á saltfiskrétti úr vörum frá Ektafiski. „Við erum alltaf með ferskan og nýja fisk en saltfiskréttirnir eru sérstaklega vinsælir, t.d. djúpsteiktur saltfiskur með frönskum og saltfiskpizzan,“ segir Elvar.

Staðurinn verður opið alla daga kl. 10-21 nú yfir háönn sumarsins.

### Allt til alls

Tjaldstæðið er rúmgott og vel búíð rafmagnstenglum. Þar við hliðina eru fjögur klósett, sturta og heitir pottar í fjörunni, leikvöllur fyrir börnin og að sjálfsögðu er velkomið að fara fram á hafnargarðinn og renna fyrir fisk. Tilvalið er að taka sundsprett í sjónum



■ Hauganes er falin perla í ferðaþjónustunni. Næst á myndinni má sjá pottana í fjörunni og þar við hliðina er tjaldstæðið. Til hægri sér í veitingastaðinn Baccalá bar og vinnsluhús Ektafisks.



■ Heitu pottarnir í fjörunni. Tilvalið að bregða sér í sjóinn og synda.

en þeir sem vilja lengra út á sjóinn geta brugðið sér í hvalaskoðun og sjóstöng með hvalaskoðunarbátnum Niels Jónssyni EA.

„Gestir okkar hafa margir á orði að það sé með ólíkindum hvað þetta litla fallega sjávarþorp okkar hefur að bjóða,“ segir Elvar. „Við erum líka staðsett mjög miðsvæðis við Eyjafjörð og margt um að velja í stuttum ferðum um nágrennabyggðirnar,“ segir Elvar.

.....  
[ektafiskur.is](http://ektafiskur.is)  
.....



# Vaðlaheiðargöng

**Petta þarf ekki að vera flókið**

- keyrðu í gegn og fáðu rúkkun í heimabanka

Athugið að eftirvagna þarf ekki að skrá né borga fyrir sérstaklega



**VEGGJALD.IS**  
VAÐLAHEIÐARGÖNG



Þjónustuver Vaðlaheiðarganga


er opið 10 til 12 og 13 til 15 virka daga



464 1790



veggjald@veggjald.is



**Draumabláir**  
**DAGAR**  
í Dalvíkurbyggð

**Njóttu sumarsins með okkur í Dalvíkurbyggð**

GRÍMSEY  
HÖRSEY  
ÁRSKÖGSSANDUR  
HAUGANES  
DALVÍK  
SVARFADARDALUR  
AKUREYRI >

- GISTIHEIMILI  
HÓTEL / TJALDSVÆÐI
- ÚTIVISTARSVÆÐI  
GÖNGULEIÐIR
- KAFFIHÚS  
VEITINGASTADIR
- HVALASKODUN  
AFDREYING / SÖFN
- SUNDLAUG  
BÖB / POTTAR

## Jarðböðin við Mývatn – Náttúrulind á heimsmælikvarða

Jarðböðin við Mývatn eru í Jarðbaðshólum, um 4 km frá Reykjahlíð en þau voru opnuð sumarið 2004. Sá staður var ekki valinn af handhófi því þar hafa verið stunduð heit jarðböð til heilsubótar allt frá landnámsöld. Jarðböðin eru staður fyrir þá sem njóta þess að vera í beinni snertingu við náttúruna, slaka á og endurnæra líkama og sál. Þau eru sannkölluð náttúrulind á heimsmælikvarða.

### Einstök efnasamsetning

Í Jarðböðunum er boðið upp á náttúruleg fufuböð, baðlón með heitu hveravatni og heitan pott. Nú í vetur var bar settur niður í lónið og er hann hinn glæsilegasti. Öll aðstaða fyrir gesti er góð, búningsklefar með læstum skápum, útiklefar og góðar sturtur.

Hægt er að leigja sundfatnað, handklæði og baðsloppa.

Sjálft baðlónið er manngert og botninn þakinn sandi og fíngerðri möl. Vatnið er mjög steinefnafrítt og basískt og því frábært til böðunar, það hefur jákvæð áhrif á húðvandamál og er silkimjúkt viðkomu. Vatnið er einnig brennisteinsríkt en almennt þekkt og er talið hafa góð áhrif á astma og aðra öndunarfærasjúkdóma. Efnasamsetning vatnsins gerir það að verkum að bakteríur og gróður þrífast ekki og notkun klórs eða annarra sótthreinsiefna er óþörf.

### Kaffi Kvika

Gestir Jarðbaðanna geta sest niður fyrir eða eftir bað og notið léttra

veitinga í opnum og björtum sal. Á sólardögum er upplagt að setjast á útisvæðið, fá sér súpu og salat og njóta góða veðursins.

Á hverjum degi er boðið upp á súpu dagsins ásamt nýbökðu brauði, nýgerðum samlokum, panini, ostaboxum, ávaxtasalati, fersku salati í boxum og hverabrauði með reyktum silungj. Kaffivélin er í gangi allan daginn og í kökukælinum má alltaf finna bakkelsi við hæfi. Einnig er boðið upp á gos, safa, bjór og vín.

Upplýsingar um opnunartíma, verð og fleira má finna á heimasíðunni [jardbodin.is](http://jardbodin.is)

### Jarðböðin við Mývatn

Jarðbaðshólum  
Sími 464-4411

[info@jardbodin.is](mailto:info@jardbodin.is)  
[www.jardbodin.is](http://www.jardbodin.is)  
[#myvatnnaturebaths](https://www.instagram.com/myvatnnaturebaths)  
[#jardbodin](https://www.facebook.com/jardbodin)

Vatnið í Jarðböðunum er steinefnafrítt, basískt og brennisteinsríkt og því frábært til böðunar og heilsubótar.



Kaffi Kvika er notalegt kaffihús sem býður upp á léttu rétti og hægt að snæða utandyra og njóta góða veðursins í Múvatnssveit!



Í Jarðböðunum í Múvatnssveit er auðvelt að vera í beinni snertingu við náttúruna.







- Akureyri, bærinn við Pollinn, á sólríkum sumarmorgni.

## Akureyri til að upplifa og njóta

Akureyrar er einn allra vinsælasti viðkomustaður innlendra ferðamanna, samkvæmt könnunum mörg undanfarin ár. Og ekki að ástæðulausu því fyrir utan veðursældina sem heimamenn telja alltaf vera þá mestu á landinu, hvernig sem viðrar, þá eru valkostir ferðafólks nánast óþrjótandi af upplifunum og afþreyingu hvers konar.

Akureyri státar af mikilli flóru úrvals veitingastaða, verslun hefur löngum verið blómleg með miðbæinn og Glerártorg í broddi fylkingar. Margir hafa á orði að það sé eins og fara til útlanda að heimsækja höfuðstað Norðurlands, versla og njóta matar og menningar.

Í sumar verða úmsir listviðburðir fyrirferðarmiklir en Listasumar á Akureyri er fastur liður í menningardagsskrá bæjarins. Þá verður hátíðin Ein með öllu um Verslunarmannahelgina en með öðru og einfaldara sniði en áður hefur verið. Margar áhugaverðar sýningar eru á Listasafninu á Akureyri þetta sumarið og sérstök sýning á Minjasafninu á Akureyri helguð tónlistarbænum Akureyri.

Gististaðir eru fjölmargir í bænum, stór hótél sem minni gistiheimili. Þeim sem ferðast með ferðavagna og hjólhúsi stendur til boða tjaldsvæði að Hömrum sem er í jaðri útivistarsvæðisins í Kjarnaskógi þar sem eru bæði fjölbreyttar göngu- og hjólaleiðir. Göngu- og hjólaleiðir eru einnig á Glerárdal og í Hlíðarfjalli ofan Akureyrar en það svæði allt nýtur æ meiri vinsælda útivistarfólks.



- Mannlíf í miðbænum á hlýjum sumardeggi.



- Girnilegur réttur á Bryggjunni, sem er einn fjölmargra veitingastaða bæjarins.



- Fáir staðir laða jafn marga gesti Akureyrar að sér og Sundlaug Akureyrar.

Það þarf því ekki að efast um að ferðaþyrstir Íslendingar hafa nóg við að vera, bíta og brenna í sumarleyfinu á Akureyri – að ekki sé talað um eujarnar

tvær sem sveitarfélaginu tilheyra, þ.e. Hrísey og Grímsey. Lifa og njóta!

.....  
[visitakureyri.is](http://visitakureyri.is)  
.....





SLÖKUN  
VELLÍÐAN  
UPPLIFUN

JARÐBÖÐIN VIÐ MÝVATN

[jardbodin.is](http://jardbodin.is)



## Eyjafjarðarsveit hefur margt að bjóða

Hvernig væri að heimsækja Eyjafjarðarsveit í sumar? Eyjafjarðarsveit er 1000 manna sveitarfélag framan Akureyrar sem hefur ferðafólki margt að bjóða, hvort heldur er í útivist, afþreyingu eða matarupplifunum.

Hrafnagilshverfi er þéttbýliskjarni sveitarfélagsins og þar er vinsælt tjaldstæði með góðri aðstöðu og sundlaug með heitum pottum og rennibraut. Í hverfinu er nýr frisbíggolfvöllur, íþróttavöllur og sparkvöllur. Golfvöllur er einnig í sveitarfélaginu.

Útivistarmöguleikar eru einnig óþrjótandi. Af fjölmörgum leiðum í fjalllendi er stærsta áskorunin vafalítið að ganga á hæsta fjallið við Eyjafjörð, Kerlingu, sem er 1538 metra há. Þeir sem frekar kjósa að njóta útivistarinnar á láglandi geta t.d. gengið eða hjólað 12 km nýjan malbikaðan útivistarstig frá Hrafnagilshverfi til Akureyrar.

### Söfn, gisting og kaffihús

Af áhugaverðum stöðum að heimsækja og skoða má nefna Smámunusafn Sverris Hermannssonar í Sólgarði og Hælið við Kristnesspítala sem rammur inn einstaka sögu sjúklinga og starfsfólks á berklahælinu í Kristnesi á sínum tíma. Bæði þessi söfn eru opin alla daga í sumar.

Fjölmargir og skemmtilegir gisti-möguleikar eru í sveitarfélaginu, bæði heimgistingar og stærri gististaðir. Kaffihúsin í fjósunum í Garði og Holtsemi er einnig vert að heimsækja og kaupa



■ Smámunusafn Sverris Hermannssonar hefur algjöra sérstöðu í íslensku safnalórunni.



■ Gestir á Kaffi Kú geta heilsað upp á kúrnar.

bæði heimaframleiðslu í kjöti og ís. Loks má nefna að í jaðri Hrafnagilshverfis er Jólagarðurinn þar sem andi jóllanna ríkir árið um kring.

### Matarstigur og bændamarkaðir

Í ár eru heimamenn í Eyjafjarðarveit að hrinda af stað nýju matartengdu verkefni, Matarstig sem kenndur er við landnámsmanninn Helga magra sem



■ Jólagarðurinn laðar að sér gesti árið um kring. Jól alla daga.

bjó í Kristnesi. Markmiðið er að til verði mataráfangastaður á heimsvísu og strax í sumar verða viðburðir hjá einstökum framleiðendum, auk þess sem haldnir verða reglulegir bændamarkaðir við Hrafnagilsskóla.

Frekari upplýsingar eru á heimasíðu Eyjafjarðarsveitar.

.....  
**esveit.is**  
.....

■ Séð yfir íþróttamannvirkin við Hrafnagilsskóla og tjaldstæðið.





KLETTUR

# Hvern vilt þú dekka?

Ekki gera málamiðlanir þegar kemur að öryggi

- veldu Goodyear



**GOODYEAR**

MADE TO FEEL GOOD.

## Sel-Hotel Mývatn

# Tveir fyrir einn í allt sumar

Sel-Hotel Mývatn á Skútustöðum í Mývatnssveit er vel í sveit sett og er mikilfenglegt útsýni þaðan yfir Skútustaðagíga og einnig suður til fjalla og jökla. Þetta er fjölskyldufyrirtæki þar sem leitast er við að skapa heimilislegt viðmót og umhverfi, þar sem þrjár kynslóðir standa vaktina.

„Hér er að finna 56 herbergi og eru þau öll með baði og salerni. Í hverju herbergi er sími og sjónvarp svo og háhraða þráðlaus nettenging. Hótelid hefur verið í rekstri frá því um aldamót en frá þeim tíma hefur starfsemin þróast og hótelid stækkað, síðast árið 2015 þegar 23 ný herbergi bættust við. Hér eru auk herbergja og gestamóttöku veitingasalir og fundasalur en Sel-Hotel er mjög vel í stakk búið til að sinna ráðstefnum og fundum fyrir stærra eða smærri hópa. Og hingað eru allir alltaf velkomnir sem leið eiga um Mývatnssveit,“ segir Yngvi Ragnar Kristjánsson sem rekur hótelid ásamt konu sinni Ásdísi Erlu Jóhannesdóttur.

### Innviðir styrktir

Yngvi segir að Sel-Hotel Mývatn hafi á liðnum árum tekið á móti miklum fjölda ferðamanna og sumum hafi fundist nóg um fjölda þeirra yfir háannatímamann. „Hins vegar eru aðrir tímar í dag og við reiknum ekki með mörgum erlendum ferðamönnum þetta sumarið en tökum þess í stað vel á móti löndum okkar sem hyggjast ferðast innanlands í sumar. Mývatnssveitin tekur lengi við



■ Sel-Hotel er fjölskylduhótel þar sem þrjár kynslóðir þjóna gestum.

og hér er margt að skoða eins og heimsfrægar náttúruperlur eða fugla sem hér hafa lengri eða skemmri viðdvöl. Sveitin okkar er mjög vel undir það búin að taka við ferðafólki enda hefur hér átt sér stað mikil og góð uppbygging innviða á síðustu árum. Þegar foreldrar mínir voru að byrja hér á okkar uppbyggingu, fyrir tæpum fimmtíu árum, röltu margir ferðamenn eftir kindagötunum sem hér lágu. Í dag er víðast hvar búið að byggja upp og leggja góða göngustíga að helstu náttúruperlum svæðisins. Enn er verið að vinna í þessum verkefnum þótt margt sé óunnið. Allt hefur sinn tíma.“

### Tveir fyrir einn

Á Sel-Hotel Mývatni má finna fjölbreytt

úrval veitinga. Matseðill hússins er í gangi allan daginn til kl 21:00, léttar veitingar eru í boði í móttöku hótelsins svo sem hið vinsæla hverabakaða rúgbrauð með reyktum silungi, heimagerðar kökur og kaffi. Núverið var farið að bjóða upp á pizzur sem jök úrvalið og hafa þær mælst vel fyrir. Þá var bar hótelsins endurnýjaður nú á vordögum og má þar fá fjölbreytt úrval drykkja og kokteila.

„Við erum með sérstök tilboð á gistingu í sumar og bjóðum tvær nætur á verði einnar. Þetta tilboð stendur til 30. september en allar nánari upplýsingar er að finna á vefsíðunni okkar.“

myvatn.is



■ Matsalurinn á Sel-Hotel Mývatn er glæsilegur og girnilegir réttir í boði.



■ Barinn á hótelinu er nýr og hægt að velja úr miklu úrvali hvers konar drykkja.



# OSPREY BAKPOKAR

-EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS!

## Kestrel 38L Göngubakpoki

28.990 kr.

- Lífstíðarábyrgð
- Stillanlegt bak
- Hægt að breyta hliðarströppum í þverfestingar t.d. fyrir snjóþrúgur
- Brjóstól á sleða og með neyðarflautu
- Göngustafa festing
- Hámarksöndun í baki
- Flöskuvasar
- Mjaðmabelti þrengist með því að toga beggja vegna
- Vasi á mjaðmabelti
- Vasi í topploki
- Netavasi með lyklahengju undir topploki
- Hægt að opna á hliðinni
- Netapoki
- Tvískipt hólf
- Lykkja fyrir ísöxi
- Svefnpokaólar



Aether 70L ♂ / Ariel 65L ♀  
Burðarbakpoki

44.990 kr.



Escapist 25L ♂ ♀  
Hjólábakpoki

20.990 kr.



Tempest 30L ♀ / Talon 33L ♂  
Fisléttur alhliða bakpoki

23.990 kr.



Transporter dufflar  
Verð frá:

21.990 kr.



Duro 6L ♂ / Dyna 6L ♀  
Létt hlaupavesti

20.990 kr.

Í vefverslun okkar má finna meira úrval af góðum bakpokum og öllu sem þarf í ævintýri sumarsins!

[ggsport.is](http://ggsport.is)



Klifurbakpokar,  
fjallgöngubakpokar,  
krakkabakpokar,  
hjólábakpokar,  
ferðatöskur,  
dufflar o.fl.

# GG-sport

# Við tökum vel á móti þér um land allt



Á 95 stöðum  
um land allt



Frítt  
**Wi-Fi**  
á völdum N1  
þjónustustöðvum



Við erum með þétt net þjónustustöðva um allt land. Þú finnur hver af þessum **95 stöðvum** er næst þér á [www.n1.is](http://www.n1.is).





## N1 kortið færir þér bæði afslátt og punkta

Sæktu um kortið á [n1.is](http://n1.is) og  
byrjaðu að spara og safna.

## Kaffi & croissant

Þú átt það skilið!

Nesti



## Kjötsúpa

Alltaf góð

Nesti



## Boozt & safar

Gríptu með þér svalandi drykk

Nesti



## Hamborgari & franskar

Sá allra besti

Nesti



ALLA LEIÐ



## Garminbúðin í Ögurhvarfi

# Leiðsögutæki og snjallúr sem geta allt

„Það er satt að segja ótrúlega mikið að gera þessa dagana og greinilegt að landinn er að undirbúa sig til að leggja land undir fót í sumar. Hér í Garminbúðinni eru 7-8 manns við afgreiðslu og allt á haus við að gefa viðskiptavinunum góð ráð og kynna fyrir þeim allt það nýjasta í tækniheiminum. Við erum með frábærar vörur sem nánast selja sig sjálfar; heilsu- og snjallúr í mörgum gerðum, þráðlausar bakkmyndavélar og leiðsögutæki með korti fyrir bíla, göngutæki sem sameinar inReach gervihnattasamskipti og Garmin leiðsögn og margt fleira,“ segir Ríkarður Sigmundsson hjá Garminbúðinni við Ögurhvarf 2 í Kópavogi.

### Öryggistæki í útivistina

Ríkarður nefnir sérstaklega handtæki fyrir útivistarfólk sem koma að góðu gagni þegar GSM sambandið rofnar, t.d. í giljum eða hæðadrögum. „Þá getur verið lífsbjörg í því að vera með lítil og nett GPS tæki sem bíður upp á að geta sent og tekið við skilaboðum um gervihnött í gegnum Iridium kerfið. Garmin tækin byggja á inReach tækninni og tryggja göngumanninum stöðugt samband við viðbragðsaðila í gegnum gervihnött ef eitthvað bregður út af og í þeim eru forhlaðin göngukort af Evrópu sem m.a. sýna hæðarlínur, tinda, almenningsgarða, strandlínur, ár, vötn og fleiri staði. Tækið sendir þér veðurspákort með reglulegu millibili og auðvitað sér það um að skrá inn öll trökk og punkta á gönguleiðinni. Tækin eru af ýmsum gerðum og stærðum og í mismunandi verðflokkum hjá okkur.“

### Fjölhæf tæki í bílinn

Fyrir fólk sem að elskar að ferðast er t.d. Garmin Drive 52 kjörinn ferðafélagi. Tækið er einfalt í notkun og þægilegt er að skoða vegaleiðsögn á stórum og björtum snertiskjá. Hægt er að fá uppfærslur á umferðarstöðu og kortauppfærslur eru í boði fyrir innbyggð kort. Þá er hægt að fá viðvaranir um lokanir á götum og því handhægt að geta sneitt framhá framkvæmdasvæðum eða slysum.

„Fyrir þá sem hyggjast aka um landið í sumar, ekki síst þá sem eru með



■ GPSmap 66i göngutæki með inReach tækni og Marq Adventurer.



■ BC 40 bakkmyndavélin á hjólhúsi og aðra aftanívagna er þarfapíng.

hjólhúsi eða aðra aftanívagna, erum við með þráðlausar myndavélar sem hægt er að festa á aftanívagninn til að tryggja að ökumaðurinn hafi fulla yfirsýn. Myndavélin, sem er knúin tveimur AA

rafhlöðum, þarast þráðlaust við Garmin leiðsögutækið í mælaboðinu eða símann þinn ef því er að skipta.“

.....  
[garminbudin.is](http://garminbudin.is)  
.....



# KJARNAFÆÐI

## Kryddblöndurnar frá Kjarnafæði

...alveg grilluð kryddveisla



[www.kjarnaefedi.is](http://www.kjarnaefedi.is)



# GOTT Á GRILLHÖ Í SUMAR!



## Heiðalamb með berjasósu



Heiðakryddaða lambalærið er einstaklega auðvelt að elda. Hérna er ein einföld og skemmtileg uppskrift af lærinu með berjasósu. Notið 1 stk Heiðalambalæri frá Kjarnafæði.

Heiðakryddaða lambalærið skal steikja í upb. 40-45 mín fyrir hvert kg. Einnig er gott að grilla lærið og hafa þá sömu þunalputtareglu þegar kemur að eldunartíma. Við mælum samt alltaf með að hafa hitamæli við hendina þegar elda skal læri, sérstaklega í fyrstu skiptin. Gott er að miða við að lærið sé á milli 62-70 c í kjarnhita og leyfa því að hvíla í að minnsta kosti 15 mínútur eftir eldun.

### Berjasósa

6 dl. kjötsoð (tilbúið lambasoð ef lærið er grillað annars soð úr skúffunni, vatn og kjötkraftur)  
5-6 ber að eigin vali, (einiber, bláber eða einfaldlega það sem er í boði hverju sinni)  
1 tsk steinselja  
2 dl rjómi  
1 msk hunang  
Salt og pipar

Setjið kjötsoð, ber og steinseljuna saman í pott og sjóðið í 7-8 mín. Bætið í rjóma og hunangi og bragðbætið með salt og pipar. Þykkið sósuna með sósujafnara eða hveitibollu eftir þörf.

Gott er að bera þetta fram með grilluðum sætum kartöflum, og grilluðu grænmeti ásamt gulum baunum.

## Bratwurst með kartöflusalati

Þýsku Bratwurst pylsurnar bragðast einstaklega vel með kartöflusalati. Í þennan rétt notum við 3-4 stk Bratwurst pylsur frá Kjarnafæði.

### Kartöflusalat

6-8 stk kartöflur, hráar (magn eftir stærð)  
4-5 cm biti þúrrulaukur  
1 msk kapers  
1 tsk Franskt sinnep  
2 msk (ólífu)olía  
2 msk hvítvínседik  
Salt og pipar

Kartöflurnar afhýddar og skornar í teninga. Soðnar þar til þær eru mjúkar eða í um það bil 8 mínútur – eiga ekki að sjóða í mauk. Betra að setja smávegis salt í soðvatnið. Pylsurnar steiktar eða grillaðar á meðan. Soðinu hellt af kartöflunum og mesti rakinn látinn gufa upp af þeim. Þúrrulaukurinn saxaður mjög smátt. Olíu, ediki, sinnepi, salti og pipar hrært eða þeytt vel saman. Kartöfluteningunum, söxuðum þúrrulaukunum og kapersnum blandað í skál og leginum úr olíunni, edikinu og sinnepinu hellt þar yfir. Bragðbætt með meira sinnepi, ediki, salti eða pipar ef þess þarf.

„Mér finnst upplagt að breyta svolítið til öðru hvoru og nota til dæmis graslauk eða jafnvel ferskar kryddjurtir í staðinn fyrir þúrruna og í staðinn fyrir kapers má nota til dæmis smátt saxað súrt gærnmeti, relish eða einhvers konar „pickles“ sem fólk líkar bragðið af – eða jafnvel saxað ferskt grænmeti,“ segir Guðrún Jóhannsdóttir höfundur uppskriftarinnar.



## VERÐI YKKUR AÐ GÓÐU!



**Bókaðu sveitagistingum land allt á hey.is**

hey

*Við tökum vel  
á móti þér*



*Upplifun og gisting um allt land*

**hey**  
ÍSLAND



# Kjúklingabringur með læm og rósmarín

## Fyrir 4

800 g kjúklingabringur  
2 msk. Worcester sósa  
1 stk. læmsafi og -bökrur  
1 msk. hunang  
1 msk. Dijon sinnep  
1 msk. saxað ferskt rósmarín (Má nota  
1 tsk. þurrkað)  
1 msk. saxað ferskt timian (Má nota 1  
tsk. þurrkað)  
½ tsk. salt  
Númaláður svartur pipar

Hrærið saman Worcester sósu, læmsafa, læmberki, hunangi, Dijon sinnepi, fersku rósmarín og fersku timian. Skerið örlítið í kjúklingabringurnar og marinerið í einn til tvo tíma. Grillið bringurnar í 20-25 mínútur eða þar til kjúklingurinn er eldaður í gegn.



# Kjúklingaspjót með papriku og rauðlauk

## Fyrir 4

800 g kjúklingabringur  
2 msk. púðursykur  
1 dl sojasósa  
1 msk. saxaður hvítlaukur  
2 msk. appelsínumarmelaði  
½ tsk. salt  
½ tsk. pipar  
¼ tsk. cayenne-pipar  
Paprika 2-3 litir  
Rauðlaukur



Blandið saman púðursykri, sojasósu, hvítlauk, appelsínumarmelaði, salti, pipar og cayenne-pipar. Takið 1/3 af marinerið og setjið til hliðar. Skerið kjúklingabringur í bita í u.þ.b. 2x2 cm. Marinerið í 30-60 mínútur í 2/3 af marinerið. Skerið papriku og rauðlauk í bita. Þræðið á spjót til skiptis kjúklingi, rauðlauk og papriku. Gætið þess að grænmetis-bitarnir verði ekki stærri en kjúklingabitarnir. Grillið spjótin á útigriði í 15-20 mínútur eða þar til kjúklingurinn er eldaður í gegn. Penslið með 1/3 af marinerið meðan grillað er.





# SUMARHÚS OG FERÐALÖG



Sólarrafhlöður og fylgihlutir. 35-315w



LED-Ljós



LED-Perur



Gasskynari m/rafhlöðu  
15 ára ending!



Gas-Vatnshitarar  
11 & 14 lítra



Gas-Hellur



12V vatnsdæla



12V Ísskápar 50, 80, 110 og 139 lítra



Kaffikanna og Vöflujárn  
fyrir Gas



Gas-Ísskápar 52-173 lítra



Gas-Helluborð



Gas-Ofnar



Gas-Eldavélar

 **SKORRI**  
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

# Pottagaldrar – á ferð með þér í sumar!

Pottagaldrar bjóða mikið úrval af kryddi og olíum sem bæta matargerðina. Kryddblöndurnar eru frábærar til að grípa með í ferðalagið enda í handhægum umbúðum. Hér eru tvær blöndur sem við viljum vekja sérstaka athygli á:

## Best á allt

er góð kryddblanda fyrir lambakjöt, nautakjöt, svínakjöt, grænmeti á pönnu og síðast en ekki síst kartöflur. Best á allt allt er stráð beint á



■ Best á allt.



■ Eðalsteik- og grillkrydd.

réttina við grillun eða steikingu.

## Eðalsteik- og grillkrydd

er ljúffengt alhliða krydd á hvítt og rautt kjöt, fisk og grænmeti til steikingar eða grillunar. Þá má nota þessa eðalblöndu í stað salts og pipars með þeim kryddblöndum Pottagaldra sem eru án salts og pipars.

[pottagaldrar.is](http://pottagaldrar.is)



## UPPBYGGJANDI RITMENNASKA

AÐ SKRIFA SIG ÚR SKUGGANUM Í LJÓSIÐ

Námskeið frá fimmtudegi til sunnudags, 9.-12. júlí 2020

**Steinunn Sigurðardóttir leiðbeinir þátttakendum við að nota ritmennsku til þess að byggja sig upp.**

Unnið verður með texta sem þátttakendur skrifa í dvölinni. Leitað verður skapandi skriflegra leiða til þess að tjá erfiðar tilfinningar. Reynt verður að skoða þessa líðan utan frá með textann sem kíki.

Ritmennskuaðferðin, með hópeflinu, er notuð sem tæki til þess að stuðla að betri líðan og skapa uppbyggjandi kraft fyrir þá sem glíma við óyndi, áhyggjur, kvíða.

Á seinni stigum námskeiðs verður áherslan á að þjálfna þátttakendur í að tjá skriflega jákvæðar og uppbyggjandi tilfinningar.

Skráning í síma 4830300  
eða [heilsa@heilsustofnun.is](mailto:heilsa@heilsustofnun.is)

### Innifalið:

Gisting í þrjár nætur, ljúffengur og hollur matur, aðgangur að sundlaugum, baðhúsinu Kjarnalundi og líkamsrækt, hóptímar, fræðsla og slökun.

### Umsjón:

Steinunn Sigurðardóttir rithöfundur.

Verð með gistingu frá fimmtudegi til sunnudags er 59.000 kr. pr. einstakling.



Berum ábyrgð á eigin heilsu

[www.heilsustofnun.is](http://www.heilsustofnun.is)





# BÆDURNIR OKKAR

sem við þekkjum og treystum



Við hjá Ísfugli erum gríðarlega stolt af bændunum okkar. Þess vegna bjóðum við nú mun aðgengilegri og ítarlegri upplýsingar um hver ræktar kjúklinginn hverju sinni.

Þetta er hrein viðbót við s.k. rekjanleikanúmer sem framleiðslan hefur verið merkt með til fjölda ára. Neytendur geta nú auðveldlega séð hvaða Ísfuglsbóndi ræktar kjúklinginn þeirra með límmiða sem er á umbúðunum.







■ Tvær laugar eru við strönd Urriðavatns og tvær fljótandi heitar laugar, svokallaðar Vakir, úti í vatninu sjálfu.



■ Það er unaðslegt að hvíla í heitum laugum Vök baths.

## Vök baths

# Unaðsstaður í Urriðavatni

Vök Baths eru heitar náttúrulegar í Urriðavatni skammt frá Egilsstöðum en þær opnuðu sl. sumar. Laugarnar vöktu strax mikla lukku ferðamanna, bæði erlendra en ekki síður innlendra. Að sögn Heiðar Vigfúsdóttur framkvæmdastjóra dregur staðurinn nafn sitt af vökum sem mynduðust á árum áður í Urriðavatni að vetri og gengu þær undir nafninu Tuskuvakir. Þær sýndu að jarðhiti væri undir botni vatnsins.

### Allt byggt á heita vatninu

„Það má segja að undirstaða þessa verkefnis sé hreina heita vatnið af botni Urriðavatns. Það er afar heilnæmt og eina vottaða heita vatnið til drykkjar hér á landi. Hægt er að bragða á því á teburnum en aðgangur að honum er innifalinn í aðgangsmiðanum. Laugar-

svæðið er tæpir 500 fermetrar, þ.e. tvær laugar við strönd vatnsins og tvær fljótandi heitar laugar, svokallaðar Vakir úti í Urriðavatninu. Auk heitu vakanna erum við hér með gufubað, köld úðagöng, laugarbar og veitingaaðstöðu þar sem áhersla er lögð á heita vatnið og frábært hráefni svæðisins. Sjálfbærni og virðing fyrir umhverfinu er okkur ofarlega í huga og viljum við að það endurspeglist í allri starfsemi Vök Baths. Í rekstrinum leggjum við áherslu á endurvinnslu, hráefni úr heimabyggð, minnkun úrgangs og umbótavinnu í gegnum Vakann, gæðavottunarkerfi ferðaþjónustunnar,“ segir Heiður.

### Veitingar af fjölbreyttu tagi

Þeir sem bregða sér í frábæra aðstöðu Vök Baths þurfa svo sannarlega ekki að

fara svangir að lokinni heilsudvöl þar. Á veitingastaðnum Vök Bistro er boðið upp á léttar veitingar svo sem súpur, sushi, þeytinga, fersk salöt og samlokur sem og fjölbreytt úrval af heimabökuðu brauði. Áhersla er lögð á hráefni úr heimabyggð og er leitast við að kaupa inn lífrænt eins og kostur er. Gott samstarf er við austfirsku bændur til að tryggja ferskt og fyrsta flokks hráefni. Þá býður laugarbar Vök Baths einnig upp á úrval drykkja sem hægt er að njóta á meðan slakað er á í laugunum. Þar á meðal má nefna sérstaka bjóra sem bruggaðir eru úr heita vatninu en þeir nefnast Vökvi og Vaka.

.....  
[vokbaths.is](http://vokbaths.is)  
.....



■ Bygging og laugasvæði Vök Baths fellur mjög vel að umhverfinu. Böðin eru staðsett 500 metra frá þjóðvegi 1, rétt norðvestan Egilsstaða.





# Álfrheimar sveitahótel

Borgarfirði eystra - Sími 861 3677 - info@elftours.is - www.alfheimar.com



**Verið velkomin í gistingu og veitingar í rólegu umhverfi.**

**Gerum tilboð fyrir hópa og stórfjölskylduna**

**Nánari upplýsingar og bókið tilboðsverð á [www.alfheimar.com](http://www.alfheimar.com)**

Fjölskylduvænt hótel í fegursta fjallasal Íslands með 32 herbergi fyrir þig og þína.

Velkomin á Borgarfjörð, höfuðborg lunda, álfa og göngufólks

## LÚXUSGÖNGUFERÐIR



**Veljið ykkar dagsetningu og bjóðið vinum með!**

Um 20 brottfarir í þriggja og fimm daga lúxusgönguferðir með aðsetur á Álfrheimar sveitahótel. Þægilegar göngur um djásnir svæðisins. Stóruör, Breiðuvík, Brúnavík og fleiri dagsferðir. Njótið þjónustu, hótelvistar og leiðsagnar heimamanna um stórbrotið landslag Dyrfjalla og Víknaslóða.

**Sjá nánar og bókið ferð á [www.ferdasumar.is](http://www.ferdasumar.is)**

## Einstakt Safnahús í Neskaupstað



■ Safnahúsið í Neskaupstað.

Í Safnahúsinu í Neskaupstað eru þrjú ólík söfn og sýningar undir sama þaki. Í húsinu er Náttúrugripasafn sem stofnað var árið 1965 en fyrsta sýning þess var sett upp árið 1970 í gagnfræðaskóla bæjarins. Á safninu má sjá flesta íslensku fuglana, auk fjölda flækinga svo og sérstætt fiskasafn með sjaldséðum fiskum, safn skeldýra, steina, skordýra og safn austfirskra plantna. Ýmis villt spendýr má líka sjá á safninu.

### Sjóminjar og myndlist

Í Safnahúsinu í Neskaupstað er einnig sérstakt Sjóminja- og smiðjumunasafn Jósafats Hinrikssonar sem ólst upp á Norðfirði og varð þjóðþekktur fyrir rekstur vélsmiðju sinnar og smíði á búnaði tengdum sjávarútvegi. Á safninu eru áhugaverðir hlutir sem tengjast



■ Myndlistarsafn Norðfirðingsins Tryggva Ólafssonar er í Safnahúsinu.



■ Stjórntæki skipa og báta frá fyrri tíð.



■ Eftirlíking að eldsmiðju Hinriks, föður Jósafats Hinrikssonar, er í safninu.

sjávarútvegi, bátasmiði, járn- og eldsmiði og einnig gömlum atvinnu-háttum á Íslandi. Erfingjar Jósafats afhentu Fjarðabyggð safnið árið 2000 og var það opnað í Neskaupstað tveimur árum síðar.

Þriðja safnið í Safnahúsinu er svo myndlistarsafn Tryggva Ólafssonar sem fæddur var árið 1940 á Norðfirði. Hann stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1960-'61 og við Konunglegu listaakadémiuna í Kaupmannahöfn 1961-'66. Tryggvi er meðal þekktustu myndlistarmanna Íslendinga á síðari árum. Hann lést árið 2019.

fjardabyggd.is







■ Í Skaftfelli er öflugt sýningarhald og gestavinnustofur fyrir listamenn.

## Seyðisfjörður – menning, saga og gestrisni

Litrík, norskættuð timburhúsin frá fyrstu áratugum 20. aldar gera Seyðisfjörð einstakan meðal bæja á Íslandi. Lista- og menningarstarfsemi er blómleg í bænum, sérstaklega yfir sumartímann. Seyðisfjörð er gaman heim að sækja enda kaupstaðurinn rómaður fyrir afslappað andrúmsloft, úrval menningarviðburða, fjölbreytt samfélag og einstaka náttúrufegurð.

### Miðstöð myndlistarinnar

Skaftfell, miðstöð myndlistar, stendur fyrir sýningum árið um kring og þar er m.a. að finna verk eftir hinn kunna listamann Dieter Roth er dvaldi löngum á Seyðisfirði. Hann lést 1998. Í Skaftfelli er öflugt sýningarhald, gestavinnustofur fyrir listamenn og kaffistofa með góðu bókasafni um myndlist. Skaftfell stendur fyrir fjölþættu fræðslustarfi,



■ Seyðfirðingar eiga sér bláa kirkju og sannkallað Regnbogastræti. Sumartónleikarnir Bláa kirkjan fara fram í Seyðisfjarðarkirkju á miðvikudagskvöldum í júlí og fram í ágúst.

jafnt á fjóðungs vísu og á alþjólegum grundvelli.

### Áhugavert tæknisafn

Tækniminjasafn Austurlands á Seyðisfirði er að mestu helgað tímabilinu 1850-1950 er nútímatækni var að ryðja sér til rúms hérlendis. Safnið sýnir hvernig tæknibreytingar á fjölmörgum sviðum, t.d. í véltækni, rafmagni, fjarskiptum, samgöngum og byggingalist, eru samofnar breytingum á lífnaðarháttum og umhverfi.

Við bjóðum alla velkomna til Seyðisfjarðar þar sem listin og menningin blómstrar!

[vistiseydisfjordur.is](http://vistiseydisfjordur.is)

## Frábært tjaldsvæði

Tjaldstæðin á Seyðisfirði voru fyrir skömmu endurnýjuð en þau er að finna í hjarta bæjarins. Þar er vel tekið á móti ferðalöngum hvort heldur þeir eru með tjald, húsbíla, hjólhúsi eða annars konar þak yfir höfuðið meðferðis.

Tjaldsvæðið á Seyðisfirði er rómað fyrir góða þjónustu og hlýlegt umhverfi. Á svæðinu er þjónustuhús með

eldunaraðstöðu fyrir gesti og setustofu. Þar eru einnig sturtur, salerni, þvottavél, þurrkari, borðsalur, frír aðgangur að interneti, útigrill og öll aðstaða fyrir húsbíla, s.s. aðgangur að rafmagni og hreinsiaðstaða fyrir salerni þeirra.



# Komdu AUSTUR í sumar

Á Héraði finnast engir hobbítar... en í góðu föruneyti leynast mörg ævintýri og ekki þarf að ganga í marga hringi til að finna fjölbreytta og góða þjónustu á svæðinu.

[www.visitegilsstadir.is](http://www.visitegilsstadir.is)




ÓNUSTA - ATLAVÍK - GOLFVÖLLUR - SÖFN OG SÝNINGAR - FJÖLSKYLDUVÆNT -

VATNAJÖKULSPIÐGARDUR - TOUR DE ORMURINN - ÁR OG VÖTN - ÚTIVIST - DYRFJÖLL - FARDAGAFOSS - HÓTEL



AUSTURLAND



- STRÚTSFOSS - RJÚKANDI - VEITINGASTADIR - VALLANES - SUNDLAUGAR - VEDURSAÐL

## Fræðsludagskrá Vatnajökulsþjóðgarðs

Vatnajökulsþjóðgarður annast m.a. áningarstaðinn Hengifoss í Fljótsdal sem er einn af vinsælli náttúruperlum á Austurlandi. Hægt er að ganga frá bílastæðinu við þjóðveginn að fossinum á merkri gönguleið sem hentar flestum.

Á tímabilinu 22. júní til 14. ágúst verða í boði fræðslugöngur með leiðsögn upp með Hengifossgili undir heitinu Dropinn holar steininn. Lagt er upp á hverjum morgni kl. 10 frá bílastæðinu og eru göngurnar öllum opnar, þátttakendum að kostnaðarlausu. Gestir fá innsýn í jarðsögu og jarðfræði svæðisins og ýmislegt sem því tengist.

Göngurnar eru liður í fjölbreyttri fræðsludagskrá Vatnajökulsþjóðgarðs sem eru í boði á öllum starfssvæðum þjóðgarðsins, bæði á láglandi og



■ Hengifoss er ein af vinsælustu náttúruperlum á Austurlandi.

hálandi. Á sýningum í gestastofum Vatnajökulsþjóðgarðs; Skaftárstofu, Skaftafellsstofu, Snæfellsstofu, Gljúfrafstofu og Gömlubúð á Höfn er boðið upp á fræðslu og góðar upplýsingar um svæðin. Flestar eru fræðslugöngurnar

með landverði innan við klukkustundar langar og eru gestum að kostnaðarlausu.

[vatnajokulsthjodgardur.is](http://vatnajokulsthjodgardur.is)

## Fljótsdalshérað fyrir göngufólkið

Þeir fjölmörgu sem fara í styttri gönguferðir á ferðalögum sínum um landið hafa úr miklu að velja á Fljótsdalshéraði og auðvelt er að nálgast upplýsingar um góðar gönguleiðir. Þannig eru aðgengilegir ítarlegir bæklingar á heimasíðum bæði Ferðafélags Fljótsdalshéraðs og Hallormsstaðaskógar, sem



og á upplýsingasiðu svæðisins fyrir ferðamenn, [visitegilsstadir.is](http://visitegilsstadir.is). Gönguleiðabæklingur Ferðafélags Fljótsdalshéraðs heitir Perlur Fljótsdalshéraðs og eru þar upplýsingar um 28 sérvaldar gönguleiðir í sveitarfélögunum Fljótsdalshreppi og Fljótsdalshéraði. Það sem fyrir augu ber á þessum leiðum er fjölbreytt, allt frá sjávarsíðunni til innstu dala og upp á hálandið. Til að mynda er í bæklingum að finna gönguleiðina

á fjallið Snæfell, hið tignarlega ein-kennisfjall svæðisins.

Hallormsstaðaskógur er stærstur skóga á Íslandi og á gönguleiðakorti Skógræktarinnar eru 11 gönguleiðir, allt frá 200 metrum upp í 7 kílómetra að lengd. Gönguleiðirnar eru um leið fróðleiksmiðlun um sögu skógarins og þá starfsemi og þjónustu sem þar er.

[visitegilsstadir.is](http://visitegilsstadir.is)

# VISITSEYÐISFJÖRÐUR

Sérstakur, skemmtilegur, skríttinn, listrænn,  
fallegur, opinn, þenkjandi, friðsæll, dásamlegur,  
fyndinn, vinalægur, dularfullur, skapandi

Þú finnur upplýsingar um Seyðisfjörð á vefsíðunni [visitseydisfjordur.com](http://visitseydisfjordur.com)



**Göngu- og gleðivika fyrir alla fjölskylduna**

# Á fætur í Fjarðabyggð

**20.-27. júní 2020.**

**Drífdu þig á fætur  
og taktu þátt í frábærri dagskrá fyrir alla fjölskylduna**

Ný fimm fjöll, göngugarpar, fjölskylduferðir, fjöruferðir, söguferðir, kvöldvökur, sjóræningjapartý, náttúruskóli fyrir yngstu börnin og margt fleira ævintýralega skemmtilegt.

Nánar á [visitfjardabyggd.is](http://visitfjardabyggd.is)

ISLENSKA STAÐS FJA 61937





## Gullhringurinn á Fljótsdalshéraði



■ Horft yfir Lagarfljót og Hallormsstaðaskóg upplýsingaskiltinu við Kífá.

„Ég mæli eindregið með Fljótsdalshringnum og þá er ómissandi að hafa viðkomu í Gestastofu Vatnajökulspjóðgarðs á Skriðuklaustri. Möguleikarnir í skoðunarferðum og útivist eru líka margir þegar farið er upp úr Fljótsdal og fá þannig að kynna broti af því sem hálendið og Vatnajökulspjóðgarður hefur að bjóða. Ég hvet Íslendinga sem ætla að ferðast um landið í sumar eindregið til að koma og njóta þess sem við höfum að bjóða hér á svæðinu,“ segir Agnes Brá Birgisdóttir, þjóðgarðsvörður austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs.

Agnes Brá segir að á hringferð um Fljótsdal sé tilvalið að heimsækja bændurna í Vallanesi, en þar er lífræn ræktun á korni og grænmeti og framleiðsla tilbúinna matvæla. Verslun er í Vallarnesi og gistiþjónusta. Heimsókn í Hallormsstaðaskóg er einnig ómissandi en þar er fjöldi gönguleiða, tjaldstæði í Atlavík, trjásafn og margt fleira við að vera. Ganga að Hengiossi er einnig tilvalinn hluti á þessum hring og

boðið upp á fræðslugöngur með leiðsögn alla daga kl. 10 frá 22. júní til 14. ágúst.

### Sýningar og veitingar á Skriðuklaustri

Litlu innar í Fljótsdal er Snæfellsstofa sem er ein af gestastofum Vatnajökulspjóðgarðs þar sem kjörið er að fá á einum stað yfirlit um gróður, dýralíf og náttúrufar svæðisins. Þekktast er Skriðuklaustur vegna húss rithöfundarins Gunnars Gunnarssonar, sem hann byggði þar árið 1939. Bygging hússins var stórvirki þess tíma og þar rekur nú Stofnun Gunnars Gunnarssonar menningar- og fræðasetur. Þar er m.a. sýning um Gunnar Gunnarsson og önnur um fornleifauppgroft á Skriðuklaustri á árunum 2002-2012 þegar grafnar voru upp rústir Ágústínusarklausturs sem starfaði frá 1493 til síðaskipta 1550. Skriðuklaustur var síðasta klaustrið sem stofnað var í kaþólskum sið og hið eina á Austurlandi. Lítið galleri er einnig í húsinu og

síðast en ekki síst er kaffihúsið Klausturkaffi þar sem lögð er áhersla á hráefni úr héraði.

### Austanvert hálendið heillandi

Innar í Fljótsdal er Óbyggðasetrið þar sem m.a. er sýning um líf í óbyggðum og við jaðar þeirra og upphaf gönguleiða inn á hálendið. En það er einmitt nálægðin við hálendið og möguleikarnir þar sem gerir svæðið heillandi. Agnes Brá vekur athygli á að hægt er að fara á öllum bílum upp úr Fljótsdal og að nýjum fjallaskála í Laugafelli þar sem eru náttúrulaugar, merktar gönguleiðir og gisti- og veitingaþjónusta og að Hálslóni þar sem eru fræðsluskilti og fleira um byggingu Kárahnjúkavirkjunar.

„Á heimasíðu þjóðgarðsins má sækja gönguleiðakort af Snæfellsöræfum og auðvelt að finna áhugaverðar og skemmtilegar fjölskyldugönguleiðir. Það er hægt að aka alveg inn að jökli á smærri jeppum og þar er fræðslugangan „Í faðmi jökla“, ganga á Snæfell sem er hæsta fjalla Íslands utan jökla og einstakt útsýni þaðan yfir austanvert hálendið. Austan í Snæfellinu er skemmtileg stutt gönguleið að Sótavistum, „leiði tröllkarlsins Sóta“. Í Snæfells-skála eru landverðir með upplýsingagjöf og daglegar fræðslugöngur. Gisting og þjónusta er í boði í Snæfells-skála og loks er vert að benda fólki á að keyra niður í Efri-Jökuldal til baka ef farið er á Egilsstaði og líta þá við í hinu fræga Stuðlagili og klára daginn í góðu baði í dásamlegu Vök Baths í Urriðavatni. Þetta er okkar gullni hringur hér fyrir austan,“ segir Agnes Brá.



■ Menningar- og fræðslusetrið Skriðuklaustur. Skylduheimsókn þegar gullhringurinn á svæðinu er farinn.



■ Fjalladrottningin Snæfell, hæsta fjall utan jökla. Það er vel þess virði að gefa sér tíma til að ganga á fjallið og njóta útsýnisins yfir hálendið.





■ Bjartsýn á sumarið. Kári Þorsteins-son og Sólveig Edda Bjarnadóttir reka Nielsen restaurant í elsta húsi Egilsstaða.



■ „Markmið okkar er að auka enn frekar fjölbreytni í veitingaþjónustu hér fyrir austan,“ segir Sólveig Edda.

## Matarupplifun á Nielsen restaurant

Kári Þorsteins-son og Sólveig Edda Bjarnadóttir fluttu fyrir rösku ári frá Reykjavík til Egilsstaða og opnuðu veitingastaðinn Nielsen restaurant í Nielsenhúsi við Tjarnarbraut 1 í hjarta Egilsstaða. Húsið er elsta hús bæjarins, byggt árið 1944 af Dananum Oswald Nielsen.

„Við leggjum upp úr réttum sem eldaðir eru úr því góða hráefni sem við höfum allt í kringum okkur hér í heimabyggð. Markmiðið er að auka enn frekar fjölbreytni í veitingaþjónustu hér fyrir austan,“ segir Sólveig Edda sem er fædd og uppalin á Egilsstöðum og er því flutt í sína heimabyggð á nýjan leik. Kári er hins vegar uppalinn á Hólmavík. Hann hefur hefur mikla reynslu í matreiðslu að baki og var t.d. síðast yfirkokkur á veitingastaðnum Dill í Reykjavík.



■ Hráefni úr héraði er lykillinn í matreiðslunni hjá Kára.

### Klár í sumarið

„Sumarið í fyrra var ágætt þó veðrið hefði mátt vera okkur hliðhollara. Við lokuðum síðan staðnum á rólegasta tímanum í vetur og aftur þegar Covid-tímabilið byrjaði en nýttum þá tímann til að dytta að húsinu, mála og þökuleggja upp á nýtt hér úti fyrir. Síðan höfum við smám saman verið að auka starfsemina núna í byrjun sumars og verðum með opið alla daga í sumar. Verðum með fasta rétti í hádeginu og matseðil á kvöldin,“ segir Sólveig Edda.

### Austfirsk jarðarber, gæsaegg og geitakjöt!

Hvort heldur er í kjöti, fiski eða grænmeti er ekki langt að sækja úrvals hráefni á Austurlandi.

„Við eigum gott samstarf við bændur, stutt að fara niður á firði eftir góðum fiski, villtan fisk fáum við líka á svæðinu, hreindýrakjöt og síðast en ekki síst grænmeti en við búum t.d. svo vel að hafa bændurna í Vallanesi hér í næsta nágrenni með sitt lífræna bygg og grænmeti. Við höfum líka fengið austfirsk jarðarber, gæsaegg, geitakjöt og ýmislegt hér á svæðinu sem ekki sést oft á matseðlum veitingahúsa þannig að við búum vel. Okkar markmið er einfaldlega að elda góðan mat fyrir fólkið hér á svæðinu og höfum í þeim tilgangi líka fengið til okkar gestakokka frá veitingstöðum í Reykjavík í heim-sóknir vetur og það hefur mælst vel fyrir,“ segir Sólveig Edda.

nielsenrestaurant.is

## Brot af því besta á Austurlandi

### Sænautasel á Jökuldalsheiði



Sænautasel á Jökuldalsheiði við samnefnt vatn var endurbýtt í lok síðustu aldar sem góður fulltrúi heiðarbýlanna fyrrum tíð. Í Sænautaseli er boðið upp á hina ýmsu skemmtun og léttar veitingar að þjóðlegum hætti. Opið er alla daga í júní-ágúst.

### Hengifoss



Hengifoss er í norðanverðum Fljótsdal á mótis við innri enda Lagarfljóts. Hann er næsthæsti foss landsins, 128 m hár. Auðvelt er að ganga upp að Hengifossi frá upphafsstað en það tekur um 40-60 mínútur að ganga frá bílastæði að fossinum.



### Hallormsstaðarskógur

Hallormsstaðarskógur er víðáttumesti skógur landsins en hann liggur meðfram Lagarfljóti að austanverðu. Atlavík er innarlega í skóginum en við hana er vinsælt tjaldsvæði. Allt svæðið er ferðafólki mjög aðgengilegt.

## Borgarfjörður eystri

# Lúxusgönguferðir með öllu í sumar

Borgarfjörður eystri hefur notið aukinna vinsælda síðustu ár bæði meðal Íslendinga og erlendra ferðamanna en margir sækja í lundann en ekki síður friðsældina og fegurð staðarins. Ferðaskrifstofan Travel East Iceland býður í sumar upp á lúxus gönguferðir á Borgarfirði eystra í samstarfi við Ferðapjónustuna Álþeima.

„Við bjóðum 3ja og 5 daga gönguferðapakka í sumar en þá er gestum boðið að dvelja á góðu hóteli Álþeima og síðan er farið í dagsferðir um svæðið,“ segir Arngrímur Viðar Ásgeirsson sem skipuleggur ferðirnar með þarfir ferðapyrstra Íslendinga í huga. „Það er mikil eftirspurn og fólk er þakklátt að fá ferð með öllu á réttu verði. Við erum með um þrjátíu brottfarir frá 20. júní fram í miðjan ágúst,“ segir hann enn fremur.

### Gengið um Víknaslóðir

Arngrímur Viðar segir að dagsferðirnar séu um Víknaslóðir en það er þekkt göngusvæði frá Héraðsflóa til Seyðisfjarðar. „Við einbeitum okkur að norðurhlutanum með Stóruð, Stapavík, Brúnavík, Breiðavík og Dimmadal undir Dyrfjöllum en af nógu er að taka og sveigjanleikinn mikill þegar dvalið er á sama næturstað allan tímann. Við veljum því göngu dagsins af þessum ferðum og nýtum þekkingu heimamanna sem sjá um leiðsögn á veðurfari og náttúru til að fá sem mest út úr deginum. Gönguleiðirnar eru allar greiðfærar og eru um 12-18 km langar.“

### Bætt þjónusta eystra

Borgarfjörður eystri hefur bætt verulega í þjónustu og aðbúnað á síðustu árum og má þar nefna uppbyggingu í gistingu og veitingum auk uppbyggingar við Hafnarhólma þar sem hægt er að njóta lunda í návígi. „Þá er komin góð aðstaða til að slaka á eftir göngudaga í heitum pottum og gufubaði í Musteri Spa og þá má ekki gleyma því að búið er að malbika veginn um Njarðvíkurskrifur og verið að ljúka við malbik á Vatnskarði eystra, fjallvegi Borgfirðinga.“

Þegar dvalið er á Borgarfirði eystra er að sjálfsgöðu nauðsynlegt að taka



■ Stóruð er stórfengleg náttúrusmið.



■ Ferðaskrifstofan Travel East Iceland býður í sumar upp á lúxus gönguferðir á Borgarfirði eystra.



■ Gestum er boðið að dvelja á góðu hóteli Álþeima.

líka bæjarrölt og skoða litla sjávarþorpið Bakkagerði, vitja álfanna í Álfaborg, kíkja á Kjarval í kirkjunni og sækja Álfakaffi heim. „Þá eru fjórir veitingastaðir í þorpinu og vonandi verður lífandi tónlist þar að finna þegar líður á sumarið,“ segir Arngrímur að lokum.

alfheimar.com  
traveleast.is  
ferdasumar.is  
borgarfjordureystri.is



# Fljótandi laugar í falletgri austfirskri náttúru



Vök Baths við Urriðavatn  
5 km norður frá Egilsstöðum



[www.vok-baths.is](http://www.vok-baths.is)





■ Franski spítalinn á Fáskrúðsfirði.



■ Frönsku sjómennirnir lifðu ekki alltaf sældarlífi í sjósókn sinni hér við land.

## Frönsku húsin og frönsku sjómennirnir

Í tengibyggingu Franska spítalans og Læknishússins á Fáskrúðsfirði er eitt af merkari söfnum landsins en það segir frá Frökkum á Íslandsmiðum um aldamótin 1900. Lifandi nærmynd er brugðid upp af lífi sjómanna um borð í frönsku skútunum sem sóttu Íslandsmið og skynjar áhorfandinn glöggt aðstæður þeirra og daglegt líf. Þá veitir safnið einnig glögga innsýn í starfsemi

Franska spítalans á Fáskrúðsfirði og starfsemi hans upp úr aldamótunum 1900. Líf sjómanna á Íslandsmiðum var hreint enginn dans á rósum enda týndu margir þeirra lífi í baráttunni við stórveður á íslensku fiskimiðunum. Auk þess sem hægt er að fræðast á fjölbreyttan hátt um frönsku sjómennina eru Frönsku húsin sjálf kafla útaf fyrir sig. Minjavernd lauk endurgerð

þeirra árið 2014 en auk Læknishússins og franska Spítalans eru Sjúkraskýlið, Litla kapellan og Líkhúsið. Endurgerð þessara húsa er víðamesta verkefni sem Minjavernd hefur ráðist í utan höfuðborgarsvæðisins.

.....  
[fjardabyggd.is](http://fjardabyggd.is)  
.....



■ Alls eru 34 egg í útilistaverkinu í Gleðivík á Djúpavogi. Hér er egg skúmsins í forgrunni.



■ Lómurinn á stærsta eggid, enda einkennisfugl svæðisins.

## Eggin í Gleðivík

Við höfnina á Djúpavogi er útilistaverkið „Eggin í Gleðivík“ en það var vígt árið 2009. Um er að ræða 34 fuglseggi sem eru eftirmyndir íslenskra varpfugla á svæðinu og þannig geta þeir sem skoða listaverkið séð hversu skemmtileg fjölbreytni er í formi eggjanna en

hugmyndin að baki verkinu er sótt í fjölskrúðugt fuglalíf á svæðinu. Höfundur listaverksins er sá þjóðþekkti listamaður Sigurður Guðmundsson.

Eitt eggid er áberandi stærra en önnur en það er egg lómsins sem er einkennisfugl svæðisins. Eggjin standa

hvert um sig á steyptum stöpli og er merkt við hvert og eitt um hvaða fuglategund er að ræða.

.....  
[djupivogur.is](http://djupivogur.is)  
.....



**BÍLALEIGA  
AKUREYRAR**  
— Höldur —

**Europcar**



*Hafðu bílamálin einföld og þægileg.*

# LANGTÍMALEIGA

Langtímaleiga er hagkvæmur kostur í bílamálum. Leigutími er frá 3 að 36 mánuðum. Innifalið er tryggingar, bifreiðagjöld, reglubundnar þjónustuskoðanir, smurþjónusta og dekkjaskipti. Fjármagnsbinding er engin og endursöluáhætta heyrir sögunni til.



Afgreiðslustaðir um land allt

Aðalnúmer 461 6000

[www.langtimaleiga.is](http://www.langtimaleiga.is)



■ Friðlandið að Fjallabaki var friðlýst 1979. Þar er að finna óvenjulegar jarðminjar á heimsmælikvarða og einstaka náttúru-  
fegurð.

## Laugavegurinn og Friðland að Fjallabaki

„Snemma varð ljóst að í Friðlandinu að Fjallabaki væru fólgin ein mestu náttúrauðæfi Íslands. Allt ber þar að sama brunni, einstök jarðsaga, óvenjulegar jarðminjar á heimsmælikvarða, hraðfara landmótun og einstök náttúrufegurð kallar á verndun,“ segir Ólafur Örn Haraldsson, forseti Ferðafélags Íslands. Hann er höfundur árbókar Ferðafélags Íslands 2010 um Friðland að Fjallabaki og vinnur nú að ritun árbókar FÍ 2021 um Laugavegin og nærumhverfi hans

„Gildi svæðisins er einnig mikið vegna þess hve lítt raskað það er þrátt fyrir mannanna umsvif í ferðamennsku, útivist og sauðfjárbreit. Friðlandið að Fjallabaki var friðlýst 1979 og segja má að hert hafi verið á vernduninni með niðurstöðu sem fram kom í ramma-áætlun um nýtingu og vernd svæða,“ segir Ólafur.

Gönguleiðin um Laugavegin frá Landmannalaugum til Þórsmerkur liggur um afar margbreytilegt svæði sem í meginatriðum nær frá Markarfljóti

í vestri og að Mýrdalsjökli í austri. Skipta má þessari stóru landspildu í þrennt og eru þeir hlutar gerólikir að allri gerð í jarðminjum, landmótun og ásjúnd. Uppgönguhryggur er langur og litríkur og teygir sig upp um 400 metra frá Jökulgili til Skalla. Í smalamennsku var fé rekið áður fyrr upp hrygginn og þaðan til Landmannalauga. Nú er því ekið á vögnum niður Jökulgil.

„Þessir ólíku hlutar eru meðal þess sem gerir göngu um Laugavegin svo áhugaverða og fjölbreytilega. Nyrsti hlutinn er innan Torfajökulsöskjunnar, annar hlutinn er jökulmótaða svæðið frá Álftavatni fram til Fremri Emstruár og sá þriðji er Þórsmerkursvæðið og norður af því.“

fi.is







INSPIRED BY YOU.

MORE  SUSTAINABLE

**THE ORIGINAL**  
MULTIFUNCTIONAL HEADWEAR  
MADE FROM  
2 RECYCLED BOTTLES



BUFF® is a registered trademark property of Original Buff, S.A. (Spain)

BUFF® FÆST Í ÖLLUM BETRI ÚTIVISTARVERSLUNUM LANDSINS

## Árborg í alfaraleið



■ Gaman er að ganga um strandlengjuna við Eyrarbakka og Stokkseyri.



■ Knarraóssviti við Stokkseyri er 26 m hár, fallegur og rammbbyggður.

Sveitarfélagið Árborg er í alfaraleið en það varð til við samruna Selfoss, Eyrarbakka, Stokkseyrar og Sandvíkurhrepps árið 1998. Þeir ferðamenn sem vilja njóta alls þess sem Árborg hefur upp á að bjóða í sumar ættu að byrja á því að kíkja við á upplýsingamiðstöðinni í bókasafninu við Austurveg 2 og fá þar upplýsingar og ráðgjöf. Við getum líka bent á nokkra góða möguleika til að njóta dvalarinnar á Árborgarsvæðinu.



■ Byggðasafn Árnesinga er í hinu sögufræga Húsi á Eyrarbakka.



■ Gnótt góðra veitingastaða er að finna í byggðakjörnum Árborgar.

### Söfn, sund, snæðingur

Í Árborg er að finna spennandi söfn við flestra hæfi. Byggðasafn Árnesinga og Konubókastofa á Eyrarbakka verða opin í sumar fyrir gesti og þar er auðvelt að gleyma sér dagstund, njóta þess liðna og fletta góðum bókum. Á Stokkseyri er hægt að skoða Veiðisafnið og heim-sækja Draugasetrið eða skella sér á kayak um vatnasvæðin vestan Stokkseyrar og út á sjó. Þá er upplagt að taka hús á BrimRóti sem er vinnustofa og menningarhús nokkurra frumkvöðla með mismunandi verkefni.

Selfyssingar bjóða upp á alhliða sundlaug með rennibrautum og heitum pottum og á Stokkseyri er að finna litla sveitalaug þar sem ferðalangurinn getur fengið kaffibolla út í heita pottinn. Þá má einnig finna fjölmarga góða veitingastaði í byggðakjörnum þremur þar sem ýmist er boðið upp á framandi rétti eða klassískan íslenskan mat úr gæðahráefni sunnlenskra bænda og sjávarfangi.



■ Tilvalið er að skella sér í sund í frábærri sundlaug á Selfossi.

### Fuglar og friðsældin ein

Fyrir þá sem vilja njóta útivistar eru möguleikarnir óteljandi í Árborg. Sérstaklega má nefna strandlengjuna við Eyrarbakka og Stokkseyri og fjörustíginn milli þorpanna en þar er skemmtilegt að ganga meðfram sjóvarnargarðinum. Þá má minna á Knarrarósvita við Stokkseyri sem verður

opinn fyrir gesti alla virka daga frá 15. júní til 7. ágúst milli kl. 13 og 17. Vitinn býður upp á óborganlegt útsýni. Loks er ferðalöngum bent á að fara í Hellisskóg sem er í útjaðri Selfoss þar sem hægt er að ganga með fjölskylduna meðfram Ölfusá og í skóginum. Þar ríkir friðsældin ein.





## Sundhöll Selfoss

Tryggvagata 15, Selfossi  
Sími: 480 1960

### OPNUNARTÍMI:

Virka daga frá 06:30 til 21:30  
Helgar 09:00 til 19:00

# Komdu í sund á Selfossi og á Stokkseyri



**Tilboð**  
handklæði,  
sundföt  
og sund  
1.700 kr.

## Gjaldskrá

### Fullorðnir (18–66 ára)

Stakt skipti: 1.030 kr.  
10 skipta kort: 4.200 kr.  
30 skipta kort: 8.500 kr.  
Árskort: 30.000 kr.

**FRÍTT** fyrir öll börn að 10 ára  
aldri (miðast við 1. júní)

### Börn (10–18 ára)

Stakt skipti: 160 kr.\*  
10 skipti: 1.200 kr.  
30 skipti: 3.400 kr.

\*Börn búsett í Árborg fá gefins árskort.



## Sundlaug Stokkseyran

Stjörnusteinum 1a, Stokkseyri  
Sími: 480 3260

### OPNUNARTÍMI:

Vetraropnun: miðjan ágúst–31. maí  
Mánudaga–föstudaga 16:30 til 20:30  
Laugardaga 10:00 til 15:00  
Sunnudaga lokað

Sumaropnun: 1. júní–miðjan ágúst  
Mánudaga–föstudaga 13:00 til 21:00  
Laugardaga–sunnudaga 10:00 til 17:00

67 ára og eldri búsettir í Árborg fá frían aðgang.  
200 kr. fyrir 67 ára og eldri búsettir utan Árborgar.  
Öryrkjar fá frían aðgang en verða að framvísa korti.

## Sagan við hvert fótímal í Odda

Þegar ekinn er þjóðvegurinn um Suðurland er upplagt að renna í hlað á Odda á Rangárvöllum, einum sögufrægasta stað á landinu. Þar er víðsýnt um Suðurland frá Gammabrekku og sagan við hvert fótímal. Í eigu Oddakirkju er silfurkaleikur sem talinn er vera frá árinu 1300, altaríafla frá árinu 1895 sem sýnir Krist í grasagarðinum Gestemane og skírnarfontur sem er útskorinn og málaður af Ámunda snikkara Jónssyni.

Á Odda bjuggu forðum Oddaverjar, ein merkasta ætt þjóðveldisaldar og má telja frægastan þeirra Sæmund fróða Sigfússon (1056–1133), sem var lærðasti maður á landinu um sína daga, og sonarsonur hans, Jón Loftsson (1124–1197), voldugasti höfðingi á Íslandi. Hjá Jóni ólst upp Snorri Sturluson (1178–1241), sagnaritari og lögsögumaður, sem telja má frægasta Íslending fyrir og síðar.

Einn af frægari klerkum sem setið hafa Odda er sr. Matthías Jochumsson



■ Oddi á Rangárvöllum er á miðju Suðurlandi og víðsýnt af Gammabrekku. Þar hefur verið kirkja allt frá kristnitöku.

en hann orti kvæðið Á Gammabrekku.

Upphafserindin eru svona:

*Eg geng á Gammabrekku  
er glóa vallartár  
og dimma Ægisdrekku  
mér duna Rangársjár.*

*En salur Guðs sig sveigir  
svo signir landsins hring,  
svo hrifin sál mín segir:  
Hér setur Drottinn þing.*

SKÓGASAFN  
Skógar Museum



Skógasafn er eitt elsta safn landsins. Þar er að finna byggðasafn, húsasafn og samgöngu- og tækniminjasafn með fjölbreyttar sýningar á um 2.500 m<sup>2</sup>.



*Í Samgöngusafninu er rakin saga samgangna og tækniþróunar á Íslandi á 19. og 20. öld.*

Opið allt árið (nema 24. des) frá kl. 10–17.

sími 487 8845    [www.skogasafn.is](http://www.skogasafn.is)    Safnavegur 1, 861 Skógar





- Gestir sýningarinnar fá ríka tilfinningu í myndefni og hljóðleiðsögn fyrir þeim ógnaratburði sem kraftmikið eldgos á Heimaey var á sínum tíma.

## Einstök upplifun í Eldheimum

Gosminjasýningin Eldheimar í Vestmannaeyjum lýsir á áhrifamikinn hátt sögu Vestmannaeyjagossins árið 1973 og afleiðingum þess. Nær allir íbúar Vestmannaeyja yfirgáfu heimili sín í upphafi gossins en það stóð í fimm mánuði og eyðilagði þriðjung byggðarinnar í Eyjum. Meðan gosið stóð yfir var mikil óvissa um það hvort nokkurn tímann yrði aftur mannabyggð á eyjunni. Þetta var heimsviðburður á sínum tíma og til Íslands flykkust fréttamenn og vísindamenn úr öllum heimshornum.

### Sérhönnuð bygging

Sýningarhús Eldheima er byggt yfir húsið við Gerðisbraut númer 10 sem hvarf undir ösku á sínum tíma en var grafið upp og er í raun miðpunktur sýningarinnar. Því er mikil upplifun fyrir gesti að sjá hvernig umhorfs er í húsi

sem grófst í ösku í þessum atburði sem markaði djúp spor í sögu Vestmannaeyja. Gestir safnsins fá hljóðleiðsögn um sýninguna og reynt er á þann hátt að gera upplifun þeirra sem raunverulegasta og að þeir hafi á tilfinningunni að þeir séu staddir á vettvangi atburðanna fyrir rúmum 50 árum.

### Sérstök sýning um Surtsey

Auk gosminjasýningarinnar er í Eldheimum sýning um Surtseyjargosið árið 1963 en það sóð yfir í tæplega 4 ár. Surtsey er á heimsminjaskrá UNESCO og lokað náttúruverndarsvæði sem gerir vísindamönnum heimsins kleift að fylgjast með því hvernig nýtt líf og vistkerfi verður til.

Opíð er í Eldheimum alla daga kl. 11-17.

.....  
[eldheimar.is](http://eldheimar.is)  
.....



- Sýningarhús Eldheima er sérhannað hús yfir það sem eftir er af einbýlishúsi við Gerðisbraut 10 en það fór undir ösku í Heimaeyjargosinu en var grafið upp.

## Brot af því besta á Suðurlandi

### Flóaáveitan

Flóaáveitan eru skurðir sem liggja um gjörvallan Flóa eða allt frá Ölfusá í vestri að Þjórsá í austri. Þetta stórvirki síns tíma samanstóð af 300 km löngum skurðum sem að mestu voru handgrafnir og 900 km af flóðvarnargörðum.

### Hverasvæðið í Hveragerði

Hverasvæðið í Hveragerði er í miðjum kaupstaðnum og er það eitt af merkilegri náttúruperlum Suðurlands. Á staðnum er móttaka fyrir ferðamenn í skála sem er við Hveramörk, austast á hverasvæðinu.

### Núpsstaðarskógar

Núpsstaðarskógar eru í landi Núpsstaðar en hann er austasti bærin í Skaftárhreppi og stendur við Lómagnúp. Á Núpsstað standa einkar merkileg gömul bæjarhús sem talin eru dæmigerð fyrir bæi á Íslandi á síðustu öldum.

### Dímon, Stóri- og Litli

Dímon, Stóri- og Litli eru á Markarfljótsaurum. Stóri-Dímon er stórt, grasi gróið fell (178 m y.s.) í mynni Markarfljótsdals, að mestu úr móbergi. Koma saman í því mörk Austur-Landeyja, Fljótshlíðar og Vestur-Eyjafjalla.

### Eldfjall á Heimaey

Eldfjall á Heimaey, skammt fyrir austan Helgafell, er um 200 m á hæð. Eldfell myndaðist í gosinu er hófst 23. janúar 1973 en það stóð til 26. júní sama ár. Talið er að heildarmagn gosefna hafi verið um 250 millj. m<sup>3</sup>.

### Bláhnúkur

Bláhnúkur er líparít fjall (943 m y.s.) við Landmannalaugar. Bláhnúkur er litfagur, venjulega með fannarblesu. Talið er að hann hafi orðið til við gos undir jökli.

## Náttúruundrið Jökulsárlón



■ Jökulsárlón hefur verið hluti af Vatnajökulspjóðgarði frá árinu 2017.



■ Norðurljósín leiftra yfir Jökulsárlóni.

Eitt þekktasta náttúruvætti landsins er án efa Jökulsárlón á Breiðamerkursandi en þar er stórfenglegt um að litast. Lónið liggur á milli þjóðgarðsins í Skaftafelli og Hafnar í Hornafirði. Þar ættum við öll að koma við og gefa okkur tíma til að njóta sjónarspils náttúrunnar sem erlendir ferðamenn flykkjast að úr öllum heimshornum – nema kannski í sumar.

Á lóninu sem Vatnajökull gengur út í, fljóta gríðarstórir ísjakar um en umhverfið markast annars af svörtum söndum og grjóti. Í lóninu gætir flóðs og fjöru og er það því blanda af sjó og ferskvatni. Það leiðir til þess að æti gengur inn í lónið sem selir og æðafuglar sækjast í og setur það skemmtilegan svip á svæðið. Lónið er feikidjúpt, a.m.k. 190 m.

Það er ógleymanlegt að sigla með bátunum um lónið og virða fyrir sér litaskipti íssins og ótrúlegar höggmyndir náttúrunnar. Þar er rekin bátaútgerð fyrir ferðamenn og þar er einnig lítið veitingahús. Áætlunarbíreiðar hafa viðkomu við lónið á hverjum degi á sumrin. Jökulsárlón hefur verið hluti af Vatnajökulspjóðgarði frá árinu 2017.

## Velkomin í ELDHEIMA nýja gosminjasafnið í Vestmannaeyjum




[www.eldheimar.is](http://www.eldheimar.is) - [eldheimar@vestmannaeyjar.is](mailto:eldheimar@vestmannaeyjar.is) - Sími 488 2000



# UPPSVEITIR ÁRNESSÝSLU

Fjölbreytt afþreying fyrir alla fjölskylduna



- Flúðir
- Laugarvatn
- Reykholt
- Borg

- Sólheimar
- Laugarás
- Brautarholt
- Árnes

- Þingvellir
- Geysir
- Gullfoss
- Þjórsárdalur



Bláskógabyggð



Hrunamannahreppur



Grímsnes- og  
Grafningshreppur



Skeiða- og  
Gnúpverjahreppur



■ Gamla laugin á Flúðum. Á Flúðum og í nágrenni getur öll fjölskyldan skemmt sér saman og margir afþreyingarmöguleikar í boði.

## Uppsveitir Árnassýslu hafa upp á margt að bjóða!

Uppsveitir Árnassýslu eru án efa fjölsóttasta ferðamannasvæði landsins en þar er að finna fjölmarga sögustaði og náttúruperlur. Allir þekktja höfuðdjásnin Þingvelli, Gullfoss og Geysi en að auki geyma uppsveitirnar ótrúlega fjölbreytta afþreyingarkosti, bæði fyrir þá sem renna í gegn á einum degi eða dvelja til lengri tíma.

Gistmöguleikar í Uppsveitunum eru af öllum gerðum; tjaldsvæði, farfuglaheimili, bændagisting, gistiheimili, sumarhús, hótél og fjallaskálar. Flestir áningarstaðir bjóða upp á heita potta. Fjölbreyttir veitingastaðir bjóða gestum upp á matvæli úr heimabyggð eftir því

sem við verður komið enda eru uppsveitirnar mikil matarkista.

### Margvísleg afþreying

Í Uppsveitum Árnassýslu eru fjölmargar sundlaugar og golfvellar. Það er hægt að leigja sér hesta og fara á hestasýningar, skella sér í veiði eða á fjórhjól, skoða hella, fara á snjósleða eða í flúðasiglingar. Þetta svæði er kjörlendi göngugarpa og einnig má finna dýragarð, litboltavöll, adrenalíngarð, gallerý, söfn og sýningar. Gestir og gangandi velja svo hvort þeir vilja hvíld í kyrrð og ró, fróðleik, spennu eða sitt lítið af hverju. Skemmtileg lítil þorp og byggðakjarnar eru víða: Flúðir, Laugarvatn, Reykholt, Laugarás, Árnes, Brautarholt, Borg og Sólheimar. Þar er fjölbreytt þjónusta í boði og einnig í sveitunum í kring og margt hægt að gera.

### Einstök náttúra

Náttúra Uppsveitanna er rómuð og þar má nefna hinn einstaka Þjórsárdal með Hjálparfossi, Þjórsárdalsskógi, Þjóðveldisbæ á Stöng, Háafossi og fleiri



■ Börnin skemmta sér vel í Uppsveitunum. Þar eru dýragarðar, hestaleigur, gróðurhús, sveitabæir, sundlaugar og fótbolta- og golfvellar svo fátt eitt sé nefnt.

landsfrægum náttúruperlum. Þá má ekki má gleyma hliðunum að hálendi Sprengisands og hinum vinsæla Kjalvegi þar sem hægt er að aka til Hveravalla og upplifa fjölbreytta útivistarmöguleika og áningarstaði.

sveitir.is







## LYKTAREYÐANDI NIÐURBROTSEFNI Í FERÐASALERNI



### BIO-PAK - Tropical og Fresh Scent

Inniheldur öfluga náttúrulega ensímblöndu sem vinnur á úrgangi og pappír á 24 klst og skiptir þá engu hvaða gerð pappírs er. Hentar mjög vel þar sem þarf að tæma ferðasalernið á hverjum degi. BIO-PAK veitir hratt niðurbrot og góða lyktareyðingu.

BIO-PAK Tropical Vörunúmer: BIOTROPBG

BIO-PAK Fresh Scent Vörunúmer: BIOPFBG



### PORTA-PAK - Lavender og Fresh Scent

Inniheldur einstaka efnablöndu sem vinnur á úrgangi og pappír á 3-4 dögum og hefur einstaklega mikla og góða virkni í lyktareyðingu. Hentar vel þar sem ekki þarf að tæma ferðasalernið á hverjum degi.

PORTA-PAK Lavender Vörunúmer: PPRV10LAV

PORTA-PAK Fresh Scent Vörunúmer: PPRV10



### BIO-ACTIVE - Tropical og Fresh

Inniheldur næringarefni fyrir bakteríur ásamt ensímum til að fjarlægja ólykt. Brýtur hratt og vel niður úrgang og klósettpappír. Smyr ventla og heldur skynjarafbúnað hreinum. Hentar fyrir húsbíla, rútur, báta, skip, safntanka og rotþrær. BIO-ACTIVE er vistvænt efni.

BIO-ACTIVE 4,9L Vörunúmer: BAHT168

BIO-ACTIVE 1,8L Vörunúmer: BAHT40

## Merkt safn að Skógum

Skógasafn er eitt elsta byggðasafn landsins og safnkosturinn samanstendur af meira en 18 þúsund munum, að mestu frá Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu. Skógasafn skiptist í raun í þrjú söfn: byggðasafn, húsasafn og samgöngusafn og þar er full ástæða til að staldra við á leið um landið og skoða allt það áhugaverða sem þar er að finna.

### 70 ára safn

„Já, þetta er rötgróð safn en það fagnaði 70 ára afmæli á síðasta ári en það var fyrst opnað almenningi árið 1949. Skógasafn er m.a. þekkt fyrir Þórð Tómasson sem hér var safnvörður til fjölda ára en hann var sannkallaður frumkvöðull og hvatamaður að stofnun safnsins á sínum tíma. Við minntumst 70 ára afmælisins í fyrra með veglegri afmælishátíð þar sem sett var upp sérstök sýning um sögu safnsins sem enn er opin. Í sumar bjóðum við alla velkomna til okkar, fjölskyldur fá afslátt og boðið verður upp á ratleik fyrir börnin og ýmislegt fleira. Við bjóðum alla velkomna á Skógasafn,“ segir Andri Guðmundsson forstöðumaður í samtali.

### Byggðasafn og sunnlensk byggingararfleifð

Byggðasafnið er elsti hluti safnsins og sýningarhúsnæðið er á þremur hæðum. Þar má finna sjósóknardeild, landbúnaðardeild, náttúrugripadeild, vefnað, forn handrit og bækur, þar á meðal eintak af Guðbrandsbiblíu frá 1584 ásamt munum frá Víkingaöld.

Í húsasafninu má finna góða fulltrúa fyrir húsagerð fyrir á öldum. Á neðri hluta sýningarsvæðisins setur torfbærinn mikinn svip á sýningarsvæðið en þar eru saman komin fjós, skemma, baðstofa, hlóðaeldhús, búr og stofa. Á efri hluta svæðisins er að finna skóla-byggingu sem er dæmigerð fyrir sveitaskóla í upphafi 20. aldar. Einnig er þar að finna Skógakirkju, sem var vígð árið 1998 og fjósbaðstofu ásamt skemmu. Efst er íbúðarhús frá Holti á Síðu sem var fyrsta timburhús í Vestur-Skaftafellssýslu, byggt að öllu úr rekavið árið 1878.



- Torfbærinn mikinn svip á sýningarsvæðið en þar eru saman komin fjós, skemma, baðstofa, hlóðaeldhús, búr og stofa.



- Íbúðarhúsið frá Holti á Síðu var fyrsta timburhús í Vestur-Skaftafellssýslu, byggt að öllu úr rekavið árið 1878.



### Fróðlegt samgöngusafn

Í Samgöngusafninu er rakin saga samgangna og tækniþróunar á Íslandi á 19. og 20. öld. Þar má meðal annars kynnst þróun samgangna frá hestum til bíla, sögu símans á Íslandi, upphafi rafmagnsnotkunar ásamt póstsamgöngum fyrir á tímum. Þar eru einnig til sýnis bílar frá upphafi bílaaldar, vegminjar frá Vegagerðinni, fjarskiptasafn Sigurðar Harðarsonar og sýning Landsbjargar um björgunarsveitirnar í




- Áttæringurinn Pétursey er meðal merkustu gripa safnsins.

landinu ásamt mörgu öðru. Í Samgöngusafninu er einnig minjagripaverslun og kaffitería.

Nánari upplýsingar um safnið má finna á [www.skogasafn.is/is](http://www.skogasafn.is/is) og við erum dugleg að miðla frá okkur efni á samfélagsmiðlum, bæði á facebook og instagram.





Heiðmörk 38  
810 Hveragerði  
Sími 483 4800  
flora@floragardyrkjustod.is  
www.floragardyrkjustod.is



## GRÓÐURINN Í GARÐINN

fáið þið hjá okkur:

-  Sumarblóm
-  Tré og runnar
-  Matjurtaplöntur
-  Rósir
-  Fjölær blóm
-  Skógarplöntur



## Íþróttamiðstöðin Hvolsvelli

Vetraropnun (1. okt - 30. apr)  
Mánudaga - föstudaga kl. 06:00 - 21:00  
Laugardaga - sunnudaga kl. 10:00 - 15:00

Sumaropnun (1. maí - 30. sept)  
Mánudaga - föstudaga kl. 06:00 - 21:00  
Laugardaga - sunnudaga kl. 10:00 - 19:00

Íþróttamiðstöðin Hvolsvelli  
Vallarbraut 16  
s. 488-4295





■ Olga Ingrid Heiðarsdóttir í Ullarkistunni. Fyrirtækið býður frábæran hlýjan ullarfatnað í ferðalagið. „Merino ullin heldur bæði hita og temprar. Hún hentar því bæði þegar kalt er í veðri og líka þegar það er hlýtt. Við mælum sérstaklega með Merino léttullinni sem er þunn og dásamleg að vera í.“

## Merino ull í misjöfnu veðri

„Það má segja að verslunin hafi breyst talsvert á síðustu tveimur mánuðum vegna veirunnar sem hefur verið að angra okkur en þá jókst vefverslunin okkar verulega. Við mætum aukinni eftispurn í gegnum vefinn með því m.a. að bjóða fólki að fá vörurnar heim til sín og hér á á höfuðborgarsvæðinu eru þær yfirleitt komnar í hendur kaupenda daginn eftir. Ég held að aukin vefverslun sé komin til að vera,“ segir Olga Ingrid Heiðarsdóttir hjá Ullarkistunni sem rekur tvær verslanir í Reykjavík og eina á Akureyri.

### Léttull frá Janus

Þeir sem ferðast um landið okkar Ísland vita að veður geta verið misjöfn frá degi til dags og jafnvel frá klukkustund til klukkustundar. Við þær aðstæður er mikilvægt að vera í léttum nærfatnaði sem hvorki er of heitt að vera í né of

kalt. „Við höfum alla tíð lagt áherslu á vandaðan og hlýjan fatnað og vil ég sérstaklega nefna norska Janus fatnaðinn sem er framleiddur úr merino ull sem hefur einstaka eiginleika og er í senn hlý, mjúk, létt og þornar hratt. Og svo er hún afar endingargóð. Við bjóðum núna nýja línu frá þeim sem er unnin úr léttri Merinoull en hún er einstaklega þunn og það er allveg dásamlegt að vera í slíkum fatnaði við margbreytilegar aðstæður sem íslensk veðrátta býður gjarnan upp á. Ég vona svo sannarlega að sem flestir Íslendingar ferðist um landið sitt í sumar. Ég vil sérstaklega hvetja þá til að vera með hlý og notaleg ullarföt í farangrinum. Það getur nefnilega verið búsna svalt á kvöldin á íslensku sumri.“

### Föt fyrir fullorðna og börn

Ullarkistan selur einnig merkið Safa en

þar er fjölmargt í boði fyrir allan aldur og kyn, t.d. sokkar og sokkabuxur fyrir dömur og bolir, ullarbuxur og sokkar fyrir herrana. Í fatalínunum frá Janus er auk ullarfatnaðar hægt að fá alls kyns aukahluti, t.d. sokka, kraga, eyrnabönd, húfur, hanska, fingravettlinga og þannig mætti telja. Janus er einnig með mikið úrval af dúnmjúkum ullarfatnaði fyrir þau allra minnstu, t.d. samfellur og heilgalla.

Verslanir Ullarkistunnar í Reykjavík eru á Laugavegi 25 og í Skeifunni 3b þar sem eru næg bílastæði. Á Akureyri er Ullarkistan til húsa á Glerártorginu. Og svo má ekki gleyma netversluninni sem verður sífellt vinsælli.

.....  
[ullarkistan.is](http://ullarkistan.is)  
 .....





# Fuji Jari 2,3 Gravel Malarhjól



Nú ferðumst við um náttúru Íslands og **Fuji Jari 2,3** er traustur og hagkvæmur kostur í því verkefni.

**Fuji Jari 2,3** malarhjól er fjölhæfur hjólhestur fyrir allar aðstæður, svo sem malarvegi, fjallvegi og malbik.

Styrkur **Jari** býður upp á nær ótakmarkaðan farangur í ferðalagið.

# HVELLUR

Hvellur - G. Tómasson ehf. • Smiðjuvegi 30, rauð gata  
200 Kópavogi • Sími 577 6400  
hvellur@hvellur.com • hvellur.com

## Brimketill – einstakt náttúruundur við Grindvík

Brimketill er laug í sjávarborðinu vestast í Staðarbergi stutt frá Grindavík. Brimketill og katlarnir í nágrenni hans urðu til vegna stöðugs núnings brims við hraunklettana. Þar hefur ytra álag smátt og smátt mótað bolla og katla í basalhraunið.

Í nágrenni Brimketils má sjá þann kraft sem býr í Norður-Atlantshafinu. Aldan vinnur á föstu berginu með því að þrýsta þétt saman lofti í rifum og sprungum. Við útsogið dregur sjórin loftið með sér. Þá verður til undirþrýstingur. Þessi ferill brýtur bergið smám saman. Við bætist svo rof vegna bergbrota sem aldan skellir á sjávar-



■ Brimketill er í hrauni sem rann í Reykjaneseldum á árunum 1210-1240.

kletta og laust grjót, og auk þess frostveðrun þegar vatn í glufum þenst út við að harðna, og jafnvel sandblástur.

Það skal undirstrikað að ekkert öryggisefntil er á svæðinu og gestir

þar á eigin ábyrgð. Fólki er eindregið ráðlagt að fara ekki í sjóinn en öldurnar eru miklar og sterkir straumar úti fyrir.

## Hvalsneskirkja – djásn úr tilhöggnum steini

Kirkjan á Hvalsnesi er ein af fáum steinhlöðnum kirkjum á Íslandi, en hún var byggð á árunum 1886-1887 af Katli útvegsbónda Ketilssyni í Kotvogi. Kirkjan er byggð úr tilhöggnum steini og var grjótið sótt í klappir í nágrenninu. Allir stórviðir hússins eru úr fjörunum í nágrenninu, m.a. súlurnar

Hvalsneskirkja á margt góðra gripa. Einn merkasti gripur kirkjunnar er legsteinn yfir Steinunni Hallgrímsdóttur sem dó á fjórða ári (1649). Hún var dóttir Hallgríms Péturssonar (1614-1674) mesta sálmaskálds Íslendinga sem þjónaði þá sem prestur í Hvalsnes-sókn. Eiginkona hans var Guðríður Símonardóttir. Hallgrímur Pétursson þjónaði á Hvalsnesi fyrstu prestskaparár sín 1644-1651. Hella þessi var lengi týnd en fannst 1964 þar sem hún hafði verið notuð í stéttina framan við kirkjuna.

Altaristafla Hvalsneskirkju er eftir Sigurð Guðmundsson málara frá árinu 1867 og þar er og afsteypa af höggmynd Einars Jónssonar um Hallgrím Pétursson.



■ Hvalsneskirkja, vígð 1887, er á vestanverðu Reykjanesi. Kirkjan er friðuð.



# Bláa Lónið – heimsþekkt heilsulind



■ Bláa Lónið er fyrir löngu einn þekktasti áningarstaður ferðamanna á Íslandi.

Í Bláa Lóninu á Reykjanesi er jarðsjór sem að tveimur þriðju hlutum er saltvatn og einum þriðja hluta ferskvatn. Jarðsjórinn er ríkur af steinefnum, kísli og þörungum og því finnur fólk, sem baðar sig þar, strax fyrir jákvæðum áhrifum á húð og hár. Þar fyrir utan er unaðslegt að dvelja um stund í þessari heimsþekktu heilsulind.

Baðstaðurinn sjálfur er um 8.700 fermetrar og í lóninu eru um 9 milljónir lítrar af jarðsjó. Lónið er 37-39 gráðu heitt og er sírennsli í því þannig að vatnið endurnýjar sig á um það bil 40 klukkustunda fresti. Árlega hefur um ein milljón ferðamanna sótt Bláa Lónið heim og er staðurinn fyrir löngu orðinn

fjölsóttasti ferðamannastaður landsins.

Bláa Lónið var stofnað árið 1992 og síðan þá hefur markvisst verið unnið að því að byggja þar upp heilsu- og lækningalind jafnframt þróun heilsvara. Í Bláa Lóninu er einnig veitingaþjónusta, aðstaða til funda- og ráðstefnuhalds og fyrsta flokks hótélginging.

[visitreykjanes.is](http://visitreykjanes.is)  
[blaaloniid.is](http://blaaloniid.is)

## Brot af því besta á Reykjanesi

### Almenningur

Almenningur er hraunspilda sem hefur runnið úr Hrótagjárdyngju fyrir um 7.000 árum. Er dyngjan nyrst í Móhálsadalnum sem er dalur milli Sveifluháls og Núpshlíðarháls.

### Básendar

Básendar eru fornt úræði og verslunarstaður sunnan við Stafnes. Þar var löngum ein af höfnum einokunarverslunarinnar og náði verslunarsvæðið yfir Hafnir, Stafnes og Miðnes. Básendar eyðilögðust í ofsalegu sjávarflóði, aðfararnótt 9. janúar 1799.

### Eldborg

Eldborg er langstærstur fimm gíga sem liggja í gossprungu í hlíðum Geitafells, oft kallaður Stóra-Eldborg. Hægt er að ganga upp að Stóru-Eldborg, sem margir telja fegursta gíg Suðvesturlands, og þaðan niður í Litlu-Eldborg þar sem hægt er að sjá ofan í gígin.

### Kálfatjörn

Kálfatjörn er bær, kirkjustaður og áður prestsetur á Vatnsleysuströnd. Á Kálfatjörn var kirkja helguð Pétri postula í kaþólskum sið. Núverandi kirkja var reist árið 1892-1893 og vígð 11. júní 1893.

### Selatangar

Selatangar er gömul verstöð miðja vegu milli Grindavíkur og Krýsuvíkur. Útræði lagðist niður á Selatöngum eftir 1880. Allmiklir verbúðarústir eru þar og víða hefur verið hlaðið fyrir hraunhella sem vermenn höfðu til ýmissa nytja. Minjar þar eru friðlýstar.

### Sogin

Sogin er fallett háhitasvæði sunnan við Trölladyngju og Grænudyngju. Svæðið er allt ummyndað af jarðhita og gefur hlíðunum sem eru myndaðar af Sogaselslæknum fjölbreytta litaskrúð.

## Rokksafnið rokkar!

Í Reykjanesbæ er að finna einstakt rokk safn sem er auðvitað við hæfi vegna þess að þar er vagma rokkmenningarinnar á Íslandi. Á safninu er að finna tímalínu um sögu íslenskrar tónlistar á Íslandi allt frá árinu 1830 til dagsins í dag.

Margt áhugaverða muna er að finna á rokk safninu, t.d. trommusettt Gunnars Jökuls Hákonarsonar sem var m.a. notað á meistaraverkinu Lifun með Trúbrot, kjól sem Emilíana Torrini klæddist í myndbandinu Jungle Drum, tréskúlpúr af reggí-hljómsveitinni Hjálmmum, lúðrasveitarjakka sem Stuðmenn klæddust í myndinni Með allt á hreinu, kjól af Elly Vilhjálms, fót af Rúnari Júlíussyni, jakkafót af Herberti Guðmundssyni og hljóðnema sem Megas söng í á tveimur plötum.

Í rokk safninu er lítill kvikmyndasalur þar sem sýndar eru úmsar heimildarmyndir um íslenska tónlist og hljóðbúr þar sem gestir geta prófað rafmagns-



■ Margt áhugaverða muna er að finna í Rokksafni Íslands í Reykjanesbæ.

trommusettt, gítar, bassa og sungið í sérhönnuðum söngklefa. Þá geta gestir skoðað sögu tónlistarmanna á gagnvirkum plötuspilurum sem voru

sérstaklega framleiddir fyrir Rokksafn Íslands.

## Gunnhver á Reykjanestá



■ Gunnhver er í raun svæði nokkurra leir- og gufuhvera, nefnt eftir grimmi fordæðu sem reið hún húsum og fældi fénað.

Jarðhitasvæðið við Reykjanesvita er afar spennandi að heimsækja og nú orðið mjög aðgengilegt ferðafólki. Svæðið, sem samanstendur af mörgum hverum er kennt við Gunnhver sem er víðfrægur úr þjóðsögum.

Til að komast að svæðinu er ekið eftir afleggjara sem liggur frá veginum að Reykjanesvita og er hann merktur

með skilti sem á stendur Gunnhver. Hverasvæðið sjálft er aðeins um einn ferkílómetri að flatarmáli og nær aðeins yfir hluta af háhitasvæðinu. Á hverasvæðinu eru margir leir- og gufuhverir og gufu leggur um allt svæðið. Fallegar útfellingar eftir brennistein er að finna á svæðinu og er litadýrð þess mikil.

Sjálfur Gunnhver dregur nafn sitt af

Guðrúnu nokkurri sem var grimmi fordæða sem gekk aftur og „lék menn grátt, reið húsum og fældi fénað“. Menn undu þessu illa og fengu til liðs við sig galdraklerkinn sr. Eirík Magnússon í Vogsósom, (1638-1716) og tókst honum að koma draugnum fyrir með því að senda hann í hverinn með klækjabrögðum.



# UPPLIFÐU NÝ ÆVINTÝRI Á REYKJANESI



reykjanesgeopark.is — visitreykjanes.is





■ Í Kvíkunni er frábær sýning um sögu sjómennsku og saltfiskverkunar á Íslandi.

## Kvikan í Grindavík

# Tvær sýningar og Guðbergsstofa

Kvikan er menningarhús Grindvíkinga en hún húsir jafnframt Saltfisksetur Íslands og Guðbergsstofu. Þar er rekin fjölbreytt og afar skemmtileg menningarstarfsemi sem vert er að kynna sér. Kvikan er við Hafnargötu 12a í Grindavík og er hún opin alla daga kl. 10-17. Upplýsingamiðstöð ferðamanna í Grindavík er í Kvíkunni og veitir hún almennar upplýsingar fyrir ferðamenn.

Tvær sýningar eru í Kvíkunni og

öllum gestum opnar. Sýningunni Jarðorku er ætlað að fræða gesti um undirstöðuatriði íslenskrar jarðsögu og jarðfræði, skýra á einfaldan hátt eðli jarðhita, eldvirkni og jarðskjálfta. Sýningin Saltfisksetrið er ljóslifandi saga sjómennsku og saltfiskverkunar á Íslandi. Þar fléttast saman í saga verkalýðsins, þróun skipa, veiða og vinnslu, frá lokum hefðbundinnar verbúðarmennsku til þessa dags. Síðast

en ekki síst skal nefna Guðbergsstofu en það er safn og sýning til heiðurs Guðbergi Bergssyni, einum virtasta rithöfundu Íslendinga en hann er fæddur og uppalinn í Grindavík. Þar er m.a. að finna allar bækur og öll verk sem gefin hafa verið út eftir rithöfundinn á Íslandi; skáldsögur, ljóða-bækur, smásögur og barnabækur.

[visitgrindavik.is](http://visitgrindavik.is)

## Tjaldsvæðið opið allt árið

Grindavíkurbær kemur ferðafólki sífellt á óvart en þetta notalega samfélag er heillandi, spennandi og skemmtilegur áfangastaður fyrir fjölskylduna í sumarfríinu. Grindavík er tilvalinn áningarstaður fyrir þá sem hyggjast heimsækja hinar fjölmörgu náttúru-perlur Reykjaness í sumar.

Á tjaldstæðinu í Grindavík er mjög góð aðstaða fyrir ferðamenn sem gista í



■ Grindavíkurbær er góður heim að sækja. Þar er frábær sundlaug og fyrsta flokks tjaldsvæði.

tjöldum, fellihúsum, húsbílum og hjólhúsum. Tveir leikvellir eru þar fyrir börnin, grillaðstaða, rafmagn og aðstaða til að losa ferðasalerni húsbíllanna. Í glæsilegu þjónustuhúsi er aðstaða til eldunar, sturtur, þvottahúsi

og aðgangur að interneti. Tjaldsvæðið varformlega opnað árið 2009 en síðan hafa átt sér stað stöðugar endurbætur til að auka á ánægju gesta.


[camping@grindavik.is](mailto:camping@grindavik.is)





# Eitt af 25 undrum veraldar

Jarðsjór Bláa Lónsins á sér engan líkan í heiminum. Hann sprettur af 2.000 metra dýpi úr iðrum jarðar þar sem sjór og ferskvatn síast saman í jarðlögin. Jarðhiti veldur efnahvörfum sem gerir jarðsjóinn ríkan af steinefnum, kísli og þörungum sem veitir grunninn að lækningamætti lónsins. **Upplifðu undrið.**



**BLUE LAGOON**  
ICELAND

[bluelagoon.is](http://bluelagoon.is)

## Húsatóftavöllur – nítjándi holan endapunkturinn

Hún reyndi fyrir sér í golfi á Húsatóftavelli í Staðarhverfi í Grindavík þegar hún var fimmtán ára. Vindhögginn urðu fleiri en aldursárin svo hún sagði við félagana að hún skyldi sjá um að draga kerruna og gefa þeim að éta. Hún dregur reyndar ekki kerruna mörgum árum síðar, en nú sér hún um veitingarnar á holi 19 eða matarholunni, sem ansi margir kunna að meta. Hún heitir Halla Kristín Sveinsdóttir og býður upp á bakkelsi, heimilismat og sannkallaðan veislumat af matseðli.

„Fyrsta árið sem ég var hérna með veitingarnar var grenjandi rigning allt sumarið 2018. Það var ekki gott ár og fékk mig varla til að gera þetta ekki aftur. Þegar sumarið var búið sagði ég við sjálfa mig að fyrst þetta hefði verið svona slæmt ár, hlyti það næsta að verða alveg geggjað, og það varð það. Það voru ekki einu sinni laun fyrsta árið, en það síðasta gekk betur og árið í ár virðist ætla að verða fínt,“ segir Halla.

### Æðislegir dagar

„Veðrið er reyndar bæði búið að vera gott og slæmt í vor. En fólk fer meira á völlinn í roki og rigningu en áður. Það er svo mikið af kylfingum, sem annars væru að spila erlendis, sem eru að koma hingað. Svo er ungt fólk að ganga í klúbbinn, meðal annars í kjölfar nýliðatilboðs, sem hefur skilað góðri aðsókn. Þegar opnað var á Sumardaginn fyrsta var völlurinn opin í tíu

daga áður en ég mátti opna veitingasöluna. Þá var uppantað í alla rástíma og þar græddum við líka á því að völlurinn hér er tilbúinn mánuði á undan völlum á höfuðborgarsvæðinu. Það hefur svo verið upp og ofan síðan.

Nú eru búnir að vera æðislegir dagar og kosturinn við að koma hingað er sá að það eru færri meðlimir í klúbbnum hér en innfrá, þannig að það eru fleiri utan klúbbsins sem komast að til að spila. Fólk kemur líka mikið til að fá sér að borða og heimamenn eru yndislegir. Þeir hafa tekið mjög vel á móti mér og það er sama fólk sem kemur oft í viku til að fá sér að borða og svo er fólk að koma á rúntinn til að fá sér kaffi og kökur og njóta þessa frábæra útsýnis sem er hér. Þetta er vinsæll golfvöllur og þar hjálpar til vinaklúbbasamningar, þar sem fólk getur farið á milli valla og borgað minna en ella.“

Tíðkast hefur að hafa málverka-sýningar í klúbbhúsinu og eru eru sýnd verk eftir Þórdísi Daníelsdóttur, myndir með hrjúfri áferð.

### Í hrauni og á sjávarbökkum

Húsatóftavöllur liggur við þjóðveginn að Reykjanesvita, vestan við Grindavík, um 7 km frá Bláa Lóninu. Völlurinn er 18 holur, fimm þeirra eru á bökkunum með sjónum, þrettán eru norðan þjóðvegarins og teygja sig skemmtilega inn í hraunið. Völlurinn er fullur



■ Halla Kristín Sveinsdóttir sér um veitingar í klúbbhúsinu á Húsatóftavelli, golfvelli Grindavíkinga.

andstæðna og þrískiptur með dæmigerðan strandvöll, gróið ræktunarland og þriðja hlutann með brautir sem hraunið umlykur. Húsatóftavöllur liggur á sprungusvæði og opnar tignarlegar gjár blasa við kylfingum á mörgum brautum efri vallarins. Hægt er að segja, að um sannkallaða náttúruperlu sé að ræða því hann stendur á plötuskilunum þar sem Evrasíuplatan og Ameríku-platan mætast í öllu sínu veldi. Völlurinn þykir frekar auðveldur á fótinn.

■ Golfvöllurinn er 18 holur og fellur skemmtilega inn í landslagið.





# Verndum náttúruna

Stólpi Gámar bjóða upp á salernishús sem hægt er að fá í mörgum stærðum, allt frá stökum gámum með einu salerni upp í stórar samsettar einingar.

Salernin koma með öllum tækjum og lögnum og því tilbúin til notkunar - aðeins þarf að tengja vatn og frárennsli.

Seljum einnig og leigjum gísteiningar og geymslugáma - sérsniðnar lausnir að þörfum viðskiptavina

stolpigamar.is



 **Stólpi Gámar**

Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði | Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík

# HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

Hresst upp á líkama og sál

## Um 20 sundlaugar á höfuðborgarsvæðinu!

Hvar sem ferðast er um Ísland er alltaf fengur að því að komast í góða sundlaug til að skola af sér ferðarykið og hressa upp á líkama og sál. Eðli málsins samkvæmt eru flestar laugar landsins á höfuðborgarsvæðinu en okkur telst til að þær séu um 20 talsins. Það er því af nógu að taka.

Í Íslandssögunni er vitað um einar 13 laugar sem notaðar voru til forna og fjórar þeirra eru enn í notkun. Frægust þeirra er Snorrklaug í Reykholti. Fyrsta steypa sundlaugin fyrir almennung á Íslandi var gerð í Laugardal í Reykjavík árið 1908 þar sem heitu vatni úr Þvottalaugunum var veitt í laugina og köldu úr Gvendarbrunnum. Á fjórða og fimmta áratug síðustu aldar fjölgar byggingu sundlauga á Íslandi mikið og þá bættust við 44 laugar fyrir almennung.



■ Að fara í sund er allra meina bót og tækifærin til þess á höfuðborgarsvæðinu er mörg.

## Tilvaldar gjafir

– og annað skart í úrvali



**Gullkistan**

Frakkastíg 10 - Sími 551 3160  
gullkistan@vortex.is - www.thjodbuningasilfur.is





■ Gerðarsafn er framsækið listasafn, hið eina hér á landi sem var stofnað til heiðurs listakonu.

## Gerðarsafn í Kópavogi

### Heill heimur fráberrar listakonu

Nú stendur yfir grunnsýning á verkum Gerðar Helgadóttur í safninu í Kópavogi sem tengist nafni hennar. Sýningin er framhald af yfirlitssýningu sem haldin var í 2018. Á sýningunni GERÐUR er sjónum beint að járnverkum Gerðar frá 6. áratugnum.

Sköpunarkraftur og tilraunastarfsemi Gerðar er leiðarstef í starfsemi Gerðarsafns sem einnig endurspeglar stöðu þess sem eina listasafn landsins stofnað til heiðurs listakonu. Gerður var fyrsti íslenski listamaðurinn til að nota járn í sinni list og var frumkvöðull þvíðrar abstraktlistar hérlendis. Í fyrstu járnverkum Gerðar notaði hún svart-lakkaðar járnþynnur sem hún mótaði í geómetrísk form sem hvelfast um rýmið. Síðar vann hún nær eingöngu verk úr hárfínum járnvírurum sem mynduðu teikningu í rýminu. Þau verk höfðu gjarnan vísanir í kosmískar eða dulspekilegar kenningar. Gerður var afkastamikill listamaður og voru verk hennar í stöðugri þróun og mótuðust af breiðu áhugasviði hennar.

Gerður Helgadóttir lést langt fyrir aldur fram aðeins 47 ára gömul. Hún átti margt ógert þótt hún hefði afrekað



■ Við hlið Gerðarsafns er Salurinn, eitt besta tónlistarhús landsins að margra mati.

að vinna sér sess sem einn helsti myndhöggvari þjóðarinnar á 20. öld. Sýningin mun standa til janúar 2024, þó með uppbroti tvisvar á ári.

gerdarsafn.is

## Brot af því besta á höfuðborgar-svæðinu

### Helgafell

Helgafell er 340 m hátt móbergsfjall skammt frá Kaldárseli suðaustan Hafnarfjarðar. Það er auðvelt upp-göngu að norðaustan og gott útsýni er af fjallinu yfir Reykjanesið norðan-vert og út á Faxafloa.

### Elliðaárdalurinn

Elliðaárdalurinn er ein helsta útivistar-perla Reykjavíkur. Þar eru merkilegir sögustaðir og friðlústar minjar. Friðsældin í dalnum er einstök og þangað er gott að koma til að hvíla sig frá skarkala borgarinnar.

### Ylströndin í Nauthólsvík

Ylströndin í Nauthólsvík var vígð sumarið 2000 og ári síðar var opnuð þjónustumiðstöð með búningasklefum, baðaðstöðu og veitingasölu. Við ákjósanlegustu aðstæður er hitastig sjávarlónsins innan grjótgardanna 18-20°C og pottarnir eru 30-35°C heitir.

### Viðey

Viðey er stærsta eyjan í Kollafirði, 1,7 km<sup>2</sup>. Hæst liggur hún á Heljarkinn, 32 m.y.s. Hún er í tveimur hlutum, sem eru tengdir með eiði. Þar eru göngu-leiðir góðar. Auðvelt er að fara út í Viðey með Viðeyjarferjunni sem hefur samastað í Klettsvör í Sundahöfn.

### Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn

Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn í Laugardal er staður þar sem ungir og aldnir geta notið lífsins. Garðurinn er vel búinn skemmtilegum leiktækjum og vaðtjörn fyrir börnin. Innan borgar-markanna finnst ekki betri staður til að kynna íslensku húsdýrunum.

### Miðborg Reykjavíkur

Miðborg Reykjavíkur iðar af lífi, ekki síst yfir sumartímann. Þar er gnótt veitingastaða, menningarhúsa og verslana. Göngugötturnar er skemmtilegt að stíka innan um erlendu ferðamennina sem vonandi fara að flykkjast til okkar á ný.

## Smáforrit um útilistaverk í Reykjavík

Fyrir þá sem hafa gaman að flækjast um borgina í sumar er upplagt að kynna sér allar stytturnar og útilistaverkin sem eru um það bil tvö hundruð talsins í höfuðborginni. Listasafn Reykjavíkur hefur látið gera smáforrit (app) um þau verk sem eru í borgarlandinu.

Í appinu má á einfaldan og skemmtilegan hátt fræðast um öll útilistaverk sem Listasafn Reykjavíkur hefur umsjón með ásamt fleiri verkum, hlusta á hljóðleiðsagnir og fara í skemmtilega leiki. Forritinu má hlaða niður endur-



■ Sólfarið við Sæbraut er óður til sólarinnar og felur í sér fyrirheit um ónumið land, von, leit, framþróun og frelsi. Verkið er eftir Jón Gunnar Árnason.



### GLJÚFRASTEINN

*Hús skáldsins*

[www.gljufasteinn.is](http://www.gljufasteinn.is)

#### Gljúfrasteinn býður gesti velkomna í allt sumar

- Leiðsögn um húsið
- Sýning í móttöku um Innansveitarkroniku
- Safnbúð – Bækur, minjagripir og fleira
- Gönguleiðir í nágrenninu

Opið alla daga í sumar frá kl. 10.00-17.00.

Frekari upplýsingar á: [www.gljufasteinn.is](http://www.gljufasteinn.is)

[www.instagram.com/gljufasteinn/](https://www.instagram.com/gljufasteinn/)  
[www.facebook.com/gljufasteinn](https://www.facebook.com/gljufasteinn)  
#gljufasteinn #Laxness



Pósthólf 250 / 270 Mosfellsbær / Sími 586 8066 / [gljufasteinn@gljufasteinn.is](mailto:gljufasteinn@gljufasteinn.is) / [www.gljufasteinn.is](http://www.gljufasteinn.is)



■ Stytta af Ingólfi Arnarsyni landnámsmanni á Arnarhóli í Reykjavík er eftir Einar Jónsson myndhöggvara. Hún var afhjúpuð þann 24. febrúar 1924.

gjaldslaust í snjalltæki, bæði fyrir iOS og Android stýrikerfi og er það bæði á íslensku (Útilistaverk í Reykjavík) og ensku (Reykjavík Art Walk). Forritið hentar bæði fyrir börn og fullorðna. Þar er að finna myndir, texta, hljóðleiðsagnir og leiki. Smáforritið býður upp á fræðslu og sögur á bak við hvert og eitt verk.







Borgarsögusafn  
Reykjavíkur

Eitt

Árbæjarsafn

Safn

Landnámsýningin

á fimm

Ljósmyndasafn Reykjavíkur

frábærum

Sjóminjasafnið í Reykjavík

stöðum

Viðey

Borgarsögusafn Reykjavíkur,  
spennandi ferðalag í gegnum  
sögu og menningu.

[www.borgarsogusafn.is](http://www.borgarsogusafn.is)

Komdu heim í Hafnarfjörð

## 100 sumarlegar hafnfirskar hugmyndir



■ Hafnarfjörður er einstakur bær með heillandi hafnarsvæði og lifandi miðbæ.

Hafnarfjörður er fallegur bær frá náttúrunnar hendi og vinsæll meðal íslenskra ferðamanna. Í þessum þróttmikla bæ á jaðri höfuðborgarsvæðisins búa nú um 30.000 manns og fer íbúunum fjölgandi. Hafnarfjörð er gott heim að sækja; fjölbreytt verslun og þjónusta, vinalegir veitingastaðir, kósí kaffihús, gallerí og vinnustofur með íslenskri hönnun og handverki, söfn og einstök náttúra í göngufjarlægð. Bæjarandinn er heimilislegur, fólkið vinalegt og fjölbreytta afþreyingu að finna fyrir allan aldur.

### Lifandi miðbær

Miðbærinn í Hafnarfirði er lifandi og skemmtilegur og hafnarsvæðið sérstaklega heillandi. Það er áhugavert fyrir gesti og gangandi að fylgjast með smærri og stærri bátum, dorga í höfninni eða ganga eftir Strandstígnum og dást að útsýninu út Fjörðinn. Sagan er við hvert fótímál og henni má meðal annars kynnast með því að kíkja á sögusýningu sem staðsett er á Strandstígnum. Söfnin í Hafnarfirði eru spennandi og aðgangur ókeypis. Á rölti um fallegan miðbæinn er t.d. tilvalið að kíkja á Byggðasafn Hafnarfjarðar en þar

voru nýlega opnaðar tvær nýjar sýningar; þemasýning um grásleppu- karla og hernámssýning. Opið er í fimm húsum Byggðasafnsins yfir sumarið. Hafnarborg, menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar er eitt framsæknasta listasafn landsins og þar eru ávallt glæsilegar sýningar í gangi. Og fyrir þá sem vantar góða bók að lesa þá er upplagt að kíkja í Bókasafn Hafnarfjarðar.

### Komdu út að leika!

Í sumar er boðið upp á menningar- og heilsugöngur um Hafnarfjörð og nágrenni með leiðsögn alla fimmtudaga kl. 20. Flestar göngur taka um klukkustund, þátttaka er ókeypis og allir velkomnir. Allt umhverfis Hafnarfjörð er falleg náttúra og aðgengileg útivistarsvæði. Víðistaðatún er fjölbreytt útivistarparadís með tjaldsvæði fyrir gesti Hafnarfjarðar, útilistaverkefnum, frísbíggólfi og leiktækjum fyrir börnin. Fyrir þá sem vilja leggja land undir fót er aldeilis tilvalið að skella sér í fjallgöngu á Helgafellið, vaða í Hvaleyrarvatni, fara í lauterferð í Hellisgerði eða upplifunarferð í Seltún og Krýsvík. Þrjár sundlaugar eru í Hafnarfirði og búa þær allar yfir sínum sérkennum og sjarma. Ókeypis aðgangur er í laugarnar fyrir 17 ára og yngri.

.....  
[hafnarfjordur.is](http://hafnarfjordur.is)  
.....



■ Heilsuálfurinn Hafnarfjörður býður upp á ókeypis menningargöngur alla fimmtudaga í sumar.



■ Á Strandstígnum hefur verið sett upp sýningin Hafnarfjörður á hernámssárunum 1940-1945.



# HUNDRAÐ HUGMYNDIR


## að sumarlegri afþreyingu í Hafnarfirði

- 1. Heimsækja Byggðasafnið
- 2. Fá lánaða bók á Bókasafninu
- 3. Skrifa smásögu
- 4. Spila tölvuleik
- 5. Búa til sumarlagalista
- 6. Senda póstkort
- 7. Fara út að leika í rigningu
- 8. Leika skák
- 9. Leysa krossgátu
- 10. Læra fimm setningar á öðru tungumáli
- 11. Poppa poppkorn yfir eldi
- 12. Hoppa á ærslabelg
- 13. Fara í bílabíó
- 14. Skrifa bréf



Ásvallalaug

- 15. Púsla
- 16. Fara í froðubað
- 17. Horfa aftur á gamla bíómynd
- 18. Teikna sjálfmynd
- 19. Eyða tíma með sjálfum þér
- 20. Horfa á heimildarmynd
- 21. Fara í vatnsslag
- 22. Setja saman ljósmyndabók
- 23. Fara að dorga við Flensborgarhöfn
- 24. Fara í vítaspyrnukeppni á næsta sparkvelli
- 25. Slá nokkra golfbolta
- 26. Fara í fjöruferð
- 27. Ræða við einhvern eldri um hvernig lífið var í gamla daga
- 28. Fara í lautarferð
- 29. Leita að álfum í Hellisgerði
- 30. Gefa öndunum brauð
- 31. Fara á hestbak
- 32. Fara á línuskauta
- 33. Fara í sund í Ásvallalaug
- 34. Hlaupa í gegnum garðúðara
- 35. Fara á listasýningu í Hafnarborg
- 36. Lesa bók
- 37. Þvo bílinn



Hellisgerði

- 37. Þvo bílinn
- 38. Byggja sandkastala
- 39. Grilla í garðinum
- 40. Hoppa á trampólíni
- 41. Taka þátt í Ratleik Hafnarfjarðar
- 42. Rannsaka skordýr
- 43. Leika tennis á Víðistaðatúni
- 44. Grilla við Hvaleyrarvatn
- 45. Fara í klettklifur
- 46. Fara í badminton
- 47. Kafa
- 48. Vera úti í miðnætursólinni
- 49. Dansa eins og enginn sé að horfa



Víðistaðatún

- 50. Fara að versla
- 51. Halda spa dag
- 52. Halda party
- 53. Taka þátt í keppnishlaupi
- 54. Búa til hollan hristing
- 55. Fara í kalda karið í Suðurbæjarlaug
- 56. Gera eitthvað sem þú hefur vanalega ekki tíma til
- 57. Gera einhverjum greiða
- 58. Versla minjagrip
- 59. Hafa gistinótt
- 60. Vaka alla nóttina
- 61. Fara út að ganga með hund
- 62. Fara á Víkingahátíð
- 63. Fara út að hlaupa
- 64. Teikna mynd
- 65. Engir samfélagsmiðlar í heilan dag

- 66. Grilla sykurpúða
- 67. Teiknaðu á þig tímabundið tattú
- 68. Borða ís
- 69. Halda matarboð með vinum og fjölskyldu
- 70. Fara í gufu
- 71. Gera æfingar
- 72. Taka myndir
- 73. Búa til stuttmynd
- 74. Gista á tjaldsvæðinu á Víðistaðatúni
- 75. Fara í bíltúr í Seltún í Krýsuvík
- 76. Baka heimapizzu
- 77. Fara út að borða
- 78. Mála með fingrunum
- 79. Fara á frísbíggolf á Víðistaðatúni
- 80. Fara á tónleika í Bæjarbíó
- 81. Nota sólgleraugu
- 82. Blása sápukúlur
- 83. Ganga berfætt/ur í morgundögginni
- 84. Vakna snemma
- 85. Segja Hafnarfjarðarbrandara
- 86. Gera sprellikar
- 87. Flauta lagstúf
- 88. Tína ber
- 89. Brjóta saman pappírskápa
- 90. Sippa
- 91. Skoða stjörnur
- 92. Hoppa af stökkbrettinu í Sundhöllinni
- 93. Fara í fjallgöngu á Ásfjall eða Helgafell
- 94. Fara út að hjóla



Meningargöngur

- 95. Skoða Vitinn við Vitastíg
- 96. Fara í menningar- og heilsugöngu
- 97. Hlaupa upp Flensborgartröppurnar
- 98. Nálgast ókeypis göngu um Hafnarfjörð í Wappinu
- 99. Lesa upphátt
- 100. Sofa út



## Gljúfrasteinn

# Safn og saga Laxness

Það er ávallt mikil upplifun að heim-sækja safn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini en það verður opið alla daga í sumar frá 1. júní frá klukkan 10-17. Boðið er upp á vandaða hljóð-leiðsögn um hús skáldsins þar sem gestir fá að kynna störfum Halldórs sem og heimilislífinu á Gljúfrasteini meðan Halldór og Auður Laxness eiginkona hans bjuggu þar. Gljúfrasteinn er á leiðinni til Þingvalla í Mosfellsdal í Mosfellsbæ. Um 20 mínútur tekur að aka frá Reykjavík að Gljúfrasteini.

### Gengið um skáldaslóðir

Halldór Laxness var sem kunnugt er mikill útivistarmaður og gekk mikið í nágrenni Gljúfrasteins. Þar eru enda margar fallegar gönguleiðir og algengt að gestir safnsins fái sér göngutúr á skáldaslóðum eftir skoðunarferð inni í húsinu. Það er til að mynda hægt að ganga upp með ánni Köldukvísl eða fara í lengri göngu upp á Grímannsfell, að Helgufossi eða í átt að Mosfellskirkju. Starfsfólk Gljúfrasteins getur leiðbeint



- Íslenska Nóbelskaldið var göngugarpur hinn mesti en kunnir einnig að meta fallega bíla.



- Gljúfrasteinn var heimili og vinnustaður Halldórs Laxness og fjölskyldu hans í hálföld.

fólki um gönguleiðir en einnig er hægt að nálgast göngukort í safnabúðinni.

Fyrsta sunnudag júlímánaðar hefjast stofutónleikar á Gljúfrasteini en þeir hafa verið haldnir á sunnudögum á sumrin frá árinu 2006. Miðar eru seldir í safnbúð Gljúfrasteins samdægurs og verða auglýstir á heimasíðu safnsins og Facebooksíðu þess.

### Sýning um Innansveitarkrónik

Í sumar verður sýning á Gljúfrasteini sem byggð er á Innansveitarkróniku, næstsíðustu skáldsögu Halldórs Laxness í tilefni af því að 50 ár eru liðin frá því að hún kom út. Sagan gerist í Mosfellsdal þar sem Halldór ólst upp og hann greinir þar frá atburðum sem gerðust frá 1880 og fram á fimmta áratug síðustu aldar. Sagan endurspeglar í raun sögu Íslands, allt frá hetjuskap fornaldar til þeirra tímamóta sem heimstýrjöldin síðari markaði í lífi þjóðarinnar.

gljufrasteinn.is  
Facebook og Instagram

## Vetrarsól er umboðsaðili



Sláttuvélar & sláttuorf



Snjóblásarar



Gulltryggð gæði



Sláttutraktorar

40 ár  
á Íslandi

Askalind 4 | Kópavogi | Sími 564 1864 | vetrarsol.is







■ Í Árbæjarsafni er boðið upp á fjölda sýninga og viðburða, þar sem einstökum þáttum í sögu Reykjavíkur eru gerð skil.



■ Á Sjóminjasafninu er sagan sögð út frá sjónarhóli stærsta útgerðarbæjar landsins, Reykjavíkur, með gripum og textum, myndum og leikjum.

## Borgarsögusafn Reykjavíkur

# Eitt safn á fimm frábærum stöðum

Hlutverk Borgarsögusafn er að safna, skrásetja, varðveita og rannsaka menningaminjar sem eru einkennandi fyrir menningararf borgarinnar og miðla fjölbreyttri sögu borgarinnar á forvitnilegan hátt, vekja fólk til umhugsunar, vera skapandi og skemmtilegt. Sýningarstaðir safnsins eru fimm talsins auk þess sem starfsemin er sýnileg með öðrum hætti, t.d. með sögugöngum, útgáfu og menningarmerkingum í borgarlandinu.

### Árbæjarsafn

Árbæjarsafn er útisafn sem er opið allan ársins hring. Þar er safn gamalla húsa sem flest hafa verið flutt á safnsvæðið úr miðbæ Reykjavíkur. Í safninu er boðið upp á fjölda sýninga og viðburða, þar sem einstökum þáttum í sögu Reykjavíkur eru gerð skil. Þar má nefna handverksdaga, forn bílasýningu, jólasýningu og margt fleira. Árbæjarsafn er tilvalinn staður fyrir fjölskylduna að eyða part úr degi enda nóg við að vera fyrir börn sem fullorðna.

### Landnámssýningin

Landnámssýningin byggir á skálarúst sem varðveitt er á upprunalegum stað. Efni Landnámssýningarinnar byggir á niðurstöðum fornleifarannsóknar, efnistökin eru vísindaleg og kynna nýjustu túlkanir vísinda- og fræðimanna á þessu tímabili sögunnar. Á sýningunni má einnig finna leiksvæði fyrir börn. Hljóðleiðsögn er fánleg á íslensku og ýmsum tungumálum.



■ Viðey er sögustaður og náttúruperla.

### Sjóminjasafnið í Reykjavík

Nýja grunnsýning Sjóminjasafnsins á efri hæð safnsins fjallar um fiskveiðar Íslendinga, frá því árabátarnir gömlu viku fyrir útgerð stórra skipa á síðustu áratugum 19. aldar og fram yfir aldamótin 2000. Sagan er sögð frá sjónarhóli stærsta útgerðarbæjar landsins, Reykjavíkur, með gripum og textum, myndum og leikjum. Mjalta-stúlkan er sýning á neðri hæð safnsins um neðansjávarfornleifar. Við bryggju safnsins liggur hið fræga varðskip Óðinn. Boðið er upp á þrjár leiðsagnir daglega um borð.

### Ljósmyndasafn Reykjavíkur

Safnið varðveitir um 5 milljónir ljósmynda sem teknar hafa verið af atvinnu- og áhugaljósmyndurum á tímabilinu um 1870–2002. Um 30 þúsund þeirra eru aðgengilegar á myndvef safnsins. Safnið stendur árlega

fyrir fjölbreyttum sýningum með áherslu á sögulega og samtíma ljósmyndun, í listrænu sem menningarlegu samhengi.

### Viðey

Viðey er sögustaður og náttúruperla, en eyjan var öldum saman talin ein besta bújörð landsins. Þar er að finna mannvistarleifar allt frá landnámstíð, en einnig minjar um klaustur á 13. öld. Í Viðey standa ein elstu hús landsins, Viðeyjarkirkja og Viðeyjarstofa frá tímum Skúla Magnússonar á 18. öld. Í Viðey er einnig að finna ein merkustu listaverk borgarinnar, þ.e. Áfanga Richard Serra og Friðarsúlu Yoko Ono. Á sumrin er boðið upp á reglulegar kvöldgöngur auk fjölda annarra viðburða.

*Sjá viðburðadagskrá Borgarsögusafns á vefnum borgarsogusafn.is*

# Hey Ísland – 160 gistimöguleikar í sveitinni

„Við verðum þess mjög vör að margir Íslendingar ætla að ferðast um landið sitt í sumar og við hjá Hey Ísland höfum nóg að gera við að svara fyrirspurnum fólks sem ætlar að leggja land undir fót. Í okkar kerfi eru 160 ferðapjónustuaðilar um land allt sem bjóða alla velkomna en um er að ræða aðila sem bjóða allt frá hefðbundinni sveitgistingu upp í glæsileg sveitahótel. Á öllum stöðunum býður gestanna persónulegt viðmót og góð þjónusta á hagfelldu verði.“

Þetta segja þau Berglind Viktorsdóttir gæðastjóri og Sævar Skaptason framkvæmdastjóri Hey Ísland en það er annað tveggja sölusviða Ferðapjónusta bænda ehf. og byggir á áratuga reynslu og þekkingu á ferðapjónustu á landsbyggðinni. Hitt sölusviðið nefnist Bændaferðir og býður upp á innihaldsríkar pakkaferðir með íslenskrari farastjórn um allan heim.

## Fjölbreyttir gistimöguleikar

Berglind segir að flest fyrirtækja í Hey Ísland séu fjölskyldufyrirtæki sem hafi byggt upp gæðapjónustu af miklum myndarskap. „Hjá okkur finnur þú bændagistingu, sumarbústaði, íbúðir og sveitahótel en gististaðir okkar eru staðsettir í fögru og friðsælu umhverfi sveitarinnar. Margir gististaðanna bjóða upp á veitingar þar sem í boði eru afurðir úr héraði og jafnvel frá viðkomandi býli ef tök eru á. Einnig er vaxandi afþreying í boði á hverjum stað, m.a. hestaleigur auk þess sem gestir fá ábendingar um spennandi möguleika af því tagi í nágrenninu. Þá má einnig nefna að stöðugt fjölgar þeim búlum þar sem boðið er upp á hraðhleðslu fyrir rafmagnsbíla en vaxandi eftirspurn er eftir slíkri þjónustu.“

## Íslenskur bókunarvefur – hey.is

„Hey Ísland byggir á yfir 35 ára reynslu og þekkingu á ferðapjónustu á landsbyggðinni sem gerir okkur kleift að bjóða upp á mjög fjölbreytt úrval gistingar um land allt og afþreyingu við allra hæfi í návist við náttúruna og friðsælt umhverfi sveitarinnar. Það er auðvitað að æra óstöðugan að telja upp alla okkar frábæru samstarfsaðila en auðveldast er að fara inn á nýju bókunarvefinn okkar og þreifa sig áfram



■ Golfvelli eru ósjaldan langt undan gististöðum Hey Íslands. Myndin er frá Bárarvelli við Suður Bár.




■ Á Syðra-Skörðugili í Skagafirði er boðið upp á styttri og lengri hestaferðir auk gistingar.

þar. Við höfum lagt mikinn metnað í að þróa þennan nýja vef og bindum vonir við að þeir sem hyggja á ferðlög um Ísland í sumar finni þar sitthvað við sitt hæfi,” segir Sævar ennfremur.

## Gönguappið slær í gegn

Berglind segir okkur frá samstarfi við Einar Skúlason ferðafrömuð um Wapp gönguappið. „Hey Ísland vill hvetja ferðamenn til gönguferða um landið okkar en markmið þess er að gera



■ Kyrrð og slökun í sveitinni.

náttúru Íslands aðgengilegri ferðamönnum með áherslu á upplifun, öryggi og virðingu fyrir íslenskrari náttúru og tengingu við menningu og sögu landsins. Í gönguappinu er hægt að sækja yfir 350 gönguleiðir um allt land en við Hey Ísland styður við bakið á verkefninu með því að gefa fólki tækifæri á að sækja sér um 20 gönguleiðir þangað án endurgjalds. Þetta eru fjölbreyttar gönguferðir um land allt, frá 30 mín. til 4ra tíma gönguferða og ættu allir að geta fundið gönguleiðir við hæfi,” segir Berglind að síðustu.

.....  
[hey.is](http://hey.is)  
.....







*Rúbín* - gersemi í amstri dagsins  
*kaffi*

# Velkomin til Grindavíkur!



Fjölbreytt  
afþreying  
fyrir alla  
fjölskylduna



Frábært úrval veitinga-  
staða bíða ykkar í Grindavík



Göngu- og hjólaleiðir  
við allra hæfi í  
stórbrotinni náttúru



Sundlaug og  
glæsilegt  
tjaldsvæði



Við hlökkum til að sjá ykkur!



Nánari upplýsingar á [www.grindavik.is](http://www.grindavik.is)